



Mars 2025

Landslags- og ásýndargreining

**Vegna vindorkuvers að Hróðnýjarstöðum í
Dalabyggð**

Greinargerð í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar

COWI

Landslags- og ásýndargreining

Vegna vindorkuvers að Hróðnýjarstöðum í Dalabyggð

Verknúmer

5.010.323

Skjalanúmer**Útgáfa**

0.1

0.2

Dags.

27.08.2024

06.03.2025

Lýsing

1. drög að skýrslu til yfirferðar

2. drög að skýrslu til yfirferðar

Höfundur

SIDSV

SIDSV

Yfirfarið

RUDBJ

RUDBJ

Samþykkt

RUDBJ

RUDBJ

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	9
1.1	Almennt.....	9
1.2	Hvað er landslag?	9
2	AÐFERÐAÐFRÆÐI	10
2.1	Aðferðir við greiningu landslags og ásýndar	10
2.2	Viðmið í lögum og reglugerðum.....	11
2.3	Ferli landslags- og ásýndargreiningar	12
2.3.1	Undirbúningur og afmörkun athugunarsvæðis.....	13
2.3.2	Gagnaöflun.....	13
2.3.3	Flokkun í landslagsheildir og lýsing á grunnástandi landslags og ásýndar	14
2.3.4	Viðkvæmni	15
2.3.5	Umfang breytinga.....	17
2.3.6	Áhrif.....	19
2.4	Aðferðir við mat á samlegðaráhrifum	20
3	ATHUGUNARSVÆÐIÐ OG LANDSLAG ÞESS	22
3.1	Framkvæmdasvæðið og framkvæmdapættir.....	22
3.2	Athugunarsvæði framkvæmdar	22
3.3	Grunnpættir landslags	23
3.3.1	Yfirborð lands og gróðurfar	23
3.3.2	Jarðfræði	24
3.3.3	Landform/línur og sjónrænar afmarkanir.....	25
3.3.4	Vatnafar.....	26
3.3.5	Samgöngur, byggð og önnur landnotkun.....	27
3.3.6	Útivist og ferðamennska	28
3.3.7	Verndarsvæði.....	29
3.3.8	Óbyggð víðerni.....	30
3.3.9	Sjónrænn fjölbreytileiki	30
4	GRUNNÁSTAND LANDSLAGS- OG ÁSÝNDAR.....	31
4.1	Landslagsgerðir og landslagssvæði í nágrenni framkvæmdasvæðis	31
4.2	Flokkun í landslagsheildir.....	33
4.3	Greining á sýnileika	35
4.4	Sjónrænir viðtakar, myndatökustaðir, sjónarhorn og ásýndarmyndir	44
4.5	Grunnástand landslagsheilda	46
4.5.1	Landslagsheild 1: Suðurdalur við Hvammsfjörð.....	47
4.5.2	Landslagsheild 2: Laxárdalur og nágrenni	49
4.5.3	Landslagsheild 3: Hvammssveit fyrir botni Hvammsfjarðar	51
4.5.4	Landslagsheild 4: Fellsströnd, dalir og sker	53
4.5.5	Landslagsheild 5: Skarðsströnd og Saurbær við há fjöll.....	55

4.5.6	Landslagsheild 6: Fjöll og víðerni á Klofningsnesi	56
4.5.7	Landslagsheild 7: Dalir og fjöll norðan Gilsfjarðar	58
4.5.8	Landslagsheild 8: Vesturströnd Húnaflóa með fjallendi og dölum	59
4.5.9	Landslagsheild 9: Laxárdalsheiði og víðerni	60
4.5.10	Landslagsheild 10: Hrútafjörður og Miðfjörður	62
4.5.11	Landslagsheild 11: Miðfjarðardalir	64
4.5.12	Landslagsheild 12: Holtavörðuheiði og Arnarvatnsheiði	66
4.5.13	Landslagsheild 13: Uppsveitir Borgarfjarðar	68
4.5.14	Landslagsheild 14: Fjallendi og inndalir austan Snæfellsness	69
4.5.15	Landslagsheild 15: Skógarströnd við sunnanverðan Hvammsfjörð	71
4.6	Samantekt á viðkvæmni landslagsheilda	73
4.7	Grunnástand valinna sjónarhorna	74
4.8	Samantekt á viðkvæmni sjónarhorna	89
5	MAT Á ÁHRIFUM	90
5.1	Mat á áhrifum á landslagsheildir	90
5.2	Mat á áhrifum á valin sjónarhorn	101
5.3	Mat á samlegðaráhrifum á helstu leiðir	112
5.4	Mat á áhrifum á óbyggð víðerni	115
5.5	Mat á áhrifum á myrkurgæði	120
6	SAMANTEKT ÁHRIFA	121
6.1	Samantekt áhrifa á landslagsheildir	121
6.2	Samantekt áhrifa á valin sjónarhorn	124
6.3	Samantekt samlegðaráhrifa frá helstu leiðum	126
6.4	Samantekt áhrifa á óbyggð víðerni	127
7	HEIMILDIR	129
VIÐAUKI A		130

Myndaskrá

Mynd 1.	Ferli landslags- og ásýndargreiningar.	12
Mynd 2.	Vindorkuver sem tekin eru til skoðunar í mati á samlegðaráhrifum.	21
Mynd 3.	Athugunarsvæði landslags og ásýndar vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.	22
Mynd 4.	Vistlendi innan athugunarsvæðisins.	23
Mynd 5.	Berggrunnur innan athugunarsvæðisins.	24
Mynd 6.	Hæðarlega lands innan athugunarsvæðisins.	25
Mynd 7.	Vatnafar innan athugunarsvæðisins.	26
Mynd 8.	Mannvirki, byggð og landnotkun innan athugunarsvæðisins.	27
Mynd 9.	Helstu leiðir, viðkomustaðir og áningarstaðir Vegagerðarinnar innan athugunarsvæðisins.	28
Mynd 10.	Verndarsvæði innan athugunarsvæðisins.	29
Mynd 11.	Óbyggð víðerni skv. skilgreiningu Rannsóknaseturs Háskóla Íslands frá 2021.	30
Mynd 12.	Landslagsgerðir og landslagssvæði innan athugunarsvæðisins.	31
Mynd 13.	Landslagsheildir innan athugunarsvæðisins.	34
Mynd 14.	Fræðilegur sýnileiki vindmylluspaða í hæstu stöðu (167,5 m hæð) og ásýndarmyndapunktur.	36
Mynd 15.	Fræðilegur sýnileiki vindmyllunafa (í 90 m hæð) og ásýndarmyndapunktur.	37
Mynd 16.	Fræðilegur sýnileiki vindmylluspaða í hæstu stöðu (167,5 m hæð) og óbyggð víðerni.	38
Mynd 17.	Fræðilegur sýnileiki vegna samlegðar vindorkuvera á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum m.v. vindmylluspaða í hæstu stöðu.	39
Mynd 18.	Fræðilegur sýnileiki vegna samlegðar vindorkuvera á Hróðnýjarstöðum og Garpsdal m.v. vindmylluspaða í hæstu stöðu.	40
Mynd 19.	Fræðilegur sýnileiki vegna samlegðar vindorkuvera á Hróðnýjarstöðum og Múla m.v. vindmylluspaða í hæstu stöðu.	41
Mynd 20.	Fræðilegur sýnileiki vegna samlegðar vindorkuvera á Hróðnýjarstöðum og Grjóthálsi m.v. vindmylluspaða í hæstu stöðu.	42
Mynd 21.	Fræðilegur sýnileiki vegna samlegðar vindorkuvera á Hróðnýjarstöðum, Sólheimum, Garpsdal, Múla og Grjóthálsi m.v. vindmylluspaða í hæstu stöðu.	43
Mynd 22.	Yfirlitsmynd landslagsheild 1 – Suðurdalir við Hvammsfjörð.	47
Mynd 23.	Yfirlitsmynd landslagsheild 2 – Laxárdalur og nágrenni.	49
Mynd 24.	Yfirlitsmynd landslagsheild 3 – Hvamssveit fyrir botni Hvammsfjarðar.	51
Mynd 25.	Yfirlitsmynd landslagsheild 4 – Fellsströnd, dalir og sker.	53
Mynd 26.	Yfirlitsmynd landslagsheild 5 – Skarðsströnd og Saurbær við há fjöll.	55
Mynd 27.	Yfirlitsmynd landslagsheild 6 – Fjöll og víðerni á Klofningsnesi.	56
Mynd 28.	Yfirlitsmynd landslagsheild 7 – Dalir og fjöll norðan Gilsfjarðar.	58
Mynd 29.	Yfirlitsmynd landslagsheild 8 – Vesturströnd Húnaflóa með fjallendi og dölum.	59
Mynd 30.	Yfirlitsmynd landslagsheild 9 – Laxárdalsheiði og víðerni.	60
Mynd 31.	Yfirlitsmynd landslagsheild 10 – Hrútafjörður og Miðfjörður.	62
Mynd 32.	Yfirlitsmynd landslagsheild 11 – Miðfjarðardalir.	64
Mynd 33.	Yfirlitsmynd landslagsheild 12 – Holtavörðuheiði og Arnarvatnsheiði.	66
Mynd 34.	Yfirlitsmynd landslagsheild 13 – Uppsveitir Borgarfjarðar.	68

Mynd 35.	Yfirlitsmynd landslagsheild 14 – Fjalllendi og inndalir austan Snæfellsness.....	69
Mynd 36.	Yfirlitsmynd landslagsheild 15 – Skógarströnd við sunnanverðan Hvammsfjörð.....	71
Mynd 37.	Óbyggð víðerni innan athugunarsvæðisins og fræðilegur sýnileiki vindmylla m.v. spaða í efstu stöðu.	115

Töfluskrá

Tafla 1.	Einkennandi þættir landslags og ásýndar.....	14
Tafla 2.	Matsþættir og mælikvarðar við mat á gildi landslags og ásýndar	15
Tafla 3.	Matsþættir og mælikvarðar við mat á næmni	16
Tafla 4.	Matsþættir og mælikvarðar við mat á umfangi breytinga innan landslagsheilda.....	18
Tafla 5.	Viðmið við mat á áhrifum	19
Tafla 6.	Landslagsgerðir og landslagssvæði innan athugunarsvæðis framkvæmdar, skv. flokkun Skipulagsstofnunar	32
Tafla 7.	Landslagsheildir innan athugunarsvæðis og útbreiðsla svæða innan þeirra þar sem sýnileika gætir.....	33
Tafla 8.	Valin sjónarhorn fyrir ásýndarmyndir og ástæður fyrir vali þeirra	44
Tafla 9.	Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheilda 1 og mat á viðkvæmni	48
Tafla 10.	Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheilda 2 og mat á viðkvæmni	50
Tafla 11.	Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheilda 3 og mat á viðkvæmni	52
Tafla 12.	Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheilda 4 og mat á viðkvæmni	54
Tafla 13.	Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheilda 6 og mat á viðkvæmni	57
Tafla 14.	Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheilda 9 og mat á viðkvæmni	61
Tafla 15.	Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheilda 10 og mat á viðkvæmni	63
Tafla 16.	Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheilda 11 og mat á viðkvæmni	65
Tafla 17.	Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheilda 12 og mat á viðkvæmni	67
Tafla 18.	Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheilda 14 og mat á viðkvæmni	70
Tafla 19.	Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheilda 15 og mat á viðkvæmni	72
Tafla 20.	Samantekt á viðkvæmni þeirra landslagsheilda þar sem sýnileika gætir og sem teknar eru fyrir í greiningu	73
Tafla 21.	Greining á grunnástandi valinna sjónarhorna.....	74
Tafla 22.	Samantekt á viðkvæmni valinna sjónarhorna (gildi og næmni).....	89
Tafla 23.	Mat á áhrifum á landslagsheildir.....	90
Tafla 24.	Mat á áhrifum á valin sjónarhorn	101
Tafla 25.	Samlegðaráhrif frá helstu leiðum.....	112
Tafla 26.	Mat á áhrifum á óbyggð víðerni	115
Tafla 27.	Samantekt áhrifa á landslagsheildir.....	123
Tafla 28.	Samantekt áhrifa á valin sjónarhorn	124
Tafla 29.	Samantekt samlegðaráhrifa frá helstu leiðum	126
Tafla 30.	Samantekt áhrifa á óbyggð víðerni	127

Orðskýringar

Áningarstaður	Staður við veg þar sem vegfarendur geta staldrað við og hvílst, og þar sem umhverfi og/eða útsýni sé jafnvel þess eðlis að hægt sé að njóta þess sem fyrir augu ber.
Ásýnd	Útlit, yfirbragð, ásjóna
Ásýndarmyndir	Ljósmyndir sem sýna ásýnd lands fyrir og eftir framkvæmdir
Landlíkan	Þrívítt líkan af landi.
Landlíkanmyndir (e. wireframe)	Tvívíðar tölvugerðar svarthvítar myndir sem sýna fyrirhuguð mannvirki í möskvuðu landslagi án truflunar frá litum náttúrunnar og skyggni.
Landslagseinkenni	<i>e. landscape character</i> Greinanlegt og endurtekið mynstur landslagsþátta sem aðgreinir eina landslagsgerð eða landslagssvæði/heild frá annarri.
Landslagsgerð	<i>e. landscape character type</i> Landslag sem telst hafa lík eða einsleit einkenni eða eiginleika óháð landfræðilegri staðsetningu. Ákveðin landslagsgerð er talin hafa í meginatriðum sambærilega samsetningu landslagsþátta, svo sem landform, gróðurfar, vatnafar og landnotkun.
Landslagsgreining	<i>e. landscape character assessment</i> Ferli sem felst í því að bera kennsl á og lýsa þeim þáttum og eiginleikum sem landslagið samanstendur af. Að auki felst það í að kortleggja og flokka landslag út frá einkennum og breytileika þess. Þannig er hægt að veita yfirsýn yfir þá auðlind sem landslag er og ná fram samanburði á hvaða landslagssvæði eru á einhvern hátt frábrugðin öðrum.
Landslagsheild	<i>e. landscape character area</i> Landfræðilega afmörkuð svæði sem hafa ákveðna eiginleika eða einkenni. Hugtak sem notað er yfir slík svæði í þessu verkefni.
Landslagssvæði	<i>e. landscape character area</i> Landfræðilega afmörkuð svæði sem hafa ákveðna eiginleika eða einkenni. Hugtak sem notað er yfir slík svæði í skýrslu Skipulagsstofnunar um landslagsgerðir á landsvísu.
Landslagsþáttur	<i>e. landscape element</i> Einstakur þáttur sem myndar landslagið, t.d. vatn eða tré.
Myndatökustaður	Landfræðileg staðsetning þar sem ljósmyndir eru teknar fyrir sjónarhorn ásýndarmynda.
Óbyggð víðerni	Óbyggð víðerni eru skilgreind í náttúruverndarlögum: „Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km ² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum”.

Samlegðaráhrif	Samanlögð áhrif tveggja eða fleiri mismunandi vindorkuvera.
Sjónarhorn	Mynd sem sýnir ásýnd umhverfisins þegar horft er í tiltekna átt frá tilteknum stað.
Sjónrænir viðtakar	<i>e. visual receptors</i> Þeir hópar fólks sem hafa útsýni yfir eða sjá eitthvað í landslaginu. Sjónrænir viðtakar eru hópar fólks sem geta orðið fyrir áhrifum vegna breytinga á útsýni eða sjónrænum eiginleikum.
Sýnileiki / Fræðilegur sýnileiki	Sýnileiki er í samhengi þessa verkefnis ávallt fræðilegur sýnileiki, en þá er átt við þá staði sem útreikningar út frá landlíkani gefa til kynna að sjáist til fyrirhugaðra mannvirkja.
Sýnileikagreining	Greining á fræðilegum sýnileika fyrirhugaðra mannvirkja sem unnin er í hugbúnaði út frá hæð mannvirkjanna og þrívíðu landlíkani. Afurð sýnileikagreiningar er sýnileikaþekja sem sýnir landfræðilega þau svæði sem líklegt er að sjáist til mannvirkjanna.
Sýnileikakort	<i>e. zone of theoretical visibility, ZTV</i> Myndræn framsetning á landfræðilegri sýnileikaþekju, þ.e. greiningu á fræðilegum sýnileika fyrirhugaðra mannvirkja.
Viðkomustaður	Staður sem staldrað er við á leiðinni annað.
Vindmyllunafir	Vindmyllunafir tengja saman vindmylluspaðana og eru staðsettar framan á vélarhúsi vindmyllanna, efst á vindmylluturninum.
Vindmylluspaðar	Á hverri vindmyllu eru þrír spaðar sem ganga út frá vindmyllunöf.
Vindmylluturn	Vindmylluturn heldur uppi vélarhúsi og vindmylluspöðum.
Vindorkuver	Orkuver sem samanstendur af hópi vindmylla og umbreytir vindi í rafmagn.

1 Inngangur

1.1 Almennt

Fyrirtækið StormOrka ehf. áformar að reisa vindorkuver í landi Hróðnýjarstaða í Dalabyggð sem samanstendur af 18 vindmyllum með uppsettu heildarafla allt að 119 MW.

Að beiðni StormOrku vann COWI eftirfarandi greinargerð sem hluta af mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Gerð verður grein fyrir landslagi og áskýnd innan athugunarsvæðis sem skilgreint verður vegna framkvæmdarinnar og lagt mat á þau áhrif sem framkvæmdin kann að hafa á þessa umhverfisþætti.

1.2 Hvað er landslag?

Í Evrópska landslagssáttmálanum, sem samþykktur var af Evrópuráðinu árið 2000 og Íslendingum árið 2012, er landslag skilgreint á eftirfarandi hátt:

Landslag merkir svæði sem fólk sér og fengið hefur áskýnd og einkenni vegna samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta. (Landslag getur breyst með tíma eftir því sem áhrif náttúrunnar og mannsins breytast. Landslag myndar því ákveðna heild þar sem hvoru tveggja áhrifa mannsins og náttúrunnar gætir, en ekki sitt í hvoru lagi).¹

Í núverandi skipulagslögum er landslag skilgreint á eftirfarandi hátt:

Landslag merkir svæði sem hefur áskýnd og einkenni vegna náttúrulegs og/eða manngerðra þátta og samspils þar á milli. Landslag tekur þannig til daglegs umhverfis, umhverfis með verndargildi og umhverfis sem hefur verið raskað. Undir landslag fellur m.a. þéttbýli, dreifbýli, ósnortin víðerni, ár, vötn og hafsvæði.²

Þessar tvær skilgreiningar sýna að hægt er að skilgreina hugtakið landslag á mismunandi hátt eftir þjóðum, tungumálum og menningu. Aðkoma og áhrif mannsins hafa haft mikil áhrif á landslagið og í landslaginu mætast náttúra og menning og eru þessir þættir oft óaðskiljanlegir. Upplifun okkar á landslagi er misjöfn og upplifun er ekki alltaf tengd hinu sjónræna, heldur einnig minningum, lykt, tilfinningum og áferð. Við landslags- og áskýndargreiningu er gott að hafa ofangreint í huga til að átta sig á margbreytileika landslags.

¹ Council of Europe, 2000

² Skipulagslög nr. 123/2010

2 Aðferðafræði

2.1 Aðferðir við greiningu landslags og ásjúndar

Með landslagsgreiningu er lagt mat á sérstöðu, eiginleika og gildi nærliggjandi landslags til að geta metið hversu mikil áhrif framkvæmd getur haft á landslag og ásjúnd. Aðferðafræðin sem hér er notuð við landslagsgreiningu og mat á einkennum áhrifa á landslag og ásjúnd lands er samsett úr mismunandi aðferðum og er mótuð og staðfærð af verkfræðistofunni COWI. Við greiningu og flokkun á landslagi er að stærstum hluta stuðst við aðferðafræði Land Use Consultants (LUC) frá Bretlandi, aðferð sem kallast Landscape Character Assessment eða LCA-aðferðin³. Við mat á áhrifum á landslag og ásjúnd er stuðst við GLVIA leiðbeiningarnar (e. Guidelines for Landscape and Visual Impact Assessment)⁴. Við greiningu á landslagi er að auki stuðst við Íslenska landslagsverkefnið⁵ sem unnið var í tengslum við Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Þar er horft til aðferða sem mótaðar hafa verið til að flokka og meta íslenskt landslag út frá sjónrænum einkennum og fjölbreytni.

Í aðferðafræði GLVIA við mat á áhrifum er gerður greinarmunur á milli landslagsáhrifa og ásjúndaráhrifa, þ.e. fjallað um þessi áhrif á aðskilinn hátt. Því má segja að aðferðafræðin snúist um mat á áhrifum framkvæmdar á:

- Landslag sem auðlind (byggt á opinberum lagalegum forsendum um landslag, fegurð landslags eða öðrum gæðum sem byggjast á skynjun og gerð landslags)
- Útsýni og sjónræna þætti tengda upplifun fólks (sem verða vegna breytinga á landslagi)

Með GLVIA aðferðinni er grunnástand landslags og ásjúndar ákvarðað með því að meta viðkvæmni viðtakans (sem er viðkomandi landslag eða ásjúnd). Viðkvæmnin er metin út frá annars vegar næmni viðtakans fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til og hins vegar gildisins sem tengist viðtakanum. Meta skal umfang áhrifa á viðtakann með tilliti til stærðar hans og umfangs, landfræðilegs umfangs breytinganna sem lagðar eru til, lengdar og afturkræfni. Niðurstöður úr mati á viðkvæmni og umfangi eru teknar saman til að komast að niðurstöðu um heildaráhrif sem framkvæmdin kann að hafa á viðkomandi landslag og ásjúnd.

Þar sem um vindorkuverkefni er að ræða er einnig horft til leiðbeininga NatureScot⁶ varðandi ákvörðun á stærð athugunarsvæðis og áhrifasvæðis framkvæmdar, aðferðir við ásjúndargreiningu og framsetningu á ásjúndarmyndum.

Aðferðafræðinni verður nánar gerð skil í næstu köflum.

³ Swanwick, C. og Land Use Consultants, 2002

⁴ Landscape Institute og Institute of Environmental Management and Assessment, 2013

⁵ Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl., 2010

⁶ Scottish Natural Heritage, 2017

2.2 Viðmið í lögum og reglugerðum

Viðmið sem liggja til grundvallar við greiningu og mat á áhrifum framkvæmdar á landslag og ásjáð lands má meðal annars finna í stefnumótun stjórnvalda, lögum og reglugerðum. Þar er hægt að finna ákvæði varðandi landslag og fá vísbendingar um m.a. hvers konar landslag nýtur verndar og hefur verið skilgreint með sérstöðu á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu. Stefnur, lög og reglugerðir sem horft er til í þessu samhengi eru:

- Náttúruminjaskrá
 - Þar má finna yfirlit yfir náttúruminjar (s.s. landsvæði, náttúrumyndanir, lífverur og búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi) sem eru friðlýstar, þykir ástæða til að friðlýsa eða rétt þykir að vernda.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
 - 3. grein lýsir verndarmarkmiðum laganna fyrir landslag og víðerni:
 - varðveita skal landslag sem er sérstætt, fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis, vernda vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er.
 - standa vörð um óbyggð víðerni landsins.
 - við hönnun vega, verkjana, verksmiða og annarra mannvirkja skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.
 - 61. grein laganna skilgreinir hvers konar náttúrufyrirbæri falla undir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja og eru það eftirfarandi sem eiga við athugunarsvæðið:
 - votlendi 20.000 m² að flatarmáli eða stærri
 - stöðuvötn og tjarnir 1.000 m² að flatarmáli eða stærri
 - fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki
 - hverir og aðrar heitar uppsprettur
- Aðalskipulag þeirra sveitarfélaga sem framkvæmdin snertir
 - Þar eru skilgreind svæði fyrir vatnsvernd og hverfisvernd, frístundabyggð, helstu útivistar- og íþróttasvæði ásamt reið- og gönguleiðum.
- Landsskipulagsstefna
- Landslagssamningur Evrópu
 - Skv. samningnum telst menningar- og búsetulandslag til menningarminja.
 - Samningurinn leggur áherslu á að unnið sé að því að auka vitund um gildi og gæði landslags, m.a. með landslagsgreiningu.

2.3 Ferli landslags- og ásýndargreiningar

Landslags- og ásýndargreining fer í stórum dráttum þannig fram að svæði sem mögulega getur orðið fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar er afmarkað. Gögnum er safnað um grunnástand svæðisins og landslag þess kannað með það að markmiði að bera kennsl á og lýsa þeim eiginleikum sem landslagið samanstendur af. Út frá því er svæðið kortlagt og flokkað í einkennissvæði eða svokallaðar landslagsheildir. Viðkvæmni landslagsheildanna fyrir breytingum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar er metin út frá gildi landslagsins annars vegar og næmni þess fyrir breytingum hins vegar. Eftir það er lagt mat á umfang breytinga innan landslagsheildanna og að endingu út frá bæði viðkvæmni og umfangi fæst niðurstaða um áhrif sem fyrirhuguð framkvæmd getur mögulega haft á landslag og ásýnd. Yfirlit yfir ferli landslags- og ásýndargreiningar má sjá á eftirfarandi mynd.

Undirbúningur og afmörkun

Skilgreining á umfangi
Afmörkun athugunarsvæðis

Gagnaöflun

Heimilda- og vettvangsvinna um
grunnþætti og samsetningu landslags
*Þættir skoðaðir eins og gróðurfar, byggð og landnotkun,
ferðamennska, verndarsvæði og hæðarlega lands*

Flokkun og lýsing á grunnástandi

Flokkun athugunarsvæðis í landslagsheildir og
lýsing á grunnástandi landslags og ásýndar innan landslagsheilda
Þættir eins og kennileiti, birtingarform vatns, mannvist, yfirborðsgerð, sjónrænir þættir og útsýni/sjónlínur

Mat á viðkvæmni

Gildi

*Metið út frá þáttum í landslagi sem teljast
mikilvægir eða sérkennandi, tengdum t.d.
vernd, ferðamennsku, menningarlegu
mikilvægi og sjónrænum fjölbreytileika*

Næmni

*Metið út frá þáttum í landslagi sem gefa til
kynna næmni þess fyrir breytingum, tengdum
t.d. sérkennum, margbreytileika, sjónrænum
viðtökum og búsetumynstri*

Mat á umfangi breytinga

Lýsing á landfræðilegu umfangi framkvæmdar,
ásamt sýnileika og sjónrænni upplifun

Vægi áhrifa

Samanlagt mat á viðkvæmni og umfangi breytinga gefur vægi áhrifa

Mynd 1. Ferli landslags- og ásýndargreiningar.

2.3.1 Undirbúningur og afmörkun athugunarsvæðis

Undirbúningur felst í að skilgreina umfang verkefnisins, aðlaga aðferðafræði og afmarka athugunarsvæði fyrir landslags- og ásyndargreiningu. Afmörkun athugunarsvæðis má sjá í kafla 3.2.

2.3.2 Gagnaöflun

Landslags- og ásyndargreining hefst með gagnaöflun þar sem upplýsingum er safnað um grunnþætti og samsetningu landslags og ásyndar á athugunarsvæðinu. Helstu gögn og upplýsingar eru sett fram á kortum og í texta í kafla 3.3. Eftirfarandi gögn og upplýsingaveitur voru nýtt í þessu verkefni:

- Berggrunnskort og jarðgrunnskort Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) sem gefa upplýsingar um jarðfræðilega samsetningu lands. Gögnin má sjá í vefsíðu NÍ á: <https://jardfraedikort.ni.is/>.
- Gögn Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir vistgerðir og vistlendi, 2. útgáfa frá 2018. Gögnin veita upplýsingar um gróðurfar og yfirborð og eru aðgengileg í vefsíðu NÍ á: <https://vistgerdakort.ni.is/>.
- Landfræðileg gögn úr IS 50V gagnagrunni Landmælinga Íslands yfir mannvirki, vegi, vatnafar, raflínur o.fl. Gögnin eru fengin í gegnum wfs þjónustu LMÍ og því nýjustu gögn hverju sinni. Þau eru notuð á kort og gefa aðallega upplýsingar um staðsetningu mannvirkja, vega o.p.h.
- Hæðarlíkan Landmælinga Íslands (IslandsDEM v1.0) sem er notað á kort og gefur upplýsingar um landform og hæðarlegu lands.
- Landfræðileg gögn Ferðamálastofu (Icelandic Tourist Board) sem sjá má í vefsíðu þeirra á slóðinni: <https://geo.alta.is/fms/stadir/>. Gögnin eru að hluta til sýnd á kortum og gefa upplýsingar um áhugaverða viðkomustaði fyrir ferðamenn, þ.e. staði sem hafa aðráttarafl vegna þjónustu eða þar sem líklegt er að upplifa sérstaka eiginleika í náttúrufari eða menningu. Þar er einnig að finna upplýsingar um áningarstaði og staði á landinu sem tengjast Íslendingasögunum.
- Vefsíða Minjastofnunar Íslands sem gefur upplýsingar um staðsetningar menningarminja og finna má hér: <https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>
- Svæði á náttúruminjaskrá sem má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar og landfræðileg gögn sem sýna staðsetningar þessara svæða sem má finna í vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands á: <https://natturuminjaskra.ni.is/>.
- Svæði sem heyra undir sérstaka vernd vistkerfa og náttúruminja skv. náttúruverndarlögum sem má finna í vefsíðu NÍ á: <https://serstokvernd.ni.is/>.
- Landslagsflokkun Skipulagsstofnunar þar sem landið allt er greint og skipt í landslagsgerðir og landslagssvæði. Flokkunin gefur ákveðinn grunn fyrir flokkun athugunarsvæðisins í landslagsheildir og má finna í skýrslunni: "*Landslag á Íslandi; Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu*" frá 2020.
- Afmörkun óbyggðra víðerna sem var kortlagt af Háskóla Íslands árið 2021.
- Sérfræðiskýrslur sem unnar hafa verið í sambandi við umhverfismat verkefnisins.
- Aðalskipulag viðkomandi sveitarfélaga sem gefa upplýsingar um reið- og gönguleiðir, og einnig hverfisverndarsvæði.
- Loftmyndir og 360° götusýn á opinberum vefsíðum, svo sem map.is, GoogleMaps og ja.is.
- Upplýsingar sem söfnuðust við skoðun svæðisins vegna ákvörðunar á myndatökustöðum fyrir ásyndarmyndir, ásamt samráði við staðkunnuga vegna þeirrar vinnu. Upplýsingarnar nýtast meðal annars til að greina viðkvæma útsýnisstaði.
- Vettvangsferðir ljósmyndara og sérfræðinga til að taka ljósmyndir og leggja mat á sjónræna þætti og upplifun á landslaginu.

2.3.3 Flokkun í landslagsheildir og lýsing á grunnástandi landslags og ásjúndar

Allt athugunarsvæðið er flokkað í landslagsheildir út frá einkennandi þáttum í landslaginu, sjá kafla 4.2. Einkennandi þættir geta verið yfirborðsgerð, gróður, landnotkun og/eða hæðarlega og aðgreina eitt landsvæði frá öðru á einhvern hátt. Flokkunin á þessu stigi byggir aðeins á grunnþáttum og einkennum landslagsins en ekki gildum þess eða verðmætum.

Grunnástand landslags

Grunnástandi landslags innan hvernar landslagsheildar er lýst (sjá kafla 4.5) sem byggir á gögnum og upplýsingum sem aflað hefur verið um landslag og ásjúnd fyrir athugunarsvæðið. Þar er samsetning landslags innan viðkomandi landslagsheildar dregin fram, hvaða þættir eru áberandi eða einkennandi fyrir landslagsheildina og hvort einhverjir þættir geti gefið henni aukið vægi gagnvart öðrum landslagsheildum. Lýsingin er sett upp í töflu á eftirfarandi hátt:

Tafla 1. Einkennandi þættir landslags og ásjúndar sem eru dregnir fram í landslagsgreiningu og lýsa grunnástandi

Helstu einkenni	Þáttum í landslaginu lýst sem eru einkennandi fyrir landslagsheildina og geta aðgreint hana frá öðrum landslagsheildum, t.d. gróskumikið landbúnaðarland, víðáttu, há fjöll, þröngur dalur, votlendi o.s.frv.
Mannvist og landnotkun	Ummerki mannsins og notkun hans á landslaginu.
Yfirborð, landform og sjónrænir þættir	Yfirborði lands og sjónrænum þáttum lýst, svo sem gróðurþekju, hrjúfleika, línur, lögun lands, litur o.s.frv.
Vatn	Birtingarmynd vatns og staðsetning þess, þ.e. ár, vötn, fossar, lygnt, straumhart, í dalsbotni o.s.frv.
Útsýni/sjónlínur	Helstu útsýnisstaðir og einkennandi eða mikilvægar sjónlínur innan landslagsheildarinnar.
Kennileiti	Helstu kennileiti. Kennileiti í landslagi er mikilvægur þáttur í skynjun okkar á umhverfinu, gefur landslaginu sérkenni og hjálpar manninum að staðsetja sig og átta sig á staðhættum og/eða leiðum.

Grunnástand sjónarhorna

Grunnástandi er einnig lýst fyrir öll sjónarhorn (sjá kafla 4.7) sem valin hafa verið í mati á umhverfisáhrifum. Þar er staðsetning og afstaða myndatökustaðar skoðuð miðað við framkvæmdarsvæði, líklegir sjónrænir viðtakar greindir og núverandi ásjúnd frá sjónarhorni lýst.

2.3.4 Viðkvæmni

Viðkvæmni er metin út frá annars vegar gildi viðtakans (viðkomandi landslag eða ásynd) og hins vegar næmni viðtakans fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til. Viðkvæmni er metin fyrir bæði landslagsheildir (sjá kafla 4.5) og valin sjónarhorn (sjá kafla 4.7).

Viðkvæmni landslagsheilda

Gildi (e. value) landslagsheilda er metið út frá sérstöðu landslags og sjónrænna þátta innan heildarinnar. Landslag og ásynd lands getur haft aukið gildi sökum þess hversu sjaldgæft það er í náttúru lands eða menningu, eða á einhvern hátt táknrænt fyrir fólk. Gildi getur einnig falist í ýmsum eiginleikum landslags sem byggja upp lykileinkenni þess og kalla almennt fram jákvæða tilfinningar, svo sem gott ástand (óraskað og í góðu jafnvægi), vistfræðilega mikilvægir ferlar og skynræn gæði (þar sem sjónrænir þættir spila stórt hlutverk). Gildi hverrar landslagsheilda er metið á fimm þrepa skala, *lágt*, *miðlungs-lágt*, *miðlungs*, *miðlungs-hátt* og *hátt* og byggir matið á eftirtöldum matsþáttum og mælikvörðum (tafla 2):

Tafla 2. Matsþættir og mælikvarðar við mat á gildi landslags og ásyndar

	(1) Lágt gildi	(2)	(3) Miðlungs gildi	(4)	(5) Hátt gildi
Vernd	Landslagsheild ekki talin mikilvæg vegna verndar. Verndarákvæði fá eða engin innan heildarinnar.	↔	Landslagsheild talin miðlungs mikilvæg vegna verndar. Verndarákvæði einhver og vernd jafnvel með fleiri en einum hætti.	↔	Landslagsheild talin mikilvæg vegna verndar. Verndarákvæði umfangsmikil og vernd með fleiri en einum hætti.
Sérkenni landslags	Lítið um sjaldgæfa eiginleika landslags eða þeir ekki til staðar. Sérkenni landslags undir meðallagi. Landslagsform einsleit og lítið um kennileiti.		Sjaldgæfir eiginleikar landslags til staðar en ekkert sérstaklega áberandi. Sérkenni landslags í meðallagi. Landslagsform nokkuð sérkennandi og kennileiti til staðar.		Fágætir eiginleikar landslags til staðar og frekar áberandi. Sérkenni landslags yfir meðallagi. Landslagsform afar sérkennandi og mikilvæg kennileiti til staðar.
Útivist og ferðaþjónusta	Landslagsheild ekki mikilvæg fyrir útivist, ferðaþjónustu eða aðra afþreyingu sem tengist landslagi og upplifun af landslagi. Útivist lítið eða ekkert stunduð, útivistarsvæði fá eða engin, fáir viðkomustaðir og ferðaþjónusta lítil eða engin.	↔	Landslagsheild gegnir nokkuð mikilvægu hlutverki fyrir útivist, ferðaþjónustu eða aðra afþreyingu sem tengist landslagi og upplifun af landslagi. Útivist stunduð í einhverjum mæli, útivistarsvæði nokkuð áberandi, eitthvað um viðkomustaði og ferðaþjónusta til staðar.	↔	Landslagsheild gegnir mikilvægu hlutverki fyrir útivist, ferðaþjónustu eða aðra afþreyingu sem tengist landslagi og upplifun af landslagi. Mikil og fjölbreytt útivist stunduð, útivistarsvæði umfangsmikil, margir viðkomustaðir og ferðaþjónusta áberandi.
Menningarlegt mikilvægi	Landslagsheild ekki menningarlega mikilvæg. Fá eða engin minjasvæði og/eða söguslóðir.	↔	Landslagsheild nokkuð menningarlega mikilvæg. Einhver minjasvæði og/eða söguslóðir.	↔	Landslagsheild menningarlega mikilvæg. Mörg minjasvæði og/eða söguslóðir.
Friðsæld, einvera, villt náttúra og skilgreind víðerni	Manngerðir þættir einkenna landslagið. Óbyggt víðerni ekki til staðar skv. skilgreiningu Rannsóknarseturs Háskóla Íslands frá 2021.	↔	Nokkuð um manngerða þætti en villt náttúra einnig einkennandi. Nokkur hluti landslagsheilda flokkast sem óbyggt víðerni skv. skilgreiningu	↔	Lítið eða ekkert um manngerða þætti og villt náttúra einkennir landslagið. Stærstur hluti eða öll landslagsheild flokkast sem óbyggt víðerni skv. skilgreiningu

	(1) Lágt gildi	(2)	(3) Miðlungs gildi	(4)	(5) Hátt gildi
			Rannsóknarseturs Háskóla Íslands frá 2021.		Rannsóknarseturs Háskóla Íslands frá 2021.
Sjónrænn fjölbreytileiki	Fjölbreytileiki sjónrænna þátta metinn mjög lítil skv. aðferð sem lýst er í Viðauka A.	↔	Fjölbreytileiki sjónrænna þátta metinn miðlungs skv. aðferð sem lýst er í Viðauka A.	↔	Fjölbreytileiki sjónrænna þátta metinn mjög mikill skv. aðferð sem lýst er í kafla Viðauka A.
Skynrænr eiginleikar	Einkennandi þættir landslags hafa hlutlaus eða jafnvel neikvæð áhrif á skilningarvitin, einkum sjónræna skynjun. Landslag getur verið í lélegu ástandi, einsleitt, og/eða ekki vakið neinar sérstakar tilfinningar.		Einkennandi þættir landslags hafa nokkuð jákvæð áhrif á skilningarvitin, einkum sjónræna skynjun.		Einkennandi þættir landslags hafa jákvæð áhrif á skilningarvitin, einkum sjónræna skynjun. Landslag er í góðu ástandi, er tilkomumikið, vekur hrifningu og/eða jákvæðar tilfinningar.

Næmni (e. *susceptibility*) landslagsheildar segir til um hversu næmt landslagið og sjónrænr viðtakar er fyrir breytingum sem verða vegna tiltekinnar framkvæmdar. Meiri næmni gefur minna svigrúm til breytinga án þess að einkennandi þættir landslags eða ásýndar breytist á afgerandi hátt. Næmni landslagsheilda er metin á fimm þrepa skala líkt og gildið, *lítil*, *miðlungs-lítill*, *miðlungs*, *miðlungs-mikil* og *mikil* og byggir matið á eftirtöldum matsþáttum og mælikvörðum (tafla 3):

Tafla 3. Matsþættir og mælikvarðar við mat á næmni

	(1) Lítill næmni	(2)	(3) Miðlungs næmni	(4)	(5) Mikil næmni
Skali	Skali umhverfis innan landslagsheildar stór og því líklegt að breytingar vegna framkvæmdar verði hlutfallslega litlar í umhverfinu.	↔	Skali umhverfis innan landslagsheildar í meðallagi stór og því líklegt að breytingar vegna framkvæmdar verði í meðallagi miklar í umhverfinu.	↔	Skali umhverfis innan landslagsheildar lítill og því líklegt að breytingar vegna framkvæmdar verði hlutfallslega miklar í umhverfinu.
		↔		↔	
Margbreytileiki í landslagi	Margbreytileiki landslags lítill.	↔	Margbreytileiki landslags í meðallagi.	↔	Margbreytileiki landslags yfir meðallagi.
Búsetu-mynstur og áhrif mannsins	Rask er mikið fyrir og/eða líklegt að framkvæmd falli vel að fyrri notkun mannsins á landinu.	↔	Rask er nokkurt fyrir og/eða líklegt að framkvæmd falli miðlungs vel að fyrri notkun mannsins á landinu.	↔	Rask er lítið sem ekkert og/eða líklegt að framkvæmd falli illa að fyrri notkun mannsins á landinu. Land að mestu ósnortið og önnur mannvirki ekki til staðar.
Sjónrænr viðtakar	Framkvæmd lítið sýnileg frá stöðum sem fólk dvelur eða er á ferðinni. Staðir þar sem fólk nýtur útsýnis	↔	Framkvæmd nokkuð sýnileg frá stöðum sem fólk dvelur eða er á ferðinni. Staðir þar sem fólk nýtur útsýnis til	↔	Framkvæmd sýnileg og áberandi frá stöðum sem fólk dvelur eða er á ferðinni. Mikilvægir staðir þar sem fólk

	(1) Lítill næmni	(2)	(3) Miðlungs næmni	(4)	(5) Mikil næmni
	fáir eða ekki til staðar og líklegt að framkvæmd muni ekki skerða útsýni frá slíkum stöðum (viðkvæmum stöðum).		staðar en líklegt að framkvæmd muni lítið skerða útsýni frá slíkum stöðum (viðkvæmum stöðum).		nýtur útsýnis til staðar og líklegt að framkvæmd muni skerða útsýni frá slíkum stöðum (viðkvæmum stöðum).
Sjónarmið skynjunar	Skynjun fólks ekki næm fyrir breytingum vegna framkvæmdar. Framkvæmd nærri öðrum sýnilegum og heyranlegum ummerkjum mannlegra athafna.	↔	Skynjun fólks miðlungs næm fyrir breytingum vegna framkvæmdar. Framkvæmd nokkuð fjarri öðrum sýnilegum eða heyranlegum ummerkjum mannlegra athafna.	↔	Skynjun fólks næm fyrir breytingum vegna framkvæmdar. Framkvæmd fjarri öðrum sýnilegum eða heyranlegum ummerkjum mannlegra athafna.

Viðkvæmni sjónarhorna

Lagt er mat á gildi og næmni valinna sjónarhorna innan athugunarsvæðis framkvæmdar. Það sama gildir hér og fyrir landslagsheildir að samantögd útkoma á mati á gildi og næmni gefur til kynna hversu viðkvæmt viðkomandi sjónarhorn er fyrir breytingum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Gildi sjónarhorns er metið með því að kanna hvort það sé mikilvægt á einhvern hátt, t.d. fyrir að vera þekktur útsýnisstaður sem kemur fram á korti fyrir ferðamenn, í skipulagsgögnum, í ferðabókum eða hvort eitthvað á staðnum gefi mikilvægi til kynna, svo sem útsýnisstífa eða áningarstaður. Einnig hvort ásynd lands eða útsýni frá staðnum sé almennt líklegt til að vera mikilvægt fyrir fólk, t.d. vegna mikilfenglegs útsýnis, útsýnis yfir sérkennandi landslag, sýnar að sólarlagi eða mikilvægu kennileiti.

Næmni sjónarhorns er metið út frá næmni þeirra sjónrænu viðtaka sem eru á viðkomandi stað. Sjónrænir viðtakar eru alltaf fólk og næmni þeirra er metin með því að greina tilvist þeirra og líklegar athafnir á viðkomandi stað, þ.e. hvort líklegt sé að ásynd lands og útsýni sé mikilvægur þáttur af upplifun þeirra á umhverfinu en einnig hvort athygli eða áhugi viðtakandans sé þess eðlis að breytingar í sjónarhorni vegna framkvæmdar verði áberandi. Sjónrænir viðtakar sem taldir eru næmari fyrir breytingum á ásynd eru íbúar á heimilum sínum, fólk á stöðum þar sem ásynd lands og útsýni er mikilvægur þáttur í upplifun þeirra á viðkomandi stað, svo sem fólk í útivist, á menningartengdum stöðum, á ferðaleiðum eða á áningarstöðum.

2.3.5 Umfang breytinga

Umfang breytinga innan landslagsheilda

Umfang breytinga vegna framkvæmdar er metið innan hvernar landslagsheildar (sjá kafla 5.1) með því að rýna í hvort lykilmættir landslags eða ásyndar verði fyrir breytingum og hversu merkjanlegar þær kunna að vera. Þá er rýnt í landfræðilega útbreiðslu breytinganna, hversu miklar þær verða, hversu lengi þær kunna að vara og hvort þær séu afturkræfar.

Þessu til stuðnings eru notuð sýnileikakort (sjá kafla 4.3) sem gefa til kynna hvaðan framkvæmdaþættir sjást og fjarlægðir frá viðkvæmum stöðum í landslaginu. Þá er rýnt í hvernig framkvæmdin birtist áhorfandanum í landslaginu, þ.e. hvort framkvæmdarhluti beri við himinn, nái yfir stórt svæði, sé áberandi í landslaginu þaðan sem hann sést eða sé nálægt. Við mat á umfangi breytinga innan landslagsheilda er því bæði horft til beinna áhrifa á landslag og sjónrænnar upplifunar innan heildanna.

Umfang breytinga á sjónarhorn

Umfang breytinga vegna framkvæmdar á valin sjónarhorn er metið út frá því hvernig framkvæmd birtist þegar horft er frá tilteknu sjónarhorni, hversu mikið og á hvaða hátt framkvæmd breytir útsýninu, hversu merkjanlegar breytingarnar kunna að vera, hversu lengi þær kunna að vara og hvort

þær séu afturkræfar. Matinu til stuðnings eru útbúnar ásyndarmyndir frá völdum sjónarhornum sem sýna sjónarhornið fyrir og eftir framkvæmdir, en myndirnar má sjá í sérstöku myndahefti með umhverfismatsskýrslu.

Umfang breytinga er metið á fimm þrepa skala, *lítið*, *miðlungs-lítið*, *miðlungs*, *miðlungs-mikið* og *mikið* út frá eftirfarandi matsþáttum og mælikvörðum (tafla 4):

Tafla 4. Matsþættir og mælikvarðar við mat á umfangi breytinga innan landslagsheilda

	(1) Lítið	(2)	(3) Miðlungs	(4)	(5) Mikið
Umfang breytinga innan landslagsheilda	Umfang framkvæmdar lítið eða ekkert innan landslagsheilda, engar eða litlar breytingar á lykileinkennum og útbreiðsla áhrifa afmarkast við þröngt svæði. Framkvæmd er fjarri fjölförnum og þéttbýlum svæðum, fáir munu sjá hana og framkvæmd hefur lítil eða engin áhrif á mikilvæga útsýnisstaði.	↔	Umfang framkvæmdar þónokkuð innan landslagsheilda, nokkrar breytingar á lykileinkennum og útbreiðsla áhrifa í meðallagi. Framkvæmd sést að einhverju leyti og þónokkrir munu sjá hana en sjónræn áhrif eru á nokkuð afmörkuðu svæði. Framkvæmd hefur takmörkuð áhrif á mikilvæga útsýnisstaði.	↔	Umfang framkvæmdar mikið innan landslagsheilda, umfangsmiklar breytingar á lykileinkennum og útbreiðsla áhrifa er mikil eða mjög mikil. Framkvæmd sést frá fjölförnum og/eða þéttbýlum svæðum, hefur áhrif á mikilvæga útsýnisstaði og margir munu sjá hana.
Umfang breytinga á valin sjónarhorn	Umfang framkvæmdar lítið eða ekkert séð frá völdu sjónarhorni og engar eða litlar breytingar verða á lykileinkennum landslags og ásyndar. Framkvæmd er mjög lítið áberandi í sjónarhorni og mjög ólíklegt er að hún hafi áhrif á sjónræna viðtakendur.	↔	Umfang framkvæmdar nokkurt séð frá völdu sjónarhorni og einhverjar breytingar verða á lykileinkennum landslags og ásyndar. Framkvæmd er nokkuð áberandi í sjónarhorni og líklegt er að hún hafi áhrif á sjónræna viðtakendur.	↔	Umfang framkvæmdar mikið séð frá völdu sjónarhorni og miklar breytingar verða á lykileinkennum landslags og ásyndar. Framkvæmd er mjög áberandi í sjónarhorni og líklegt er að hún hafi talsverð áhrif á sjónræna viðtakendur.

2.3.6 Áhrif

Áhrif á landslag og ásýnd er samanlagt mat á viðkvæmni (gildi og næmni) og umfangi breytinga (útbreiðslu, skala og einkenna áhrifa, lengd og afturkræfni) og gefur einkunn á skalanum *óveruleg*, *nokkur*, *talsverð* og *veruleg* áhrif. Niðurstaða um áhrif er rökstudd af þeim sem framkvæmir matið og viðmið í matinu má sjá í töflu 5.

Tafla 5. Viðmið við mat á áhrifum

		Viðkvæmni				
		Lítill	Miðlungs-lítill	Miðlungs	Miðlungs-mikil	Mikil
Umfang breytinga	Mikið	Nokkur eða talsverð áhrif	Nokkur eða talsverð áhrif	Talsverð áhrif	Talsverð eða veruleg áhrif	Veruleg áhrif
	Miðlungs-mikið	Nokkur áhrif	Nokkur eða talsverð áhrif	Nokkur eða talsverð áhrif	Talsverð áhrif	Talsverð eða veruleg áhrif
	Miðlungs	Óveruleg eða nokkur áhrif	Nokkur áhrif	Nokkur eða talsverð áhrif	Nokkur eða talsverð áhrif	Talsverð áhrif
	Miðlungs-lítið	Óveruleg áhrif	Óveruleg eða nokkur áhrif	Nokkur áhrif	Nokkur eða talsverð áhrif	Nokkur eða talsverð áhrif
	Lítið	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg eða nokkur áhrif	Nokkur áhrif	Nokkur eða talsverð áhrif

2.4 Aðferðir við mat á samlegðaráhrifum

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa er eftirfarandi skilgreining á samlegðaráhrifum:

„Hér er hugtakið samlegðaráhrif bæði notað sem svokölluð samvirk (e. synergistic) og sammögnuð (e. cumulative) áhrif, þ.e. um áhrif mismunandi þátta framkvæmdar eða áætlunar sem hafa samanlagt tiltekin umhverfisáhrif eða sem jafnvel magnast upp yfir tiltekið tímabil. Þetta getur einnig varðað áhrif sem fleiri en ein framkvæmd eða áætlunir hafa samanlagt eða sammagnað á tiltekinn umhverfispátt eða tiltekið svæði“⁷.

Samlegðaráhrif eru metin í samræmi við leiðbeiningar NatureScot⁸ og GLVIA leiðbeiningarnar (e. Guidelines for Landscape and Visual Impact Assessment)⁹. Lagt verður mat á samlegðaráhrif á landslag og ásynd í samræmi við þessar leiðbeiningar. Vindorkuverið í landi Hróðnýjarstaða er metið með öðrum áformum um vindorkuver í nágrenninu þar sem áform hafa komist á ákveðið stig eða eru líkleg til að hafa teljanleg áhrif í mati á samlegðaráhrifum. Í þessu verkefni er ákveðið að kanna 45 km svæði umhverfis þær framkvæmdir sem teknar eru með í mati á samlegðaráhrifum.

Ef litið er til næsta nágrennis Hróðnýjarstaða eru áform um fjögur önnur vindorkuver sem komin eru nægilega langt í skipulagsferli til að vera tekin til skoðunar í mati á samlegðaráhrifum og eru þau eftirfarandi:


- Sólheimar (Qair): U.þ.b. 29 vindmyllur í um 10 km fjarlægð austur af vindorkuverinu að Hróðnýjarstöðum.
- Garpsdalur (EM Orka): U.þ.b. 21 vindmylla í um 34 km fjarlægð norður af vindorkuverinu að Hróðnýjarstöðum.
- Múli (Qair): 13-17 vindmyllur í um 33 km fjarlægð suður af vindorkuverinu að Hróðnýjarstöðum.
- Grjótháls (Hrjónur): 10-14 vindmyllur í um 43 km fjarlægð suður af vindorkuverinu að Hróðnýjarstöðum.

⁷ Skipulagsstofnun, 2005

⁸ NatureScot, 2021

⁹ Landscape Institute og Institute of Environmental Management and Assessment, 2013

Á eftirfarandi mynd má sjá ofangreinda fjóra vindorkukosti ásamt vindorkuverinu að Hróðnýjarstöðum, en þessi fimm vindorkuver eru tekin til skoðunar í mati á samlegðaráhrifum á landslag og ásýnd.



Mynd 2. Vindorkuver sem tekin eru til skoðunar í mati á samlegðaráhrifum

Samlegðaráhrif á landslag eru metin með því að meta umfang samlegðar fyrir hverja landslagsheild og þá er horft til umfangs framkvæmdanna og hvort lykilþættir landslagsins taki sérstökum breytingum vegna samlegðar vindorkuvera.

Sjónræn samlegðaráhrif eru metin út frá umfangi, gerð og viðkvæmni útsýnisstaða og viðtaka. Sjónræn áhrif vegna samlegðar tveggja eða fleiri framkvæmda geta orsakast á mismunandi hátt og við mat á samlegðaráhrifum þarf að skoða þessa mismunandi orsakapætti samlegðaráhrifa:

1. **Raðbundin áhrif**, þ.e. ef sýnileiki að tveimur eða fleirum vindorkuverum kemur fyrir þegar ferðast er á línulegri leið milli tveggja eða fleiri staða með tiltölulega stuttu millibili (áhrif á helstu leiðir eru metin í kafla 5.3).
2. **Sameiginlegir útsýnisstaðir**, þ.e. ef tvö eða fleiri vindorkuver sjást frá sama stað, en það getur annað hvort verið með því að horfa í sömu átt eða með því að snúa sér og horfa í ólíkar áttir.

3 Athugunarsvæðið og landslag þess


3.1 Framkvæmdasvæðið og framkvæmdaþættir

Jörð Hróðnýjarstaða er um 1700 ha að stærð. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er staðsett innan jarðar Hróðnýjarstaða og er um 420 ha að flatarmáli. Svæðið stendur í um 90-200 m yfir sjávarmáli.

Innan framkvæmdasvæðisins er gert ráð fyrir 18 vindmyllum á steiptum undirstöðum, kranaplönnum við hverja vindmyllu, u.þ.b. 14 km af vegum (meðtalinn aðkomuvegur frá Hróðnýjarstöðum að framkvæmdasvæðinu), tengivirki og jarðstrengjum frá vindmyllum að tengivirki. Einnig er gert ráð fyrir efnisnámum bæði innan og utan framkvæmdasvæðis.

3.2 Athugunarsvæði framkvæmdar

Athugunarsvæði fyrir landslags- og áskýndargreiningu miðar við að ná yfir það svæði sem gæti orðið fyrir beinum og sjónrænum áhrifum vegna framkvæmdar. Stærð athugunarsvæðis fyrir framkvæmd sem þessa (vindorkugarð) er skilgreint af NatureScot og er þar miðað við 45 km athugunarsvæði umhverfis vindmyllur sem eru 150 metrar eða hærri (miðað við spaða í efstu stöðu). Á eftirfarandi korti má sjá athugunarsvæði fyrir landslag og áskýnd ásamt afmörkun á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.




Mynd 3. Athugunarsvæði landslags og áskýndar vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar

3.3 Grunnþættir landslags

Hér á eftir verður gerð grein fyrir grunnþáttum landslags sem bæði liggja til grundvallar flokkunar athugunarsvæðisins í landslagsheildir og gefa upplýsingar um samsetningu og einkenni landslags og ásjúndar.

3.3.1 Yfirborð lands og gróðurfar


Framkvæmdasvæðið sjálft liggur innan jarðar Hróðnýjarstaða í um 90-200 m hæð yfir sjávarmáli. Vestanvert framkvæmdasvæðið liggur lægra í landi og einkennist mest af grónum melum og votlendi en austanvert svæðið liggur hærra í landi og einkennist meira af berum klöppum, hálfgrónum melum og votlendi í lægðum.



Mynd 4. Vistlendi innan athugunarsvæðisins. Landslagsheildir sem greindar eru seinna í þessu verkefni eru einnig sýndar til viðmiðunar.

3.3.2 Jarðfræði

Berggrunnurinn á framkvæmdasvæðinu er myndaður úr hraunlögum frá Tertíer tíma og er líklega í kringum 6-7 milljón ára gamall. Inn á milli má oft finna þunn rauðbrún setlög sem upprunalega er forn jarðvegur. Á yfirborði má því oft sjá klapparkolla og hryggi, með melum utan í þeim og jarðveg/mýrar á milli. Berggrunnurinn á athugunarsvæðinu öllu er einnig að miklu leyti margra milljón ára blágrýti með einstaka svæðum þar sem má finna yngra gosberg.¹⁰




Mynd 5. Berggrunnur innan athugunarsvæðisins. Landslagsheildir sem greindar eru seinna í þessu verkefni eru einnig sýndar til viðmiðunar.

¹⁰ Jarðfræði Íslands, vefsíða Náttúrufræðistofnunar Íslands


3.3.3 Landform/línur og sjónrænar afmarkanir

Framkvæmdasvæðið liggur fyrir miðju athugunarsvæði og er í um 90-200 m hæð yfir sjávarmáli. Landið umhverfis framkvæmdasvæðið hækkar jafnt og þétt frá sjó í Hvammsfirði og að Laxárdalsheiði og liggur framkvæmdasvæðið því vestan megin við heiðina á landi sem vísar til suðvesturs. Víðáttumikil fjalllendi má helst finna norðvestan og sunnan við framkvæmdasvæðið en víðáttumikil heiðarlönd og flatlendi austan við framkvæmdasvæðið.



Mynd 6. Hæðarlega lands innan athugunarsvæðisins. Landslagsheildir sem greindar eru seinna í þessu verkefni eru einnig sýndar til viðmiðunar.


3.3.4 Vatnafar



Mynd 7. Vatnafar innan athugunarsvæðisins. Landslagsheildir sem greindar eru seinna í þessu verkefni eru einnig sýndar til viðmiðunar.

3.3.5 Samgöngur, byggð og önnur landnotkun

Þónokkur byggð er við stendur Hvammsfjarðar og inn eftir dölum með býlum, túnnum og skógrækt, en einnig er þónokkuð um náttúrulega skóga og kjarr við mynni og fyrir botni Hvammsfjarðar. Nokkur þéttbýli og þorp eru innan athugunarsvæðisins en Búðardalur liggur næst framkvæmdasvæðinu í um 10 km fjarlægð í suðvesturátt. Háspennulína liggur þvert í gegnum framkvæmdasvæðið og tengivirki við Glerárskóga innst í Hvammsfirði.



Mynd 8. Mannvirki, byggð og landnotkun innan athugunarsvæðisins. Landslagsheildir sem greindar eru seinna í þessu verkefni eru einnig sýndar til viðmiðunar.

3.3.6 Útivist og ferðamennska


Á kortinu má sjá að þónokkuð er um áhugaverða viðkomustaði skv. gögnum Ferðamálastofu og áningarstaðir Vegagerðarinnar má einnig sjá dreifða um svæðið en aðeins tveir þeirra eru við Hvammsfjörð þar sem sést til framkvæmdarinnar.



Mynd 9. Helstu leiðir, viðkomustaðir og áningarstaðir Vegagerðarinnar innan athugunarsvæðisins. Landslagsheildir sem greindar eru seinna í þessu verkefni eru einnig sýndar til viðmiðunar.

3.3.7 Verndarsvæði

Allur Breiðafjörðurinn er friðlýstur og mikilvægt fuglasvæði. Einnig má sjá að framkvæmdasvæðið liggur á mörkum mikilvægs fuglasvæðis á Laxárdalsheiði.



Mynd 10. Verndarsvæði innan athugunarsvæðisins. Landslagsheildir sem greindar eru seinna í þessu verkefni eru einnig sýndar til viðmiðunar.


3.3.8 Óbyggð víðerni

Óbyggð víðerni eru í náttúruverndarlögum skilgreind á eftirfarandi hátt:

"Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum".¹¹

Að frumkvæði Skipulagsstofnunar og í tengslum við Rammaáætlun 3 var gefin út skýrsla árið 2017 sem setti fram tillögur að nýrri og uppfærðri aðferðafræði við kortlagningu víðerna á miðhálandi Íslands¹². Byggt á þeirri aðferðafræði var ráðist í greiningu og kortlagningu óbyggðra víðerna á landsvísi og var það vegna vinnu við Rammaáætlun 4.¹³ Þessi kortlagning er sú nýjasta sem gerð hefur verið aðgengileg sem kortagögn og má sjá á kortinu hér fyrir neðan.

Víðerni eru þáttur sem gefur landslagi og viðkomandi landslagsheild aukið gildi, sjá mat á viðkvæmni landslagsheilda í kafla 4.5. Einnig verður gert sérstakt mat á áhrifum framkvæmdar á óbyggð víðerni, sjá kafla 5.4.



Mynd 11. Óbyggð víðerni skv. skilgreiningu Rannsóknaseturs Háskóla Íslands frá 2021. Landslagsheildir sem greindar eru seinna í þessu verkefni eru einnig sýndar til viðmiðunar.

3.3.9 Sjónrænn fjölbreytileiki

Sérstök greining er gerð á sjónrænum fjölbreytileika landslags þar sem sjónrænir þættir í landslagi eru metnir svo sem skali, áferð, mynstur, línur, víðsýni og fleira. Slík greining er gerð fyrir hverja skilgreinda landslagsheild og nýtast niðurstöður sem einn þáttur inn í mat á gildi landslagsheilda. Greiningunni er nánar lýst í Viðauka A og þar eru niðurstöður einnig settar fram.

¹¹ Alþingi, 2013

¹² Þorvarður Árnason, David Ostman og Adam Hoffritz, 2017


¹³ David C. Ostman, Ole Neumann og Þorvarður Árnason, 2021

4 Grunnástand landslags- og ásyndar

4.1 Landslagsgerðir og landslagssvæði í nágrenni framkvæmdasvæðis

Skipulagsstofnun hefur gefið út heildarkortlagningu fyrir allt Ísland á landslagsgerðum og landslagssvæðum¹⁴. Þar er landið allt greint og flokkað í svæði út frá meginþáttum landslags, þ.e. meðal annars út frá landformi og landhæð, yfirborði, landnýtingu og sjónrænum eiginleikum.

Samkvæmt þessari flokkun fellur landið innan afmarkaða athugunarsvæðisins undir sex mismunandi yfirflokkum af landslagsgerðum, tíu undirflokkum af landslagsgerðum og fjórtán mismunandi landslagssvæði, sjá mynd 12 og töflu 6 hér fyrir neðan.



Mynd 12. Landslagsgerðir og landslagssvæði innan athugunarsvæðisins. Litirnir vísa í landslagsgerðir sem sýndar eru í vinstri dálki töflunnar hér fyrir neðan og númerin vísa í landslagssvæði sem sýnd eru í hægri dálki töflunnar. Landslagsheildir sem greindar eru seinna í þessu verkefni eru einnig sýndar til viðmiðunar.

¹⁴ EFLA og LUC, 2020

Tafla 6. Landslagsgerðir og landslagssvæði innan athugunarsvæðis framkvæmdar, skv. flokkun Skipulagsstofnunar

Landslagsgerðir (yfirflokkar og undirflokkar) innan athugunarsvæðis	Landslagssvæði innan athugunarsvæðis
2 Fjalllendi	
2.2 Fjallendi með inndölum	2.2.1 Fjallendi á milli Borgarfjarðar og Dala
	2.2.2 Vatnsnesfjall
3 Hásléttur	
3.4 Háheiðar	3.4.1 Arnarvatnsheiði, Tvídægra, Víðidalstunguheiði og Grímsunguheiði
4 Virk/ung eldfjallasvæði	
4.2 Ungt fjallendi með nútímahraunum	4.2.2 Snæfellsnesgosbeltið
5 Undirlendi og inndalir	
5.2 Láglandisheiðar	5.2.2 Heiðar ofan Borgarfjarðardala
5.3 Inndalir	5.3.1 Uppsveitir og inndalir Borgarfjarðar
	5.3.2 Miðfjarðardalir, Fitjárdalur og Víðidalur
6 Firðir og fjarðarheiðar	
6.3 Breiðir firðir milli hárna fjalla	6.3.2 Skarðsströnd, Gilsfjörður að Reykhólum
6.4 Innfirðir með lágheiðum	6.4.1 Hvammsfjörður
	6.4.2 Vesturströnd Húnaflóa, frá Bitrufirði að Bjarnarfirði
	6.4.4 Hrítafjörður og Miðfjörður
7 Strandsvæði	
7.1 Graslandar sléttur við strendur	7.1.2 Sunnanvert Snæfellsnes
7.3 Byggð strandlengja með inndölum	7.3.1 Norðanvert Snæfellsnes
7.6 Eyjar, drangar og sker	7.6.1 Breiðafjörður

4.2 Flokkun í landslagsheildir

Hugtakið landslagsheild hefur verið skilgreint af Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun með eftirfarandi hætti:


"Landslagsheild er landslag sem fólk upplifir að sé afmarkað af náttúrulegum (t.d. fjallahringur, fjörður) og/eða menningarlegum þáttum."

Grunnástand landslags og ásjáðar er skoðað innan 45 km athugunarsvæðis út frá framkvæmdasvæði og allt svæðið flokkað í landslagsheildir. Skipting lands í landslagsheildir byggir á greiningu á grunnþáttum landslags (sjá kafla 3.3) en einnig var flokkun Skipulagsstofnunar sem lýst er í kafla 4.1 höfð til hliðsjónar. Skiptingin hér er svipuð flokkun Skipulagsstofnunar nema ítarlegri, þ.e.a.s. landslagsheildir innan athugunarsvæðis í þessari greiningu eru fleiri en flokkun Skipulagsstofnunar gerir ráð fyrir. Skiptingin er gerð út frá sjónrænum rýmismyndunum og með hjálp grunnkorta yfir umhverfispætti. Þegar landslagsheildir eru afmarkaðar, eru mörk þeirra í raun í fæstum tilfellum mjög skörp eða greinileg. Mörkin eru engu að síður dregin upp með línu og sýnd á kortinu hér fyrir neðan.

Athugunarsvæðinu er skipt í eftirfarandi fimmtán landslagsheildir:

Tafla 7. Landslagsheildir innan athugunarsvæðis og útbreiðsla svæða innan þeirra þar sem sýnileika gætir

Númer	Heiti landslagsheildar	Útbreiðsla svæða innan heildar þar sem sýnileika gætir
01	Suðurdalur við Hvammsfjörð	Takmarkaður sýnileiki – landslagsheild tekin fyrir í greiningu
02	Laxárdalur og nágrenni	Svæði þar sem sýnileika gætir nokkuð útbreidd – landslagsheild tekin fyrir í greiningu
03	Hvammssveit fyrir botni Hvammsfjarðar	Svæði þar sem sýnileika gætir nokkuð útbreidd – landslagsheild tekin fyrir í greiningu
04	Fellsströnd, dalir og sker	Svæði þar sem sýnileika gætir nokkuð útbreidd – landslagsheild tekin fyrir í greiningu
05	Skarðsströnd og Saurbær við há fjöll	Enginn sýnileiki – landslagsheild <u>ekki</u> tekin fyrir í greiningu
06	Fjöll og víðerni á Klofninsnesi	Svæði þar sem sýnileika gætir nokkuð útbreidd – landslagsheild tekin fyrir í greiningu
07	Dalir og fjöll norðan Gilsfjarðar	Enginn sýnileiki – landslagsheild <u>ekki</u> tekin fyrir í greiningu
08	Vesturströnd Húnaflóa með fjalllendi og dölum	Enginn sýnileiki – landslagsheild <u>ekki</u> tekin fyrir í greiningu
09	Laxárdalsheiði og víðerni	Svæði þar sem sýnileika gætir nokkuð útbreidd – landslagsheild tekin fyrir í greiningu
10	Hrútafjörður og Miðfjörður	Svæði þar sem sýnileika gætir nokkuð útbreidd – landslagsheild tekin fyrir í greiningu
11	Miðfjarðardalir	Takmarkaður sýnileiki – landslagsheild tekin fyrir í greiningu
12	Holtavörðuheidi og Arnarvatnsheiði	Takmarkaður sýnileiki – landslagsheild tekin fyrir í greiningu
13	Uppsveitir Borgarfjarðar	Enginn sýnileiki – landslagsheild <u>ekki</u> tekin fyrir í greiningu
14	Fjallendi og inndalir austan Snæfellsness	Svæði þar sem sýnileika gætir nokkuð útbreidd – landslagsheild tekin fyrir í greiningu
15	Skógarströnd við sunnanverðan Hvammsfjörð	Svæði þar sem sýnileika gætir nokkuð útbreidd – landslagsheild tekin fyrir í greiningu



Mynd 13. Landslagsheildir innan athugunarsvæðisins. Framkvæmdasvæðið liggur innan tveggja landslagsheilda, landslagsheildar 2 (Laxárdalur og nágrenni) og 9 (Laxárdalsheiði og víðerni).

4.3 Greining á sýnileika

Sýnileiki í landslagi ræðst af mörgum þáttum. Til að eitthvað sé sýnilegt þá þarf það að fanga athygli okkar. Líklegasta skýringin á því að eitthvað er okkur ekki sýnilegt er að það er eitthvað annað sem fangar augað. Önnur ástæða er fjarlægð, að það sem horft er á er svo langt frá að það er annaðhvort lítið áberandi í landslaginu eða að augað getur hreinlega ekki skynjað það. Það hve vel við skynjum ákveðið fyrirbæri í landslaginu er þó einstaklingsbundið og stjórnast af okkar eigin hagsmunum og tilfinningu, sem þýðir að það sem ein manneskja getur greint og séð þarf ekki að vera eitthvað sem er sýnilegt eða áberandi fyrir aðra.

Svæði fyrirhugaðs vindorkuvers að Hróðnýjarstöðum í Dalabyggð einkennist af nokkuð flötu landi sem hallar með nokkuð jöfnum og aflíðandi halla niður að sjó í Hvammsfirði. Nokkuð mikil víðsýni er víða innan svæðisins en landslagið er nokkuð fjölbreytt og má sjá heiðar, strandlengjur, fjöll og dali. Vindmyllurnar eru há mannvirki og verða staðsettar Hvammsfjarðar megin við Laxárdalsheiði og verða því sýnilegar á stóru svæði í Hvammsfirði. Vegna stærðar vindmyllanna og hreyfingar spaðanna mun vindorkuverið verða nýtt og áberandi, jafnvel ríkjandi kennileiti í landslaginu á þessu svæði. Víðast hvar í nágrenni vindorkuversins er lítið um gróður eða byggingar sem skyggja á sýn áhorfandans. Það eru þá að langmestu leyti landslagsform, fjöll og hólar sem stýra því hvort vindorkuverið sjáist eða ekki frá viðkomandi stað.

Við greiningu á hvort, hvaðan og hversu mikið fyrirhugaðar vindmyllur munu sjást hafa verið útbúin sýnileikakort. Sýnileikakort eru myndræn framsetning á fræðilegri greiningu á sýnileika sem unnin er í hugbúnaðinum ArcGIS Pro út frá því líkani. Stuðst er við aðferðafræði sem sett er fram í leiðbeiningum NatureScot við nálgun og framsetningu sýnileikagreiningar.¹⁵

Á kortunum má sjá sýnileikaþekju með greiningu á því frá hvaða stöðum vindmyllurnar verða sýnilegar út frá eftirfarandi skiptingu:

- Litað svæði = vindmyllur sýnilegar
- Ekki litað svæði = vindmyllur ekki sýnilegar

Á kortunum má einnig sjá að hversu miklu leyti vindorkuverið mun sjást frá viðkomandi stað, þ.e. greining á hversu margar vindmyllur munu sjást, og þá út frá eftirfarandi skiptingu:


- Grænt svæði = u.þ.b. 1-6 vindmyllur sjást
- Gult svæði = u.þ.b. 7-12 vindmyllur sjást
- Rautt svæði = u.þ.b. 13-18 vindmyllur sjást

Á mynd 14 og 15 má því sjá sýnileikakort sem greina frá hvaða stöðum fræðilega sést í annars vegar vindmylluspaða Hróðnýjarstaða í hæstu stöðu (í 167,5 m hæð) og hins vegar vindmyllunafir (í 90 m hæð). Greiningin miðar við að áhorfandinn sé í 2 m hæð frá yfirborði jarðar.


Á mynd 16 má sjá sýnileikakort sem sýnir fræðilegan sýnileika (m.v. vindmylluspaða Hróðnýjarstaða í hæstu stöðu) og óbyggð víðerni innan athugunarsvæðisins.

Á myndum 17-21 má sjá sýnileikakort sem sýnir fræðilegan sýnileika vegna samlegðar vindorkuversins að Hróðnýjarstöðum með öðrum vindorkuversáformum í nágrenninu. Fjögur önnur vindorkuver eru tekin til skoðunar í mati á samlegðaráhrifum eins og fram kemur í kafla 2.4. Á myndum 17-20 má sjá sýnileikakort sem sýna fræðilegan sýnileika Hróðnýjarstaða með einu af einhverju hinna vindorkuveranna. Kortið á mynd 21 sýnir þau svæði þar sem má gera ráð fyrir að tvö eða fleiri vindorkuver verði sýnileg, þ.e. vindmyllur að Hróðnýjarstöðum ásamt vindmyllum í einhverju hinna vindorkuveranna, einu þeirra, tveimur eða þremur, en það eru engin svæði þar sem sést í öll fimm.


¹⁵ Scottish Natural Heritage, 2017




Mynd 14. Fræðilegur sýnileiki vindmylluspaða í hæstu stöðu (167,5 m hæð) og ásyndarmyndapunktur (valdir staðir fyrir myndatöku sjónarhorna).




Mynd 15. Fræðilegur sýnileiki vindmyllunafa (í 90 m hæð) og ásýndarmyndapunktur (valdir staðir fyrir myndatöku sjónarhorna).




Mynd 16. Fræðilegur sýnileiki vindmylluspaða í hæstu stöðu (167,5 m hæð) og óbyggð víðerni.




Mynd 17. Fræðilegur sýnileiki vegna samlegðar vindorkuvera á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum m.v. vindmylluspaða í hæstu stöðu.




Mynd 18. Fræðilegur sýnileiki vegna samlegðar vindorkuvera á Hróðnýjarstöðum og Garpsdal m.v. vindmylluspaða í hæstu stöðu.



Mynd 19. Fræðilegur sýnileiki vegna samlegðar vindorkuvera á Hróðnýjarstöðum og Múla m.v. vindmylluspaða í hæstu stöðu.



Mynd 20. Fræðilegur sýnileiki vegna samlegðar vindorkuvera á Hróðnýjarstöðum og Grjóthálsi m.v. vindmylluspaða í hæstu stöðu.



Mynd 21. Fræðilegur sýnileiki vegna samlegðar vindorkuvera á Hröðnýjarstöðum, Sólheimum, Garpsdal, Múla og Grjóthálsi m.v. vindmylluspaða í hæstu stöðu.

4.4 Sjónrænir viðtakar, myndatökustaðir, sjónarhorn og ásyndarmyndir

Þeir hópar fólks sem hafa útsýni yfir eða sjá eitthvað í landslaginu eru sjónrænir viðtakar. Sjónrænir viðtakar eru hópar fólks sem geta orðið fyrir áhrifum vegna breytinga á útsýni eða sjónrænum eiginleikum. Mat á sjónrænum áhrifum byggist fyrst og fremst á að meta hvar og hvernig breytingar birtast í landslaginu og hvernig áhrif vindmyllur gætu haft á viðkomandi ásynd og hvernig fólk upplifir umhverfi sitt.

Til að styðja við mat á sjónrænum áhrifum voru myndatökustaðir fyrir sjónarhorn (VP/ViewPoints) valdir í nágrenni vindorkuversins (í allt að 45 km fjarlægð) þar sem vindmyllur verða sýnilegar samkvæmt sýnileikagreiningu. Við val á sjónarhornum er reynt að greina eftir bestu getu hvaða staðir eru viðkvæmir á einhvern hátt þegar kemur að ásynd. Þetta geta verið fjölfarnir vegir, vinsælir áningarstaðir, gististaðir, þéttbýli, sveitabæir eða gönguleiðir.

Við val á sjónarhornum var haft samráð við bæði Skipulagsstofnun og staðkunnuga. Samráð við staðkunnuga fór fram með því að gefa almenningi kost á að benda á staði sem ætti að skoða sem möguleg sjónarhorn. Útbúin var heimasíða þar sem skoða mátti kort af svæðinu, reiknaðan sýnileika og þær staðsetningar sem lagðar höfðu verið til sem möguleg sjónarhorn á þeim tímapunkti. Þessum upplýsingum var einnig komið fyrir á skrifstofu Dalabyggðar og öllum gefinn kostur á að benda á staði fyrir önnur sjónarhorn. Allar ábendingar um staði sem komu fram í samráði við almenning voru annað hvort utan sýnileika eða staðirnir þegar valdir sem sjónarhorn. Þessar staðsetningar voru eftirfarandi:

- Krosshólaborg
- Tungustapi
- Hamraendar í Miðdölum

Valin sjónarhorn eru 25 talsins og er þeim gefin númer og heiti til aðgreiningar og eru merkt inn á sýnileikakort á myndum 14 og 15 hér fyrir ofan. Valin sjónarhorn má einnig sjá í eftirfarandi töflu:

Tafla 8. Valin sjónarhorn fyrir ásyndarmyndir og ástæður fyrir vali þeirra

Númer	Heiti sjónarhorns	Ástæða fyrir vali sjónarhorns
01	Straumur við Snæfellsnesveg	Áningarstaður við Snæfellsnesveg þar sem fólk stoppar m.a. til að njóta útsýnis yfir Breiðafjörð og inn Hvammsfjörð. Staðsetning þar sem fyrst sést í vindmyllur þegar ferðast er austur eftir Snæfellsnesvegi og sem er í mikilli fjarlægð frá framkvæmd, eða um 45 km.
02	Breiðabólstaður á Skógarströnd	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur á Snæfellsnesvegi og íbúa á Skógarströnd í um 35-40 km fjarlægð frá framkvæmd. Breiðabólstaður er kirkjustaður metinn með miðlungs aðdráttarafl skv. vefsíðu Ferðamálastofu.
03	Bíldhóll á Skógarströnd	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur og íbúa á Skógarströnd í yfir 30 km fjarlægð frá framkvæmd. Staðsetning við gatnamót Snæfellsnesvegjar og Heydalsvegjar þar sem fólk er gjarnan á ferðinni í ólíkar áttir.
04	Dunkur í Hörðudal	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur á Snæfellsnesvegi og íbúa í Hörðudal í um 20-25 km fjarlægð frá framkvæmd.
05	Gatnamót Vestfjarðavegar og Laxárdalsvegjar	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur og íbúa við syðstu mörk sýnileika á Vestfjarðavegi í um og yfir 10 km fjarlægð frá framkvæmd. Staðsetning við gatnamót Vestfjarðavegar og Laxárdalsvegjar þar sem fólk er gjarnan á ferðinni í ólíkar áttir.
06	Höskuldsstaðir í Laxárdal	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur og íbúa í sunnanverðum Laxárdal sem horfa í norðausturátt og eru í um og yfir 7 km fjarlægð frá framkvæmd.

Númer	Heiti sjónarhorns	Ástæða fyrir vali sjónarhorns
07	Brándarkot í Laxárdal	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur og íbúa í sunnanverðum Laxárdal sem horfa í norðurátt og eru í um og yfir 5 km fjarlægð frá framkvæmd.
08	Laxárdalsvegur við Sólheima	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur á Laxárdalsvegi á Laxárdalsheiði.
09	Búðardalur	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur og íbúa í þéttbýlinu Búðardal.
10	Hjarðarholt í Laxárdal	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur og íbúa við norðanverðan Laxárdal sem eru í mikill nálægð við vindmyllur, eða í um og yfir 5 km fjarlægð frá framkvæmd.
11	Spágilsstaðir	Dæmigert sjónarhorn fyrir íbúa sem eru einna næst vindmyllum, eða í um og yfir 2 km fjarlægð frá framkvæmd.
12	Vestfjarðavegur við Naustabót	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur á Vestfjarðavegi, sem er helsta leiðin út á Vestfirði, og sem er í mikilli nálægð við vindmyllur, eða í um og yfir 5 km fjarlægð. Staðsetning á veginum þar sem er mikill sýnileiki að framkvæmd, þ.e. allar vindmyllur sjást að miklu leyti.
13	Ljárskógar veiðihús	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur á Vestfjarðavegi, sem er helsta leiðin út á Vestfirði, og sem er í mikilli nálægð við vindmyllur, eða í um og yfir 2,5 km fjarlægð. Staðsetning þar sem er útskot og minnisvarði við veginn. Veiðihúsið Ljárskógar er einnig stutt frá. Staðsetning á veginum þar sem er takmarkaður sýnileiki að framkvæmd, þ.e. aðeins takmarkaður hluti vindmyllanna sést.
14	Við ána Fáskrúð	Dæmigert sjónarhorn fyrir fólki í útivist (við veiðiá) og frá stað sem er aðgengilegur fólki um vegslóða en þar sem engin önnur mannvirki eru sjáanleg. Staðsetningin er einnig mjög nálægt vindmyllum, eða í aðeins um og yfir 1,2 km fjarlægð frá framkvæmd.
15	Ljárskógasel við ána Fáskrúð	Dæmigert sjónarhorn fyrir fólki í útivist (við veiðiá) og frá stað sem er aðgengilegur fólki um vegslóða en þar sem engin önnur mannvirki eru sjáanleg. Staðsetningin er einnig í mikilli nálægð við vindmyllur, eða í um og yfir 4 km fjarlægð frá framkvæmd.
16	Vestfjarðavegur norðan við ána Fáskrúð	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur á Vestfjarðavegi, sem er helsta leiðin út á Vestfirði, og sem er í mikilli nálægð við vindmyllur, eða í um og yfir 2,5 km fjarlægð.
17	Magnússkógar í Hvammssveit	Dæmigert sjónarhorn fyrir íbúa við bæinn Magnússkóga í Hvammssveit sem eru í mikilli nálægð við vindmyllur, eða í um og yfir 5 km fjarlægð frá framkvæmd.
18	Ásgarður í Hvammssveit	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur og íbúa við nyrstu mörk sýnileika frá Vestfjarðavegi, sem er helsta leiðin út á Vestfirði. Staðsetning á veginum er við bæinn Ásgarð í Hvammssveit í um og yfir 7 km fjarlægð frá framkvæmd.
19	Laugar í Sælingsdal	Dæmigert sjónarhorn fyrir ferðamenn og gesti á Laugum í Sælingsdal. Að Laugum var löngum skólasetur og hafa húsin verið nýtt fyrir skólabúðir og gistingu ýmiskonar. Þarna er sundlaug og náttúruleg (heit uppspretta) og sérlega áhugaverður staður skv. vefsíðu Ferðamálastofu. Margar gönguleiðir eru í nágrenninu.
20	Krosshólaborg við Klofningsveg	Dæmigert sjónarhorn fyrir ferðamenn sem koma til að njóta útsýnis. Á þessum stað er áningarstaður við Klofningsveg með bílastæði, skiltum og minnisvarða.
21	Klofningsvegur við Hvamm	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur á Klofningsvegi við heimreiðina að bænum og kirkjustaðnum Hvammi í um 8 km fjarlægð frá framkvæmd.

Númer	Heiti sjónarhorns	Ástæða fyrir vali sjónarhorns
22	Hvammur í Hvammssveit	Dæmigert sjónarhorn fyrir íbúa á bænum Hvammi í Hvammssveit. Bærinn er kirkjustaður og landsnámsbær Auðar Djúpúðgu.
23	Skarfsstaðir í Hvammssveit	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur á Klofningsvegi með vítt útsýni yfir Hvammsfjörð í átt að vindorkuverinu sem er í um og yfir 8 km fjarlægð.
24	Klofningsvegur austan Rauðbarðaholts	Dæmigert sjónarhorn fyrir vegfarendur á Klofningsvegi á Fellsströnd með vindorkuverið í beinni sjónlínu í um og yfir 13 km fjarlægð.
25	Valpúfa á Fellsströnd	Dæmigert sjónarhorn fyrir íbúa við vestustu mörk sýnileika á Fellsströnd í um 20 km fjarlægð frá framkvæmd.

Frá völdum myndatökustöðum/sjónarhornum voru teknar ljósmyndir og fyrirhugaðar vindmyllur settar inn á ljósmyndirnar í tölvuforriti til að gefa hugmynd um hvernig áskýndin mun breytast með tilkomu vindmylla. Þannig má sjá myndir fyrir hvert sjónarhorn þar sem hægt er að bera saman áskýnd bæði fyrir framkvæmdir og eftir að vindorkuverið verður fullbyggt með 18 vindmyllum. Þessar myndir er að finna í sérstöku myndahefti sem er viðauki með umhverfismatsskýrslu.

Í sumum tilfellum getur verið erfitt að greina vindmyllur á ljósmynd, ýmist vegna fjarlægðar eða aðstæðna í landslagi. Þeim tilfellum til stuðnings og einnig almennt til að gefa betri mynd af hvar vindmyllur munu sjást frá völdum sjónarhornum eru einnig unnar tölvugerðar landlíkanmyndir (wireframe) sem eru svarthvítar myndir sem sýna vindmyllur í landslaginu án truflunar frá litum náttúrunnar og skyggni. Þessar landlíkanmyndir má einnig sjá í myndaheftinu.

Í kafla 4.7 er greint frá völdum sjónarhornum og grunnástandi þeirra og í kafla 5.2 eru áhrif framkvæmdar metin fyrir hvert sjónarhorn fyrir sig ásamt samlegðaráhrifum vegna annarra vindorkuvera í nágrenninu.


4.5 Grunnástand landslagsheilda

Eins og áður hefur komið fram í kafla 4.2 hefur athugunarsvæðinu verið skipt í fimmtán landslagsheildir.

Grunnástandi innan hversar landslagsheildar verður hér gerð skil með almennri lýsingu sem og samantekt í töflu þar sem dregnir eru fram helstu þættir og einkenni landslags og áskýndar, svo sem kennileiti, birtingarform vatns, mannvist, sjónrænir þættir og yfirborð og helstu útsýnisstaðir og sjónlínur. Þá er viðkvæmni hversar landslagsheildar metin með því að leggja mat á gildi hennar annars vegar og næmni fyrir breytingum hins vegar í samræmi við matsþætti og mælikvarða sem fram koma í kafla 2.3.4.

4.5.1 Landslagsheild 1: Suðurdalur við Hvammsfjörð

Landslagsheild nær yfir dalina sem ganga frá sjó og inn í landið úr suðaustanverðum botni Hvammsfjarðar, þ.e. Hörðudal, Miðdali og Haukadali. Allir dalirnir opnast út á Hvammsfjörð við árósa þeirra áa sem renna úr dölunum.




Mynd 22. Yfirlitsmynd landslagsheild 1 – Suðurdalur við Hvammsfjörð

Tafla 9. Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 1 og mat á viðkvæmni (gildi og næmni)

Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 1	
Helstu einkenni	Dalir sem greinast í marga litla dali, nokkuð háir mular milli dala, grónar hlíðar, blómleg byggð í sveit, flatlendi við sjó, leirur og sjávarfitjar.
Mannvist og landnotkun	Töluverð byggð í dölum. Mest allt svæðið er landbúnaðarland og talsvert um framræst land með ræktuðum túnnum í dalsbotnum. Vestfjarðavegur, aðalleiðin út á Vestfjarðakjálkann, liggur í gegnum svæðið um Sökkólfsdal og Miðdali. Aðrir vegir eru þónokkrir sem liggja um sveitirnar.
Yfirborð, landform og sjónrænir þættir	Dalir sem liggja inn í landið frá sjó og marggreinast milli nokkuð hárra múla. Dalir innar í landinu allþröngir en víða nokkuð vítt á milli veggja. Fjallshlíðar víða jafnhalla með grónar hlíðar. Víðáttumikið flatlendi við Hvammsfjörð með miklum sjávarfitjum og leirum. Ræktuð tún í dalsbotnum, skógrækt á afmörkuðum reitum og talsvert skóglendi í Reykjadal og Sökkólfsdal.
Vatn	Sjór í Hvammsfirði, ár sem hlykkjast um áreyrar í dalsbotnum, Haukadalsvatn í Haukadal, leirur, sjávarfitjar og nokkuð um votlendi.
Útsýni/sjónlínur	Fjölbreyttar sjónlínur um dali en þeir marggreinast frá sjó og inn í landið. Víða nokkuð vítt á milli veggja og flatlendi út við sjó en útsýni frá svæðinu út á þröngan Hvammsfjörðinn til vesturs og norðvesturs.
Kennileiti	Haukadalsvatn.
Viðkvæmni landslagsheildar 1	
Gildi	- Landslagsheild hefur strandlengju að Breiðafirði (Hvammsfirði) sem er friðlýstur til verndar vistgerða, fugla og sela. Ósasvæðið þar sem árnar úr dölunum renna til sjávar er hverfisverndað fyrir að búa yfir sérstæðu landslagi, lífríku fjörum og auðugu fuglalífi. Reykjadalur í Suðurdölum er einnig hverfisverndað fyrir að búa yfir sérstæðu landslagi og gróðurfari, kjarllendi og áhugaverðu útivistarsvæði. Eitt annað lítið svæði á C-hluta náttúru-minjaskrár (Saltadý). Mikið um lítt raskað votlendi og við sjóinn eru víðlendar sjávarfitjar og leirur sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga (3). - Margir þekktir viðkomustaðir og tveir þeirra taldir sérlega áhugaverðir (skv. vefsja Ferðamálastofu) og einn áningarstaður Vegagerðarinnar (Reykjadalsá). Mikið um þjónustustaði. Reykjadalur í Suðurdölum er skilgreint í skipulagi sem áhugavert útivistarsvæði. Veði er stunduð í ám á svæðinu (4). - Landslagsheild talin menningarlega mikilvæg, víða má finna söguslóðir Íslendingasagna, fornminjar eru margar og nokkuð um friðlýst hús (4). - Lítið um óbyggð víðerni eða aðeins innst í Haukadal, Vífilsdal og Laugardal (2). - Sjónrænn fjölbreytileiki er miðlungs (3) skv. greiningu í viðauka A. Gildi landslagsheildar er talið miðlungs-hátt (4) þar sem svæðið er talið menningarlega mikilvægt og allfjölbreytt í áhugaverðum viðkomustöðum og verndarákvæðum. Landslagið er einnig talið nokkuð fjölbreytt í sjónrænum þáttum þó svo að landform séu frekar aflíðandi og einsleit á köflum.
Næmni	Sjónlínur innan landslagsheildar eru aðallega til vesturs og norðvesturs út á Hvammsfjörð og ekki í áttina að vindorkuverinu. Vindmyllur verða sýnilegar frá mjög fáum stöðum innan heildarinnar eða aðeins frá fáum fjallshlíðum og toppum. Næmni fyrir breytingum vegna framkvæmdar er talin lítil (1).
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er miðlungs-hátt og næmni lítil , er viðkvæmni hennar talin vera miðlungs-lítill .

4.5.2 Landslagsheild 2: Laxárdalur og nágrenni

Landslagsheild nær yfir láglendi og dali sem ganga frá sjó og inn í landið úr norðaustanverðum botni Hvammsfjarðar. Á þessu svæði er talsverð byggð og eitt þéttbýli. Við strandlengjuna fyrir miðri landslagsheild má finna þéttbýlið Búðardal og dreifða byggð í sveitum sem tilheyra Laxárdal.




Mynd 23. Yfirlitsmynd landslagsheild 2 – Laxárdalur og nágrenni

Tafla 10. Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 2 og mat á viðkvæmni (gildi og næmni)

Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 2	
Helstu einkenni	Undirlendi við strandlengju fyrir botni fjarðar, dalir sem ganga inn í land frá undirlendi við sjó, landbúnaðarland, blómleg byggð í sveit, lágir hryggir milli dala og klettabelti.
Mannvist og landnotkun	Töluverð byggð á öllu svæðinu og eitt þéttbýli, Búðardalur. Mest allt svæðið er landbúnaðarland og talsvert um framræst land með ræktuðum túnnum, aðallega í Laxárdal. Nokkurt skóg- og kjarrlendi nyrst í landslagsheild. Vestfjarðavegur, aðalleiðin út á Vestfjarðakjálkann, liggur meðfram strandlengjunni í gegnum Búðardal og um Hvammssveit. Laxárdalsvegur liggur um Laxárdal og nokkuð er um aðra vegi sem liggja um sveitirnar. Tengivirki er í Glerárskógum og háspennulínur liggja út frá því.
Yfirborð, landform og sjónrænir þættir	Frá sjó í Hvammsfirði og til austurs hækkar landið jafnt og þétt að Laxárdalsheiði. Lágir hryggir liggja á milli dala sem víða eru grýttir og með klettabeltum.
Vatn	Ár renna niður dali og fram í sjó.
Útsýni/sjónlínur	Helstu sjónlínur eru eftir Vestfjarðavegi, eftir Laxárdal og frá þéttbýlinu Búðardal til allra átta.
Kennileiti	Búðardalur, Hjarðarholtskirkja.
Viðkvæmni landslagsheildar 2	
Gildi	- Landslagsheild hefur strandlengju að Breiðafirði (Hvammsfirði) sem er á náttúrumínjaskrá og er friðlýstur til verndar vistgerða, fugla og sela. Laxá í Laxárdal ásamt bökkum er hverfisvernduð fyrir að búa yfir sérstæðu landslagi og áhugaverðu útivistarsvæði. Nokkuð mikið um lítt raskað votlendi, eitthvað um leirur og fossa sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga (3). - Fáir þekktir viðkomustaðir (skv. vefsíða Ferðamálastofu). Þónokkrir þjónustustaðir en allir í Búðardal. Laxá í Laxárdal og nánasta umhverfi er skilgreint í skipulagi sem áhugavert útivistarsvæði (laxveiði vinsæl) (3). - Landslagsheild talin menningarlega mikilvæg, víða má finna söguslóðir Íslendingasagna, fornminjar margar og nokkuð um friðlýst hús (4). - Engin óbyggð víðerni (1). - Sjónrænn fjölbreytileiki er miðlungs (3) skv. greiningu í viðauka A. Gildi landslagsheildar er talið miðlungs-hátt (4) þar sem svæðið er talið menningarlega mikilvægt og allfjölbreytt í verndarákvæðum. Landslagið er einnig talið nokkuð fjölbreytt í sjónrænum þáttum þó svo að landform séu frekar aflíðandi og einsleit á köflum.
Næmni	Vindmyllur verða sýnilegar mjög víða innan landslagsheildar og nálægðin er mikil. Innan heildarinnar er töluvert af fólki sem bæði dvelur og ferðast en á móti kemur að í nágrenni vindmylla er land raskað og töluvert um mannvirki. Næmni fyrir breytingum vegna framkvæmdar er talin miðlungs-mikil (4).
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er miðlungs-hátt og næmni miðlungs-mikil , er viðkvæmni hennar talin vera miðlungs-mikil .

4.5.3 Landslagsheild 3: Hvammssveit fyrir botni Hvammsfjarðar

Landslagsheild nær yfir láglandi og dali sem ganga frá sjó og inn í landið úr norðanverðum og norðvestanverðum botni Hvammsfjarðar. Á þessu svæði er talsverð byggð sem tilheyrir Hvammssveit.




Mynd 24. Yfirlitsmynd landslagsheild 3 – Hvammssveit fyrir botni Hvammsfjarðar

Tafla 11. Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 3 og mat á viðkvæmni (gildi og næmni)

Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 3	
Helstu einkenni	Undirlendi við strandlengju fyrir botni fjarðar, stuttir dalir sem ganga inn í land frá undirlendi við sjó, landbúnaðarland, misháir en sums staðar allháir mular milli dala með grónum hlíðum og berjalandi.
Mannvist og landnotkun	Nokkur byggð er á svæðinu. Mest allt svæðið er landbúnaðarland og talsvert um framræst land með ræktuðum túnnum í dalsbotnum og á undirlendi við sjávarsíðuna. Vestfjarðavegur, aðalleiðin út á Vestfjarðakjálkann, liggur um Hvammssveit og norður um Svínadal. Við strandlengjuna norðvestanverða liggur Klofningsvegur út á Fellsströnd. Áningarstaður er við Krosshólaborg.
Yfirborð, landform og sjónrænir þættir	Frá sjó í Hvammsfirði og til norðurs og norðvesturs greinist landið í stutta dali milli mishárra mula. Víðáttumikið undirlendi er við sjó nyrst í firðinum.
Vatn	Nokkuð er um ár á svæðinu sem renna niður dali.
Útsýni/sjónlínur	Gott útsýni er víða innan heildarinnar út á fjörðinn og þekktir útsýnisstaðir eru t.d. frá Krosshólaborg, Laugum og Tungustapa.
Kennileiti	Krosshólaborg, Laugar í Sælingsdal, Guðrúnarlaug.
Viðkvæmni landslagsheildar 3	
Gildi	- Landslagsheild hefur strandlengju að Breiðafirði (Hvammsfirði) sem er á náttúruminjaskrá og er friðlýstur til verndar vistgerða, fugla og sela. Laugar í Hvamssveit er hverfisverndað fyrir að búa yfir sérstæðu landslagi, jarðmyndunum og áhugaverðu útivistarsvæði. Eitt annað lítið svæði á C-hluta náttúruminjaskrár (Tungustapi). Eitthvað um lítt raskað votlendi og leirur en einnig fossa sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga (3). - Margir þekktir viðkomustaðir og einn þeirra talinn sérlega áhugaverður (skv. vefsja Ferðamálastofu). Einn áningarstaður Vegagerðarinnar (Krosshólaborg). Fáir þjónustustaðir. Laugar í Hvamssveit og nágrenni er skilgreint í skipulagi sem áhugavert útivistarsvæði (4). - Landslagsheild talin menningarlega mikilvæg, víða má finna söguslóðir Íslendingasagna, fornminjar margar og nokkuð um friðlýst hús (4). - Engin óbyggð víðerni (1). - Sjónrænn fjölbreytileiki er mikill (4) skv. greiningu í viðauka A. Gildi landslagsheildar er talið miðlungs-hátt (4) þar sem svæðið er talið menningarlega mikilvægt og allfjölbreytt í áhugaverðum viðkomustöðum og verndarákvæðum. Landslagið er einnig talið fjölbreytt í sjónrænum þáttum.
Næmni	Gott útsýni í áttina að vindorkuverinu og þekktir útsýnisstaðir til staðar. Sýnileiki töluvert útbreiddur og bæði fólk sem dvelur og er á ferðinni innan landslagsheildar kemur til með að sjá vindmyllur. Næmni fyrir breytingum vegna framkvæmdar er talin mikil (5).
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er miðlungs-hátt og næmni mikil , er viðkvæmni hennar talin vera mikil .

4.5.4 Landslagsheild 4: Fellsströnd, dalir og sker

Landslagsheild nær yfir sker, láglendi og dali við norðurströnd Hvammsfjarðar og kallast sveitin Fellsströnd.




Mynd 25. Yfirlitsmynd landslagsheild 4 – Fellsströnd, dalir og sker

Tafla 12. Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 4 og mat á viðkvæmni (gildi og næmni)

Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 4	
Helstu einkenni	Strandlengja með undirlendi, fjöll og dalir, grónar fjallshlíðar, skógrækt, landbúnaður, sker.
Mannvist og landnotkun	Töluverð byggð er út með Fellsströndinni sem dreifist að hluta meðfram strandlengjunni og að hluta meðfram fjallshlíðum.
Yfirborð, landform og sjónrænir þættir	Strandlengja við fjöll með þónokkru undirlendi sem snýr til suðurs út á þröngan fjörð. Nokkrir dalir ganga inn í fjalllendið og fjallshlíðar eru grónar, víða með skóg- og kjarrlendi. Mörg sker og sjávarfitjar utarlega í firðinum.
Vatn	Landslagsheild liggur við sjó og sjávarfitjar algengar við sker. Mikið um votlendi um austanverða heildina. Ár sem hlykkjast eftir áreyrum um dalsbotna og eftir Fellsströndinni endilangri að hluta.
Útsýni/sjónlínur	Sjónlínur aðallega í vestur og austuráttir eftir Fellsströndinni og út á Hvammsfjörð.
Kennileiti	Eyjar, sker og sjávarfitjar úti fyrir Fellsströnd.
Viðkvæmni landslagsheildar 4	
Gildi	- Landslagsheild hefur langa strandlengju að Breiðafirði (Hvammsfirði) sem er á náttúruminjaskrá og er friðlýstur til verndar vistgerða, fugla og sela. Eitthvað um lítt raskað votlendi og fossa og við sjóinn utarlega í Hvammsfirði eru víðlendar sjávarfitjar og leirur sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga (3). - Nokkrir þekktir viðkomustaðir og einn þeirra talinn sérlega áhugaverður (skv. vefsíðu Ferðamálastofu). Fáir þjónustustaðir (2). - Landslagsheild talin nokkuð menningarlega mikilvæg, eitthvað um söguslóðir Íslendingasagna, fornminjar margar og einhver friðlýst hús (3). - Lítið um óbyggð víðerni eða aðeins innst í dölum (2). - Sjónrænn fjölbreytileiki er miðlungs (3) skv. greiningu í viðauka A. Gildi landslagsheildar er talið miðlungs (3) þar sem svæðið er talið nokkuð menningarlega mikilvægt, hefur einhver verndarákvæði og er talið nokkuð fjölbreytt í sjónrænum þáttum.
Næmni	Sjónlínur í vestur og austuráttir eftir Fellsströndinni og út á Hvammsfjörð. Sýnileiki takmarkast við lítið svæði austast innan landslagsheildar en þar bæði dvelur fólk og er á ferðinni. Næmni fyrir breytingum vegna framkvæmdar er talin miðlungs (3).
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er miðlungs og næmni miðlungs , er viðkvæmni hennar talin vera miðlungs .

4.5.5 Landslagsheild 5: Skarðsströnd og Saurbær við há fjöll

Landslagsheild nær yfir strandlengjuna á Klofningsnesi og inn í botn Gilsfjarðar. Svæðið snýr í norðvestur út á Breiðafjörð og nær yfir sveitirnar Skarðsströnd og Saurbær.




Mynd 26. Yfirlitsmynd landslagsheild 5 – Skarðsströnd og Saurbær við há fjöll

Vindmyllur sjást ekki frá landslagsheild (enginn sýnileiki) og því verður hún ekki greind frekar.

4.5.6 Landslagsheild 6: Fjöll og víðerni á Klofningsnesi

Landslagsheild nær yfir fjöll og víðerni á Klofningsnesi og teygir sig inn eftir fjalllendinu sunnan við Gilsfjörð.




Mynd 27. Yfirlitsmynd landslagsheild 6 – Fjöll og víðerni á Klofningsnesi

Tafla 13. Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 6 og mat á viðkvæmni (gildi og næmni)

Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 6	
Helstu einkenni	Fjöll og dalir, hálendissléttur, víðátta og óbyggðir.
Mannvist og landnotkun	Vestfjarðavegur, aðalleiðin út á Vestfjarðakjálkann, þverar svæðið um Svínadal. Háspennulína þverar heildina um Sælingsdal og Hvammsdal. Lítið um önnur mannvirki.
Yfirborð, landform og sjónrænir þættir	Fjalllendi með háum fjöllum oftast með flötum toppum og hálendissléttum, lítið um afgerandi fjallstoppa. Fjallendið er nokkuð skorið af dölum og þá sérstaklega norðurhlutinn.
Vatn	Eitthvað um vötn á hálendissléttum og lækjum og ám sem renna um dali.
Útsýni/sjónlínur	Sjónlínur eftir Vestfjarðavegi og útsýni af fjöllum og út á firði.
Kennileiti	Lítið um kennileiti nema einna helst Vestfjarðavegur sem liggur um Svínadal.
Viðkvæmni landslagsheildar 6	
Gildi	- Engin svæði á náttúruminjasrá. Eitthvað um stöðuvötn og tjarnir en lítið um lítt raskað votlendi sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga (1). - Einn þekktur viðkomustaður (skv. vefsja Ferðamálastofu) og engir þjónustustaðir eða áningarstaðir (1). - Landslagsheild ekki talin menningarlega mikilvæg, mjög lítið um söguslóðir Íslendingasagna og fáar fornminjar (1). - Tvö óbyggð víðerni innan landslagsheildar sem ná yfir nokkuð stóran hluta heildarinnar (4). - Sjónrænn fjölbreytileiki er lítil (2) skv. greiningu í viðauka A. Gildi landslagsheildar er talið miðlungs (3) þar sem nokkuð stór hluti heildarinnar er víðerni og manngerðir þættir lítt áberandi.
Næmni	Innan landslagsheildar er nokkuð fjölbreytt fjalllendi og eru sjónlínur því einnig nokkuð fjölbreyttar og víða er mikið víðsýni til allra átta. Sýnileiki er ekki sérstaklega útbreiddur en vindmyllur verða sýnilegar frá efstu punktum fjalla sem eru að einhverju leyti innan óbyggðra víðerna. Næmni fyrir breytingum vegna framkvæmdar er talin miðlungs-mikil (4).
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er miðlungs og næmni miðlungs-mikil , er viðkvæmni hennar talin vera miðlungs .

4.5.7 Landslagsheild 7: Dalir og fjöll norðan Gilsfjarðar

Landslagsheild nær yfir strandlengju, dali og fjallendi norðan við Gilsfjörð. Svæðið tilheyrir Vestfjarðakjálkanum og nær að norðurmörkum athugunarsvæðisins.




Mynd 28. Yfirlitsmynd landslagsheild 7 – Dalir og fjöll norðan Gilsfjarðar

Vindmyllur sjást ekki frá landslagsheild (enginn sýnileiki) og því verður hún ekki greind frekar.

4.5.8 Landslagsheild 8: Vesturströnd Húnaflóa með fjalllendi og dölum

Landslagsheild nær yfir strandlengju, dali og fjalllendi við vesturströnd Húnaflóa sem tilheyrir Bitrufirði og Kollafirði, og að norðurmörkum athugunarsvæðisins.




Mynd 29. Yfirlitsmynd landslagsheild 8 – Vesturströnd Húnaflóa með fjalllendi og dölum

Vindmyllur sjást ekki frá landslagsheild (enginn sýnileiki) og því verður hún ekki greind frekar.

4.5.9 Landslagsheild 9: Laxárdalsheiði og víðerni

Landslagsheild nær yfir Laxárdalsheiði og aðlægar heiðar og fell.



Mynd 30. Yfirlitsmynd landslagsheild 9 – Laxárdalsheiði og víðerni

Tafla 14. Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 9 og mat á viðkvæmni (gildi og næmni)


Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 9	
Helstu einkenni	Víðátta, óbyggðir, heiðarlandslag, hæðir og lág fell, grýttir og gróðurlitlir melar, votlendi, tjarnir og lítil vötn í lægðum.
Mannvist og landnotkun	Þvert yfir Laxárdalsheiði liggur Laxárdalsvegur og háspennulína. Eitthvað er um aðra vegslóða en þeir eru aðallega fyrir aðgengi að veiði í vötnum og ám.
Yfirborð, landform og sjónrænir þættir	Yfirborð nokkuð einsleitt og almennt litlar hæðabreytingar. Víðáttumikið heiðarlandslag með gróðurlitlum melum og lægðum á milli þar sem finna má vötn, tjarnir og votlendi. Mjög lítið um mannvirki og gæta má óbyggðaupplifunar á nánast öllu svæðinu.
Vatn	Mikið um stöðuvötn og tjarnir í lægðum á milli mela, lækir og litlar ár sem renna í áttina að nálægum fjörðum. Mikið um votlendi.
Útsýni/sjónlínur	Fáir útsýnisstaðir enda landið tiltölulega einsleitt með stöku hæðum og bungum, sjónlínur helst í austur og vestur áttir þegar keyrt er eftir Laxárdalsvegi.
Kennileiti	Lítið um kennileiti en einna helst Laxárdalsvegur yfir Laxárdalsheiði og Laxárdalsvatn.
Viðkvæmni landslagsheildar 9	
Gildi	- Nánast öll heildin er á náttúruminjaskrá sem mikilvægt fuglasvæði (C-hluti). Mikið um lítt raskað votlendi, stöðuvötn og tjarnir sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga (4). - Engir þekktir viðkomustaðir, áningarstaðir eða þjónustustaðir. Veiði er stunduð í vötnum (2). - Landslagsheild ekki talin menningarlega mikilvæg, einhverjar söguslóðir Íslendingasagna og eitthvað um fornminjar (2). - Tvö óbyggð víðerni eru innan landslagsheildar sem ná yfir nokkuð stóran hluta heildarinnar (4). - Sjónrænn fjölbreytileiki er lítil (2) skv. greiningu í viðauka A. Gildi landslagsheildar er talið miðlungs-hátt (4) þar sem nokkuð stór hluti heildarinnar er víðerni og vistfræðilegt gildi er talið hátt.
Næmni	Sýnileiki töluvert útbreiddur innan landslagsheildar og frá stöðum innan óbyggðra víðerna og þaðan sem fólk er á ferðinni um Laxárdalsveg. Á mótum kemur að landslag heildarinnar er nokkuð fábreytt og lítið um útsýnisstaði. Næmni fyrir breytingum vegna framkvæmdar er talin miðlungs-mikil (4).
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er miðlungs-hátt og næmni miðlungs-mikil , er viðkvæmni hennar talin vera miðlungs-mikil .

Tafla 15. Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 10 og mat á viðkvæmni (gildi og næmni)

Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 10	
Helstu einkenni	Aflfðandi og látlaust land við þrönga firði, byggð og landbúnaðarland við strandlengju.
Mannvist og landnotkun	Byggð og vegir liggja að mestu við strandlengjuna, Þjóðvegur 1 liggur um landslagsheild, tengivirki innst í Hrútafirði og háspennulínur út frá því, þéttbýli og litlir byggðakjarnar nokkrir og liggja við sjó.
Yfirborð, landform og sjónrænir þættir	Þröngir firðir og mikil strandlengja, land hækkar jafnt og þétt frá sjó og upp að nokkuð lágu og látlausu hálendi, landbúnaðarland takmarkast víðast við frekar þröngt láglendi við strandlengjuna.
Vatn	Sjór í þröngum fjörðum, meginár renna til sjávar í botni fjarðanna og þar má finna einkennandi ósa og leirur, aðrar ár eru minni og renna út í firðina frá nálægu hálendi, eitthvað um lítil stöðuvötn.
Útsýni/sjónlínur	Sjónlínur aðallega eftir vegum á svæðinu og þá helst Þjóðvegi 1, en einnig frá viðkomustöðum og byggðakjörnum.
Kennileiti	Lítið um kennileiti í landslaginu eða einna helst langur og einkennandi Hútafjörðurinn og ósarnir fyrir botni Miðfjarðar og svo þéttbýlin og viðkomustaðirnir á svæðinu, Borðeyri, Hvammstangi, Reykir og Staðarskáli.
Viðkvæmni landslagsheildar 10	
Gildi	- Strandlengjan að Húnaflóa er að stórum hluta á náttúruminjaskrá (B-hluta) vegna sela. Mikið um lítt raskað votlendi og nokkuð um leirur í Hrútafirði og fossa sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga (3). - Margir þekktir viðkomustaðir og einn þeirra talinn sérlega áhugaverður (skv. vefsja Ferðamálastofu). Tveir áningarstaðir Vegagerðarinnar (Borðeyri og Norðurbraut). Mikið um þjónustustaði (3). - Landslagsheild talin menningarlega mikilvæg, töluvert um söguslóðir Íslendingasagna, fornminjar margar og nokkuð um friðlýst hús (4). - Lítið um óbyggð víðerni eða aðeins lítið svæði á vesturströnd Hrútafjarðar og mjög lítið svæði á Vatnsnesi (2). - Sjónrænn fjölbreytileiki er lítill (2) skv. greiningu í viðauka A. Gildi landslagsheildar er talið miðlungs (3) þar sem svæðið er talið menningarlega mikilvægt og allfjölbreytt í áhugaverðum viðkomustöðum og verndarákvæðum.
Næmni	Sjónlínur innan landslagsheildar eru aðallega út á firðina (Hrútafjörð og Miðfjörð) og ekki í áttina að vindorkuverinu. Vindmyllur verða sýnilegar frá mjög fáum stöðum innan heildarinnar og þá aðallega frá svæðum sem liggja hátt í landi og í töluverðri fjarlægð frá framkvæmdasvæði (um og yfir 25 km fjarlægð). Næmni fyrir breytingum vegna framkvæmdar er talin lítill (1).
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er miðlungs og næmni lítill , er viðkvæmni hennar talin vera miðlungs-lítill .

4.5.11 Landslagsheild 11: Miðfjarðardalir

Landslagsheild nær yfir dalina sem ganga inn af Miðfirði (Vesturárdalur, Núpsdalur og Austurárdalur) og að austurmörkum athugunarsvæðisins en þar má finna innsta hluta Fitjárdals og lítinn hluta Viðidals.




Mynd 32. Yfirlitsmynd landslagsheild 11 – Miðfjarðardalir

Tafla 16. Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 11 og mat á viðkvæmni (gildi og næmni)

Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 11	
Helstu einkenni	Byggðir dalir sem ganga inn í landið, lágir hálsar milli dala, ár sem kvíslast á áreyrum.
Mannvist og landnotkun	Dreifð byggð er í Vesturárdal og Núpsdal en Austurárdalur er í eyði, Laugarbakki er lítið þorp við dalsmynnið á árbökkum Miðfjarðarár, vegir liggja inn eftir dölunum og inn á Arnarvatnsheiði upp úr Austurárdal.
Yfirborð, landform og sjónrænir þættir	Dalir sem ganga inn í landið milli lágra hálsa, landið hækkar jafnt og þétt úr dölum og upp á hálsa, dalirnir nokkuð þröngir innst (syðst) en undirlendi þónokkuð yst (nyrst), ár sem renna eftir dalsbotnum í giljum (innst) og víðfeðmum áreyrum (yst).
Vatn	Um dalina renna ár sem sameinast svo í Miðfjarðará sem rennur til sjávar í Miðfirði, eitthvað um fossa og flúðir innst í dölum og lítil stöðuvötn.
Útsýni/sjónlínur	Sjónlínur aðallega eftir vegum á svæðinu og einnig frá þorpinu á Laugarbakka.
Kennileiti	Laugarbakki, Miðfjarðará.
Viðkvæmni landslagsheildar 11	
Gildi	- Engin svæði á náttúruvinjaskrá. Nokkuð um lítt raskað votlendi og fossa sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga (1). - Þónokkrir þekktir viðkomustaðir og tveir þeirra taldir sérlega áhugaverðir (skv. vefsíðu Ferðamálastofu). Fáir þjónustustaðir (3). - Landslagsheild talin menningarlega mikilvæg, nokkuð um söguslóðir Íslendingasagna, fornminjar margar og nokkuð um friðlýst hús (4). - Nokkuð um óbyggð víðerni dreift um svæðið (3). - Sjónrænn fjölbreytileiki er lítil (2) skv. greiningu í viðauka A. Gildi landslagsheildar er talið miðlungs-lágt (2) þar sem svæðið er talið menningarlega mikilvægt en landform eru frekar aflíðandi og einsleit á köflum.
Næmni	Sjónlínur eru aðallega eftir dölunum innan heildarinnar og út á Miðfjörð og ekki í áttina að vindorkuverinu. Vindmyllur verða sýnilegar frá mjög fáum stöðum innan heildarinnar og landslagsheild er einnig í mikilli fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Næmni fyrir breytingum vegna framkvæmdar er talin lítil (1).
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er miðlungs-lágt og næmni lítil , er viðkvæmni hennar talin vera lítil .

4.5.12 Landslagsheild 12: Holtavörðuheidi og Arnarvatnsheidi

Landslagsheild nær yfir heiðarlandslagið sem tilheyrir Holtavörðuheidi og Arnarvatnsheidi en teygir sig einnig út á Hrutafjarðarháls og Vesturárdalsháls.




Mynd 33. Yfirlitsmynd landslagsheild 12 – Holtavörðuheidi og Arnarvatnsheidi

Tafla 17. Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 12 og mat á viðkvæmni (gildi og næmni)

Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 12	
Helstu einkenni	Víðátta, óbyggðir, heiðarlandslag, grýttir og gróðurlitlir melar, votlendi, tjarnir og lítil vötn í lægðum, vatnsupptök vatnsfalla.
Mannvist og landnotkun	Þjóðvegur 1 og háspennulína liggja eftir Holtavörðuheiði, einhverjir vegslóðar sem liggja um heiðarnar, veiði stunduð í vötnum.
Yfirborð, landform og sjónrænir þættir	Mjög víðáttumikið heiðarlandslag, grýttir og gróðurlitlir melar með vötnum, tjörnum og votlendi á milli, litlar hæðarbreytingar.
Vatn	Mjög mikið um vötn, tjarnir og votlendi, upptök margra áa og lækja.
Útsýni/sjónlínur	Helstu sjónlínur eftir Þjóðvegi 1.
Kennileiti	Lítið um kennileiti eða einna helst Þjóðvegur 1 og fjallið Tröllakirkja á Holtavörðuheiði.
Viðkvæmni landslagsheildar 12	
Gildi	- Nokkuð stór hluti heildarinnar (Arnarvatnsheiði) er á náttúruminjaskrá (C-hluti) vegna fugla, vistgerða og ferskvatns. Mikið um lítt raskað votlendi, stöðuvötn og tjarnir sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga (4). - Mjög fáir þekktir viðkomustaðir (skv. vefsíða Ferðamálastofu). Engir þjónustustaðir (1). - Landslagsheild ekki talin menningarlega mikilvæg, eitthvað um söguslóðir Íslendingasagna, eitthvað um fornminjar en fá friðlýst hús (2). - Um helmingur landslagsheildar er hluti af víðáttumiklu óbyggðu víðerni sem tengist miðhálandinu (4). - Sjónrænn fjölbreytileiki er mjög lítil (1) skv. greiningu í viðauka A. Gildi landslagsheildar er talið miðlungs (3) þar sem nokkuð stór hluti heildarinnar er víðerni og vistfræðilegt gildi er talið hátt.
Næmni	Vindmyllur verða sýnilegar frá mjög fáum stöðum innan heildarinnar og landslagsheild er einnig í mikilli fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Sýnileiki þar sem mögulega sést í allar vindmyllur er einungis á litlu svæði á Hrútafjarðarhálsi, fyrir utan víðerni og byggð. Næmni fyrir breytingum vegna framkvæmdar er talin lítil (1).
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er miðlungs og næmni lítil , er viðkvæmni hennar talin vera miðlungs-lítil .

4.5.14 Landslagsheild 14: Fjalllendi og inndalir austan Snæfellsness

Landslagsheild nær yfir stórt svæði austan við Snæfellsnes þar sem finna má fjalllendi og inndali. Svæðið nær að suðurmörkum athugunarsvæðisins og austur að Holtavörðuheði.




Mynd 35. Yfirlitsmynd landslagsheild 14 – Fjalllendi og inndalir austan Snæfellsness

Tafla 18. Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 14 og mat á viðkvæmni (gildi og næmni)

Helstu landslagsþættir og einkenni innan landslagsheildar 14	
Helstu einkenni	Fjölbreytt fjalllendi, miklar hæðabreytingar, fjallstindar, dalir og lægðir, skornar fjallshlíðar, vötn, jarðhiti, fjölbreyttar sjónlínur, víðátta og óbyggðir.
Mannvist og landnotkun	Helstu vegir um landslagsheild eru Vestfjarðavegur milli Norðurárdals og Miðdala og Heydalsvegur milli Hnappadals og Skógarstrandar, lítið um önnur mannvirki innan heildar, veiði er stunduð í stærri vötnum.
Yfirborð, landform og sjónrænir þættir	Skorið fjallendi með dölum og lægðum, hærri fjallstindar standa víða upp úr fjallendinu, mörg stöðuvötn, sjónlínur fjölbreyttar.
Vatn	Mikið um stöðuvötn, tjarnir, ár, læki og fossa í vestanverðri heildinni, en minna í austanverðri heildinni, dálítið um jarðhita.
Útsýni/sjónlínur	Sjónlínur eftir Vestfjarðavegi og Heydalsvegi en annars eru sjónlínur mjög fjölbreyttar í skornu fjallendinu.
Kennileiti	Vestfjarðavegur, Heydalsvegur, Hítarvatn, Hlíðarvatn og Oddstaðavatn.
Viðkvæmni landslagsheildar 14	
Gildi	- Lítill hluti heildar á C-hluta náttúru-minjaskrár vegna hrauns, gíga og hella í Hnapp. Nokkuð um lítt raskað votlendi, stöðuvötn, tjarnir og fossa sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga (2). - Engir þekktir viðkomustaðir og engir þjónustustaðir. Einn áningarstaður Vegagerðarinnar (Brattabrekka) (1). - Landslagsheild ekki talin menningarlega mikilvæg, fáar söguslóðir Íslendingasagna og fáar fornminjar (1). - Stór hluti landslagsheildar er óbyggt víðerni sem skiptist í tvö stór svæði (4). - Sjónrænn fjölbreytileiki er mikill (4) skv. greiningu í viðauka A. Gildi landslagsheildar er talið miðlungs (3) þar sem nokkuð stór hluti heildarinnar er víðerni og svæðið talið fjölbreytt í sjónrænum þáttum.
Næmni	Innan landslagsheildar er fjölbreytt fjallendi og eru sjónlínur því einnig mjög fjölbreyttar og víðsýni til allra átta frá mörgum stöðum. Sýnileiki er ekki sérstaklega útbreiddur en vindmyllur verða sýnilegar frá efstu punktum fjalla sem eru nánast að öllu leyti innan óbyggðra víðerna. Margir staðir þar sem sést í vindmyllur eru þó í mikilli fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Næmni fyrir breytingum vegna framkvæmdar er talin miðlungs-lítill (2).
Viðkvæmni	Með tilliti til þess að gildi landslagsheildar er miðlungs og næmni miðlungs-lítill , er viðkvæmni hennar talin vera miðlungs-lítill .

4.5.15 Landslagsheild 15: Skógarströnd við sunnanverðan Hvammsfjörð

Landslagsheild nær yfir sker, láglendi og dali við suðurströnd Hvammsfjarðar og kallast svæðið Skógarströnd.



Mynd 36. Yfirlitsmynd landslagsheild 15 – Skógarströnd við sunnanverðan Hvammsfjörð

Tafla 19. Helstu landslagsþættir og einkenni landslagsheildar 15 og mat á viðkvæmni (gildi og næmni)

Helstu landslagsþættir og einkenni innan landslagsheildar 15	
Helstu einkenni	Strandlengja við þróngan fjörð, eyjar og sker, leirur, litlar hæðabreytingar.
Mannvist og landnotkun	Dreifð byggð og landbúnaðarland liggur við strandlengjuna og einnig Snæfellsnesvegur.
Yfirborð, landform og sjónrænir þættir	Yfirborð nokkuð einsleitt og landið hækkar jafnt og þétt frá sjó og inn til landsins. Almennt litlar hæðabreytingar. Yfirborð almennt ekki mjög grösugt og víða frekar grýtt. Grýttir melar og klettabelti á láglendi. Töluvert skóg- og kjarlendi utarlega á Skógarströnd. Margar eyjar og sker einnig utarlega í Hvammsfirði.
Vatn	Landslagsheild liggur við sjó og mörg lítil sker liggja nærri landi við utanverðan Hvammsfjörð. Þar eru einnig leirur. Margar litlar ár sem renna til sjávar í Hvammsfirði og eitthvað um lítil stöðuvötn. Mikið um votlendi.
Útsýni/sjónlínur	Sjónlínur aðallega eftir Snæfellsnesvegi og útsýni út á Hvammsfjörð frá áningarstaðnum Straumi.
Kennileiti	Eyjar og sker utarlega í Hvammsfirði, áningarstaðurinn Straumur.
Viðkvæmni landslagsheildar 15	
Gildi	- Landslagsheild hefur langa strandlengju að Breiðafirði (Hvammsfirði) sem er á náttúruminjaskrá og er friðlýstur til verndar vistgerða, fugla og sela. Mikið um lítt raskað votlendi og eitthvað um fossa og leirur sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga (3). - Mjög fáir þekktir viðkomustaðir og þjónustustaðir (skv. vefsja Ferðamálastofu). Einn áningarstaður Vegagerðarinnar (Straumur) (1). - Landslagsheild talin nokkuð menningarlega mikilvæg, nokkuð um söguslóðir Íslendingasagna og eitthvað um fornminjar og friðlýst hús (3). - Nokkur hluti landslagsheildar er óbyggt víðerni (3). - Sjónrænn fjölbreytileiki er lítil (2) skv. greiningu í viðauka A. Gildi landslagsheildar er talið miðlungs-lágt (2) þar sem svæðið er talið nokkuð menningarlega mikilvægt, hafa miðlungs vistfræðilegt gildi og einnig er eitthvað um víðerni.
Næmni	Mjög gott útsýni yfir firði og fjalllendi er frá landslagsheild og þarna er töluverð byggð og vegir sem fólk ferðast gjarnan um. Helstu kennileiti felast í útsýninu, eyjar, sker og fjöll í fjarska. Næmni fyrir breytingum vegna framkvæmdar er talin miðlungs-mikil (4).
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er miðlungs-lágt og næmni miðlungs-mikil , er viðkvæmni hennar talin vera miðlungs .

4.6 Samantekt á viðkvæmni landslagsheilda

Út frá mati á gildi og næmni hvernar landslagsheildar fæst niðurstaða um viðkvæmni. Í eftirfarandi töflu má sjá samantekt á viðkvæmni landslagsheilda, sem metin er í kafla 4.5.

Tafla 20. Samantekt á viðkvæmni þeirra landslagsheilda þar sem sýnileika gætir og sem teknar eru fyrir í greiningu

Landslagsheild		Gildi	Næmni	Viðkvæmni landslagsheildar
1	Suðurdalur við Hvammsfjörð	Miðlungs-hátt	Lítil	Miðlungs-lítil
2	Laxárdalur og nágrenni	Miðlungs-hátt	Miðlungs-mikil	Miðlungs-mikil
3	Hvammssveit fyrir botni Hvammsfjarðar	Miðlungs-hátt	Mikil	Mikil
4	Fellsströnd, dalir og sker	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
5	Skarðsströnd og Saurbær við há fjöll	Landslagsheild ekki tekin fyrir í greiningu		
6	Fjöll og víðerni á Klofninsnesi	Miðlungs	Miðlungs-mikil	Miðlungs
7	Dalir og fjöll norðan Gilsfjarðar	Landslagsheild ekki tekin fyrir í greiningu		
8	Vesturströnd Húnaflóa með fjallendi og dölum	Landslagsheild ekki tekin fyrir í greiningu		
9	Laxárdalsheiði og víðerni	Miðlungs-hátt	Miðlungs-mikil	Miðlungs-mikil
10	Hrútafjörður og Miðfjörður	Miðlungs	Lítil	Miðlungs-lítil
11	Miðfjarðardalir	Miðlungs-lágt	Lítil	Lítil
12	Holtavörðuheði og Arnarvatnsheiði	Miðlungs	Lítil	Miðlungs-lítil
13	Uppsveitir Borgarfjarðar	Landslagsheild ekki tekin fyrir í greiningu		
14	Fjallendi og inndalir austan Snæfellsness	Miðlungs	Miðlungs-lítil	Miðlungs-lítil
15	Skógarströnd við sunnanverðan Hvammsfjörð	Miðlungs-lágt	Miðlungs-mikil	Miðlungs

Eins og sést í töflunni eru viðkvæmustu landslagsheildirnar þær sem eru taldar hafa hæsta gildið og/eða liggja næst fyrirhugaðri framkvæmd, en þær eru gjarnan næmastar fyrir þessum tilteknu breytingum. Viðkvæmasta heildin er landslagsheild 3 og næstviðkvæmustu heildirnar eru landslagsheildir 2 og 9, en framkvæmdin liggur innan þessara tveggja síðarnefndu.

4.7 Grunnástand valinna sjónarhorna

Grunnástandi valinna sjónarhorna verður hér gerð skil með almennri lýsingu sem og greiningu á helstu þáttum sem einkenna sjónarhornið og staðinn þar sem myndin er tekin. Núverandi ásynd frá sjónarhornunum er lýst og gerð grein fyrir líklegum sjónrænum viðtökum. Þá er viðkvæmni sjónarhorns metin með því að leggja mat á gildi sjónarhornsins annars vegar og næmni fyrir breytingum hins vegar í samræmi við matsþætti sem fram koma í kafla 2.3.4.

Tafla 21. Greining á grunnástandi valinna sjónarhorna

Sjónarhorn 01 – Straumur við Snæfellsnesveg	
Hnit staðsetningar	X: 334243, Y: 509272
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Austnorðaustur – ANA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	43,6 km
Staðsetning myndatökustaðar	Við áningarstaðinn Straumur við Snæfellsnesveg. Stutt frá sjávarsíðunni við Ólafseyjarsund í um 70 m hæð fyrir sjávarmáli. Á þessum stað er útskot við veginn og fólk stoppar gjarnan á þessum stað til að njóta útsýnis yfir Hvammsfjörð og út á Breiðafjörð. Staðurinn er merktur á Google maps sem góður útsýnisstaður. Borð og bekkir eru fyrir ofan veg. Á þessum stað sést fyrst í vindmyllur Hróðnýjarstaða þegar ekið er austur eftir Snæfellsnesvegi.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Vegfarendur, sem gjarnan eru ferðamenn, sem eiga leið um Snæfellsnesveg og vegfarendur sem stoppa við áningarstaðinn Straumur til að njóta útsýnis yfir firði og sker.
Núverandi ásynd	Frá þessum stað er gott útsýni til vesturs, norðurs og austurs yfir Ólafseyjarsund, út á Breiðafjörð og inn Hvammsfjörðinn, en einnig yfir á Klofningsnes og sunnanverða Vestfirði. Sjóndeildarhringurinn er fjölbreyttur með útsýni yfir fjörðinn með eyjum og skerjum. Hinum megin við fjörðinn má sjá ýmis fell og fjalllendi. Lítið er um mannvirki og aðra innviði að undanskildum Snæfellsnesvegi og örfáum býlum sem glittir í úti á skerjum og handan fjarðarins. Landið á þessum stað er þýft með lágum gróðri og votlendi þar á milli. Stutt er í sjávarsíðuna en landið fer hækkandi frá sjó og að myndatökustað.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Á þessum stað stoppa vegfarendur og ferðamenn til að njóta útsýnis og ásyndar náttúrunnar. Staðurinn er áningarstaður með útskoti við veginn, bekki og borð, og merktur á kort sem útsýnisstaður. Landslagið er fjölbreytt og samanstendur af samfelldum náttúrulegum formum þar sem lítið ber á manngerðum þáttum. Víðsýni, náttúruleg ásynd og fjölbreytni í sjónrænum þáttum auka gildi sjónarhornsins. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-hátt</u> og næmni <u>miðlungs-mikil</u> . Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-mikil</u> .
Sjónarhorn 02 – Breiðabólstaður á Skógarströnd	
Hnit staðsetningar	X: 340589, Y: 508657
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Austnorðaustur – ANA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	37,8 km

Staðsetning myndatökustaðar	Við heimreiðina að bænum Breiðabólstað og Breiðabólstaðakirkju á Skógarströnd, rétt við Snæfellsnesveg, í um 46 m hæð yfir sjávarmáli. Klápfell til suðurs fyrir aftan bæinn. Myndin er tekin um 1,5 km frá sjávarsíðunni við Heyvík.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, kirkjugestir og aðrir sem eiga leið hjá um Snæfellsnesveg.
Núverandi ásynd	Landið á þessum stað einkennist af lágum fellum, flatlendi, lággróðri og kjarri. Svæðið einkennist af mólendi en gróður á svæðinu er að einhverju leyti strjál og á stöku stað glittir í grjót og beran jarðveg og mól. Mannvirki eru strjál og Snæfellsnesvegur liggur um svæðið. Land skyggir að miklu leyti á sýn út á sjó og inn Hvammsfjörð en handan fjarðarins sést í fjöll á Klofningsnesi.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Á þessum stað er beygt af veginum til að keyra að Breiðabólstaðarkirkju. Útsýni ekki talið mikilvægt þó má ætla að staðurinn hafi ákveðið gildi vegna kirkjunnar. Landslagið hefur heildstæða náttúrulega ásynd og það er nokkuð víðsýnt. Sjóndeildarhringurinn einkennist af mjúkum útlínum og kennileitin samandstanda af lágum ásum í nærumhverfinu og fjallstindum í fjarska hinum megin við fjörðinn. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs</u> . Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs</u> .

Sjónarhorn 03 – Bíldhóll á Skógarströnd

Hnit staðsetningar	X: 348296 Y: 506004
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Norðaustur – NA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	31,2 km
Staðsetning myndatökustaðar	Við gatnamót Snæfellsnesvegs og Heydalsvegs, við bæinn Bíldhól, í um 39 m hæð yfir sjávarmáli. Svínafossá rennur til sjávar til norðvesturs. Um 1,5 km er að sjávarsíðunni og árósum Svínafossár.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, ferðamenn og aðrir sem eiga leið um Snæfellsnes- og/eða Heydalsveg.
Núverandi ásynd	Landið á þessum stað er heldur flatt en hækkar jafnt og þétt frá sjávarsíðunni. Lítið er um hávaxinn gróður og einkennist svæðið aðallega af mólendi, framræstum túnum, lítt grónum melum og klettanibbum. Örfá mannvirki eru á svæðinu þá aðallega býli, en á svæðinu er einnig að sjá girðingar, vegi og raflínúmöstur. Gott útsýni er yfir Hvammsfjörðinn og fjalllendið hinum megin við fjörðinn. Einnig er gott útsýni inn fjörðinn til norðausturs og í átt að vindorkuverinu.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er ekki talið mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Sjónrænir viðtakar eru líklegast í bíl á ferð, þó má ætla að staðurinn hafi gildi fyrir íbúa bæjarins Bíldhól. Ásynd landslagsins frá þessu sjónarhorni einkennist af náttúrulegum formum og láréttum línum þar sem landið er frekar flatt og einsleitt. Helstu kennileitin eru lítið áberandi lágir ásar í nærumhverfinu og fjallstindar í fjarlægð. Útsýnið er víðáttumikið og fremur fábreytt frá þessu sjónarhorni og landslagið mjög opið gagnvart himni. Gildi sjónarhorns er talið <u>lágt</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u> . Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-lítill</u> .

Sjónarhorn 04 – Dunkárbakki í Hörðudal	
Hnit staðsetningar	X: 361274 Y: 504533
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Norðaustur – NA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	22 km
Staðsetning myndatökustaðar	Á Snæfellsnesvegi við heimreiðina að bænum Dunkárbakka í Hörðudal í um 44 m hæð yfir sjávarmáli. Staðurinn er í um 2 km fjarlægð frá sjávarsíðunni.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, ferðamenn og aðrir sem eiga leið um Snæfellsnesveg.
Núverandi ásynd	Landið á þessum stað er heldur flatt en fer hækkandi frá sjávarsíðunni. Til austurs rennur Dunká um gil og brú liggur þar yfir ána. Dunká rennur til sjávar en gott útsýni er yfir Hvammsfjörðinn og þegar horft er inn eftir dalnum sést til Búðardals. Svæðið einkennist helst af mólendi og framræstum túnum sem og öðru hefðbundnu landbúnaðarlandi. Vegir, girðingar, raflinumöstur og mannvirki gefa svæðinu heldur manngerðan brag.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er ekki talið mikilvægt frá þessu sjónarhorni, þó er mögulegt að keyra af veginum austan við brúna. Frá þessu sjónarhorni einkennist landslagið af náttúrulegum láréttum útlínum sem mæta himni. Helsta kennileitið er Dunká og brúin yfir gljúfrið sem áin rennur um. Bærinn Dunkárbakki ber við haf og fjöll í fjarska því ber nokkuð á mannlegum þáttum í útsýninu. Frá þessu sjónarhorni er víðsýnt og landslagið mjög opið gagnvart himni. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>lítill</u> . Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-lítill</u> .
Sjónarhorn 05 – Gatnamót Vestfjarðavegar og Laxárdalsvegar	
Hnit staðsetningar	X: 371046 Y: 512844
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Norðnorðaustur - NNA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	10 km
Staðsetning myndatökustaðar	Við Gatnamót Vestfjarðavegar og Laxárdalsvegar í um 44 m hæð yfir sjávarmáli. Staðurinn er fyrir botni Hvammsfjarðar, skammt frá árósum Laxár í Dölum, í um 2 km fjarlægð suðaustur af Búðardal.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, ferðamenn, vegfarendur og aðrir sem eiga leið um svæðið.
Núverandi ásynd	Landið á þessum stað er heldur flatt en fer hækkandi frá sjávarsíðunni. Svæðið einkennist af mólendi, graslendi, framræstum túnum og öðru landbúnaðarlandi. Svæðið er einnig í grennd við þéttbýlið Búðardal. Myndin er tekin fyrir botni Hvammsfjarðar og er gott útsýni út fjörðinn með fjallendi Vestfjarða til norð-vesturs og Snæfellsnesið til suðvesturs. Þegar horft er inn til landsins er að sjá hlíðar og dali og nokkuð er um mannvirki í útsýninu, vegi, stikur, byggingar og raflinumöstur.

Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er talið nokkuð mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Vestfjarðavegur er helst leiðin út á Vestfirði og þarna eru margir á ferðinni. Landslagið einkennist af láréttum línunum, aflíðandi hlíðum og lágum hæðum með engum afgerandi náttúrulegum kennileitum. Fjöllin í fjarska bera við himinn ásamt hæðunum í nærumhverfinu. Sjóndeildarhringurinn er fjarlægur en allfjölbreyttur. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs-mikil</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs</u>.
----------------------------	--

Sjónarhorn 06 – Höskuldsstaðir í Laxárdal

Hnit staðsetningar	X: 373450 Y: 515164
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Norðnorðaustur - NNA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	7 km
Staðsetning myndatökustaðar	Á Laxárdalsvegi við bæinn Höskuldsstaði í Laxárdal. Við árbakka Laxár í Dölum í um 51 m hæð yfir sjávarmáli.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, vegfarendur um Laxárdalsveg, ferðamenn einkum þeir sem hyggjast stunda veiði í Laxá í Dölum.
Núverandi ásynd	Landið á þessum stað er heldur flatt með aflíðandi hlíðum sitt hvorum megin við dalinn. Svæðið einkennist af graslendi, framræstum túnum og öðru landbúnaðarlandi, einstaka mannvirkjum og Laxá sem rennur niður dalinn. Byggingar sjást handan við dalinn bera við himinn.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er ekki talið mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Sjónrænir viðtakar eru nokkuð fjölbreyttir og eru íbúar eða vegfarendur í Laxárdal. Landið er nokkuð fábreytt og engin áberandi náttúruleg kennileiti. Frá þessu sjónarhorni er sjóndeildarhringurinn nálægur þar sem hlíðar dalsins takmarka sýn að einhverju leyti. Dalurinn er engu að síður opin og lágt fjalllendið í kring myndar láréttar línur við sjóndeildarhring. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-lítill</u>.

Sjónarhorn 07 – Þrándarkot í Laxárdal

Hnit staðsetningar	X: 377757 Y:517624
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Norður – N
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	4,3 km
Staðsetning myndatökustaðar	Á Laxárdalsvegi við bæinn Þrándarkot í Laxárdal. Við árbakka Laxár í Dölum í um 49 m hæð yfir sjávarmáli og í um 6 km fjarlægð frá sjó.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, vegfarendur um Laxárdalsveg, ferðamenn einkum þeir sem hyggjast stunda veiði í Laxá í Dölum.
Núverandi ásynd	Landið á þessum stað er heldur flatt með aflíðandi hlíðum sitt hvorum megin við dalinn. Svæðið einkennist af graslendi, framræstum túnum og öðru landbúnaðarlandi, stöku mannvirkjum og Laxá sem rennur um dalinn.

Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er ekki talið mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Sjónrænir viðtakar eru nokkuð fjölbreyttir og eru íbúar og vegfarendur í Laxárdal. Landslagið er fremur fábreytt, lítið um kennileiti og einkennist af látlausu fjallendi við nálægan sjóndeildarhring. Mannvirki eru strjál en landið einkennist engu að síður af manngerðum þáttum. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-lítill</u>.
----------------------------	--

Sjónarhorn 08 – Laxárdalsvegur við Sólheima

Hnit staðsetningar	X: 388423 Y: 525301
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Vestur – V
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	9,6 km
Staðsetning myndatökustaðar	Á Laxárdalsvegi við heimreiðina að bænum Sólheimum. Við árbakka Laxár í Dölum í um 97 m hæð yfir sjávarmáli og um 16 km fjarlægð frá sjó. Skammt frá Laxárvatni og Skeggjagili.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, vegfarendur um Laxárdalsveg, ferðamenn einkum þeir sem hyggjast stunda veiði í Laxá í Dölum.
Núverandi ásýnd	Landið á þessum stað er aflíðandi með aflíðandi hlíðum beggja vegna við dalinn. Lítið er um mannvirki á svæðinu en rafmagnsmöstur sjást þó allt um kring. Laxárdalsvegur liggur hér upp við Laxá en árbakkar árinna eru heldur gróðursnauðir og ber mól og jarðvegur sést víða. Annars einkennist svæðið af þýfðu mólendi.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er ekki talið mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Sjónrænir viðtakar eru líklegast í bíl á ferð. Frá þessu sjónarhorni ber við náttúrulegt landslag og lítt fjölbreytt. Ásýndin einkennist af láréttum línunum, aflíðandi hlíðum og áin er helsta kennileitið. Flatt landið og lágir ásar í nærumhverfinu bera við himinn. Sjóndeildarhringurinn er flatur og mis nálægur en mikil víðátta. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-lítill</u>.

Sjónarhorn 09 – Búðardalur

Hnit staðsetningar	X: 370095 Y: 514668
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Norðaustur – NA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	9,9 km
Staðsetning myndatökustaðar	Í þéttbýli Búðardals í suðurenda bæjarins við gatnamót Vesturbrautar og Brekkuhvams. Í um 24 m hæð yfir sjávarmáli skammt frá sjávarsíðunni fyrir botni Hvammsfjarðar. Hér er ýmsa þjónusta að finna fyrir íbúa og ferðamenn.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, ferðamenn og aðrir vegfarendur á Vestfjarðavegi.
Núverandi ásýnd	Svæðið einkennist af því að vera innan þéttbýlis þar sem ýmis hús, þjónusta vegir og önnur mannvirki eru í auglýs. Landið er annars flatt

	með aflíðandi hlíðar þegar horft er inn til lands. Eitthvað af kjarri, birki og öðrum trjám stendur upp úr annars ræktuðu grasi.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Á þessum stað er útsýni nokkuð mikilvægt fyrir íbúa Búðardals og nærsveitunga sem sækja þar þjónustu ásamt ferðamanna sem fara þar um. Stærsti hluti sjóndeildarhringsins er náttúrulegt landslag en þéttbýlið og mannvirkin tengd því er þungamiðja sjónsviðsins. Landslagið er fábreytt og samanstendur af láréttum línunum og aflíðandi hlíðum. Fjöllin í fjarska bera við himinn ásamt byggingum og hæðunum í nærumhverfinu. Helstu kennileitin eru manngerð í þéttbýlinu. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs</u>.

Sjónarhorn 10 – Hjarðarholt í Laxárdal

Hnit staðsetningar	X: 372859 Y: 516764
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Norðaustur – NA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	5,6 km
Staðsetning myndatökustaðar	Á Hjarðarholtsvegi við heimreiðina að Hjarðarholti og Hjarðarholtskirkju í Laxárdal. Staðurinn er í um 3 km fjarlægð norðaustur af Búðardal, í um 2 km fjarlægð frá sjó og í um 97 m hæð yfir sjávarmáli.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, vegfarendur og kirkjugestir.
Núverandi ásynd	Landið á þessum stað er nokkuð flatt, þó eru aflíðandi brekkur og fell á sjóndeildarhringnum allt um kring. Útsýni er til norðvesturs að Hvammsfirði og sést yfir í Hvammssveit hinum megin við fjörðinn. Svæðið í kring einkennist af nokkrum býlum með tilheyrandi ræktuðu landi innan um mólendi sem er sums staðar orðið rofið og gróðursnautt.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni ekki talið mikilvægt frá þessu sjónarhorni þó má ætla að staðurinn hafi ákveðið gildi vegna kirkjunnar. Landslagið hefur heildstæða náttúrulega ásynd. Sjóndeildarhringurinn einkennist af mjúkum útlínum þar sem land mætir himni. Náttúruleg kennileiti í nærumhverfi eru fá en í fjarska má sjá fjallstinda. Hlíðarnar sunnan megin dalsins takmarka sýn að einhverju leyti þannig að þrengir að sjóndeildarhringnum. Engu að síður er víðsýnt og sjóndeildarhringur víðast fjarlægur. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs</u>.

Sjónarhorn 11 – Spágilsstaðir

Hnit staðsetningar	X: 374690 Y: 518277
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Norðnorðaustur - NNA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	2,4 km
Staðsetning myndatökustaðar	Á veginum sem liggur til norðurs frá Hjarðarholtsvegi og að bænum Hrónýjarstöðum, rétt norðan við heimreiðina að bænum Spágilsstöðum. Í um 87 m hæð yfir sjávarmáli og 2,5 km fjarlægð frá sjó.

Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar og einhverjir vegfarendur um svæðið en vegurinn endar við Hróðnýjarstaði.
Núverandi ásynd	Landið á þessum stað er nokkuð flatt, þó eru aflíðandi brekkur og fell við sjóndeildarhring allt um kring. Svæðið í kring einkennist af nokkrum býlum og sumarbústöðum með tilheyrandi ræktuðu landi innan um mólendi.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er ekki talið mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Sjónrænir viðtakar eru líklegast fáir, þó má ætla að staðurinn hafi gildi fyrir íbúa bæjarins bæjanna. Landslagið hefur heildstæða náttúrulega ásynd. Landslagið er fábreytt og náttúruleg kennileiti eru fá en í fjarska má sjá fjallstinda. Gildi sjónarhorns er talið <u>lágt</u> og næmni <u>miðlungs</u> . Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-lítill</u> .

Sjónarhorn 12 – Vestfjarðavegur við Naustabót

Hnit staðsetningar	X: 372037 Y: 518299
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Norðaustur – NA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	4,8 km
Staðsetning myndatökustaðar	Á Vestfjarðavegi við ána Ljá og í um 400 m fjarlægð frá sjó í Naustabót í Hvammsfirði. Staðurinn er í um 14 m hæð yfir sjávarmáli.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, ferðamenn og aðrir vegfarendur.
Núverandi ásynd	Landið á þessum stað er heldur flatt með hólum og fellum í fjarska. Vestfjarðavegur liggur á þessum stað með brú yfir ána Ljá sem hlykkjast innan um mólendið. Einhver býli eru í fjarska en annars lítið um mannvirki. Vegrið og girðingar eru þó á svæðinu og sést í barrskógrækt sunnan megin við ána. Myndin er tekin nálægt sjávarsíðunni við botn Hvammsfjarðar.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er ekki talið mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Sjónrænir viðtakar eru margir á leið um Vestfjarðaveg sem er helsta leiðin út á Vestfirði. Landslagið hefur heildstæða náttúrulega ásynd. Sjóndeildarhringurinn einkennist af mjúkum láréttum útlínum og landslagið er fremur fábreytt og lítið um kennileiti. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u> . Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-lítill</u> .

Sjónarhorn 13 – Ljárskógar veiðihús

Hnit staðsetningar	X: 373103 Y: 520334
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Norðaustur – NA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	2,6 km
Staðsetning myndatökustaðar	Á Vestfjarðavegi við Ljárskógarströnd í um 150 m fjarlægð frá sjó fyrir botni Hvammsfjarðar. Á þessum stað er útskot við veginn og minnisvarði um Jón Jónsson söngvara og skáld frá Ljárskógum. Veiðihúsið Ljárskógar er einnig stutt frá. Staðurinn er í um 27 m hæð yfir sjávarmáli.

Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, ferðamenn og aðrir vegfarendur.
Núverandi ásynd	Landið á þessum stað er aflíðandi niður að sjávarsíðunni til vesturs. Ýmis fjöll og fell sjást við sjóndeildarhring. Svæðið einkennist helst af mó- og graslendi auk framræstum túnum í kring um býli á svæðinu. Hér er fjölfarinn vegur og raflínumöstur eru í hlíðunum í kring.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Á þessum stað er útsýni all stórbrotið í átt að hafinu. Þeir sem stoppa þarna til að njóta útsýnisins munu beina sjónum sínum í þá átt og þá snúa baki í vindmyllurnar. Þegar litið er inn til landsins er það fábreytt en frekar víðsýnt yfir ósnortið land. Landslagið hefur heildstæða náttúrulega ásynd. Sjóndeildarhringurinn einkennist af mjúkum láréttum útlínum og fjöllin í fjarska bera við himinn ásamt hæðunum í nærumhverfinu. Sjóndeildarhringurinn er víðáttumikill og landslagið opið mót himni. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-lítill</u>.

Sjónarhorn 14 – Við ána Fáskrúð

Hnit staðsetningar	X: 374655, Y: 523506
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Austur – A
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	1,2 km
Staðsetning myndatökustaðar	Við ána Fáskrúð í Dölum sem er vinsæl laxveiðiá. Staðurinn er í um 2 km fjarlægð frá sjó og í um 44 m hæð yfir sjávarmáli.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Vegfarendur, fólk í útivist á göngu- og reiðleið og þeir sem hyggjast stunda veiði í Fáskrúð í Dölum.
Núverandi ásynd	Landið á þessum stað er heldur flatt en þó aflíðandi niður að sjávarsíðu Hvammsfjarðar. Hér er mólendi í kring um ána Fáskrúð en á mörgum stöðum er gróðursnautt og bert. Að undanskildum veginum og einum veiðikofa er engin mannvirki að sjá.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er ekki talið mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Sjónrænir viðtakar eru fáir og líklegast í bíl á ferð. Landslagið hefur heildstæða náttúrulega ásynd. Sjóndeildarhringurinn er nálægur og einkennist af mjúkum láréttum útlínum. Landslagið er fábreytt og náttúruleg kennileiti í eru lítið áberandi. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-lítill</u>.

Sjónarhorn 15 – Ljárskógasel við ána Fáskrúð

Hnit staðsetningar	X: 377514 Y: 529088
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Suður – S
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	4,3 km
Staðsetning myndatökustaðar	Frá vegslóða sem liggur við ána Fáskrúð í Dölum og skammt frá Ljárskógaseli. Fáskrúð er vinsæl laxveiðiá. Staðurinn er í um 6,5 km frá sjó og í um 127 m hæð yfir sjávarmáli.

Líklegir sjónrænir viðtakar	Vegfarendur, fólk í útivist á göngu- og reiðleið og þeir sem hyggjast stunda veiði í Fáskrúð í Dölum.
Núverandi ásynd	Landið á þessum stað er heldur einsleitt og barð liggur niður í ána Fáskrúð vestan megin við hana. Þýft mólendi er viðvarandi á svæðinu og lítið er um mannvirki og innviði að undanskildum malarveginum sem liggur meðfram ánni.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er talið nokkuð mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Sjónrænir viðtakar eru fáir en er líklegast fólk í útivist. Landslagið hefur heildstæða náttúrulega ásynd en er fremur fábreytt og hrjóstrugt. Hæðin hinu megin við ána þrengir sjóndeildarhringurinn eilítið þar sem hliðarnar hefta sýn að einhverju leyti, landslagið er engu að síður opið gangvart himni og sjóndeildarhringurinn einkennist af láréttum mjúkum línunum þar sem himinn og land mætast og ber mest á ánni sem helsta kennileitin. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs</u>.

Sjónarhorn 16 – Vestfjarðavegur norðan við ána Fáskrúð

Hnit staðsetningar	X: 372769 Y: 522781
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Austur – A
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	2,5 km
Staðsetning myndatökustaðar	Á Vestfjarðavegi norðan við ána Fáskrúð. Staðurinn er í um 350 m fjarlægð frá sjó fyrir botni Hvammsfjarðar og í um 22 m hæð yfir sjávarmáli.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Vegfarendur um Vestfjarðaveg.
Núverandi ásynd	Landið á þessum stað er flatt með graslendi og mólendi. Vestfjarðavegur liggur meðfram sjávarsíðunni þar sem er útsýni yfir Hvammsfjörð. Að undanskildum veginum og girðingu sést ekki mikið af mannvirkjum né innviðum á svæðinu.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er ekki talið mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Engu að síður er það allstórbrotið í átt að hafinu og líklegast munu flestir beina sjónum sínum í þá átt. Sjónrænir viðtakar eru líklegast í bíl á ferð en Vestfjarðavegur er helsta leiðin út á Vestfirði. Lítið ber á mannvirkjum, ásyndin samanstendur af náttúrulegum heildstæðum útlínum og láréttum línunum. Landið er fábreytt og aflíðandi og helstu kennileitin eru lítið áberandi lágir ásar í nærumhverfinu og fjallstindar í fjarlægð. Fjöllin í fjarska bera við himinn ásamt hæðunum í nærumhverfinu og mynda útlínurnar þar sem land/haf mætir himni. Sjóndeildarhringurinn er víðáttumikill og landslagið opið mót himni og hafi. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-lítill</u>.

Sjónarhorn 17 – Magnússkógar í Hvammssveit

Hnit staðsetningar	X: 372609, Y: 527176
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Suðaustur – SA

U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	5,2 km
Staðsetning myndatökustaðar	Við bæinn Magnússkóga í Hvammssveit. Staðurinn er í um 2 km fjarlægð frá sjó fyrir botni Hvammsfjarðar og í um 54 m hæð yfir sjávarmáli.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar og gestir Magnússkóga.
Núverandi ásynd	Landið á þessum stað er heldur flatt en aflíðandi niður til sjávar. Svæðið einkennist af ræktuðu landi og skjólbeltum í kring um Magnússkóga. Í suðausturátt má sjá Glerá renna niður hlíðina. Það er ekki mikið sem skyggir á sjóndeildarhringinn og er gott útsýni út á Hvammsfjörðinn.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er ekki talið mikilvægt frá þessu sjónarhorni það er engu að síður stórbrotið út mót hafinu. Sjónrænir viðtakar eru líklega fáir, þó má ætla að staðurinn hafi gildi fyrir íbúa bæjarins Magnússkóga. Lítið ber á mannvirkjunum frá þessu sjónarhorni. Ásyndin samanstendur af heildstæðum náttúrulegum láréttum línunum. Það er lítil staðfræðileg fjölbreytni engin áberandi kennileiti en í fjarska bera fjöll og lágreist fell við himinn. Hafið er hlutfallslega stór hluti af sjóndeildarhringnum. Sjóndeildarhringurinn er víðáttumikill og landslagið opið mót himni og hafi. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-lítill</u>.

Sjónarhorn 18 – Ásgarður í Hvammssveit

Hnit staðsetningar	X: 370769 Y: 528469
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Suðaustur – SA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	7,4 km
Staðsetning myndatökustaðar	Á Vestfjarðavegi við heimreiðina að bænum Ásgarði í Hvammssveit. Staðurinn er í um 2,5 km frá sjó fyrir botni Hvammsfjarðar og í um 43 m hæð yfir sjávarmáli. Á þessum stað á Vestfjarðavegi sést fyrst í vindmyllur Hróðnýjarstaða þegar ekið er suður eftir veginum.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, ferðamenn og aðrir vegfarendur á leið suður um Vestfjarðaveg.
Núverandi ásynd	Landið á þessum stað er heldur flatt með klettanibbur sem standa upp úr flötu landinu. Hlíðar Hólafjalls sjást til vesturs og Ásgarðsfjalls til austurs og útsýnið opnast út á Hvammsfjörð beint af augum þegar ekið er suður eftir veginum. Nokkur býli eru á svæðinu og landbúnaðarland einkennandi með tún, graslendi og mólendi. Klettanibbur, girðing og raflínúmöstur skyggja á útsýnið út á fjörðinn til hægri við veginn en beint af augum og til vinstri við veginn er útsýnið óhindrað að fjöllum í fjarska.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er talið nokkuð mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Sjónrænir viðtakar eru nokkuð margir á þessari helstu leið út á Vestfirðina en líklegast í bíl á ferð. Landslagsásyndin samanstendur af náttúrluegum útlínum og láréttum og aflíðandi línunum í nærumhverfinu. Í fjarska bera fjöll og lágreist fell við himinn. Fjallstindarnir brjóta upp láréttar línurnar og auka staðfræðilegu fjölbreytnina ásamt hraunstöpunum sem eru helsta kennileitið í nærumhverfinu. Hafið er hlutfallslega stór hluti af

	sjóndeildarhringnum. Fjallshlíðar beggja megin vegarins þrengja útsýnið nokkuð en útsýnið engu að síður nokkuð vítt. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-lítill</u>.
--	---

Sjónarhorn 19 – Laugar í Sælingsdal

Hnit staðsetningar	X: 368921 Y: 530384
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Suðaustur – SA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	10 km
Staðsetning myndatökustaðar	Við Laugar í Sælingsdal í um 94 m hæð yfir sjávarmáli og 4,5 km fjarlægð frá sjó. Laugar er vinsæll viðkomustaður en þar er rekið hótél með veitingastað auk sundlaugar, náttúrulegar og tjaldsvæðis. Laugar var lengi skólasetur með aðstöðu til íþróttaiðkunar. Ýmsar gönguleiðir eru í nágrenni Lauga.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Ferðamenn, gestir á hóteli, baðgestir, göngufólk, íbúar og aðrir vegfarendur.
Núverandi ásynð	Horft er frá náttúruleginni á Laugum út Sælingsdal. Laugum tilheyra fjölmörg mannvirki og Lambahóll stendur í miðjum dalnum. Skógrækt er í hlíðum fjallsins og ræktað land í kring um mannvirkin. Annars er mólendi ráðandi í dalnum. Svæðið er með ansi manngerðan brag enda heldur uppbyggt svæði auk þess sem raflínumöstur liggja um dalinn. Til suðausturs opnast útsýni út dalinn og sést landið við Laxárdalsheiði og fjalllendi í fjarska.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýnið er talið mikilvægt. Sjónrænir viðtakar eru nokkuð margir en þarna eru ferðamenn og íbúar sem eru taldir næmir fyrir breytingum. Nærumhverfið einkennist af manngerðum þáttum en sjóndeildarhringur og landslagið í fjarska einkennist af náttúrulegum og mjúkum útlínum. Fjölbreytni landslagsins er nokkur og má sjá ýmis kennileiti. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-hátt</u> og næmni <u>miðlungs-mikil</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-mikil</u>.

Sjónarhorn 20 – Krosshólaborg við Klofningsveg

Hnit staðsetningar	X: 369575, Y: 526974
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Austsuðaustur – ASA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	7,4 km
Staðsetning myndatökustaðar	Við Krosshólaborg sem er áningarstaður Vegagerðarinnar við Klofningsveg í Hvammssveit. Við Krosshólaborg er bílastæði og söguskilti en einnig minnisvarði um Auði Djúpúðgu. Staðurinn er í um 1 km fjarlægð frá sjó og í um 74 m hæð yfir sjávarmáli.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Vegfarendur og ferðamenn sem gera sér ferð á Krosshólaborg.
Núverandi ásynð	Gott útsýni og mikið víðsýni er frá þessum stað yfir Hvammssveit og Hvammsfjörð. Svæðið einkennist af ýmsum bæjum og býlum, ræktaðu landi og túnum sem og óbyggðu landi, heiðum og fjöllum. Laxá hlykkjast

	niður dalinn og út í Hvammsfjörð. Hólafljall, Skálarfljall og Miðfljall sjást vel frá Krosshólum en lítið annað skyggir á sjóndeildarhringinn og mikið víðsýni er til suðurs og austurs.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er talið mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Sjónrænir viðtakar eru nokkuð margir og stoppa á þessum stað til m.a. að njóta útsýnis og teljast því næmir fyrir ásýndarbreytingum. Náttúrulegu útlínur landslagsins eru ráðandi þó ber eitthvað á mannvirkjum og á manngerðum þáttum. Fjölbreytni landslagsins er þónokkuð mikil. Fjöll í fjarska, lægri hæðir og klettaborgir í nærumhverfinu, ásamt sléttunni í botni dalsins þar sem áin rennur og árósum hennar þar sem hún mætir hafi. Allt sem á undan er talið er líka áberandi kennileiti og því margt sem grípur augað frá þessu sjónarhorni. Sérkenni landslagsins er strandlínan með árósunum og hvernig toppar fjallanna í fjarska og beggja vegna dalsins mynda útlínurnar á því þar sem land mætir himni í sjóndeildarhringnum. Gildi sjónarhorns er talið <u>hátt</u> og næmni <u>mikil</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>mikil</u>.

Sjónarhorn 21 – Klofningsvegur við Hvamm

Hnit staðsetningar	X: 368494, Y: 526227
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Austsuðaustur – ASA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	7,9 km
Staðsetning myndatökustaðar	Við gatnamót Klofningsvegur og Hvammskirkjuvegur en það er heimreiðin að bænum Hvammi sem er kirkjustaður. Staðurinn er skammt frá Hvammsá og árósum hennar í um 600 m fjarlægð frá sjó fyrir botni Hvammsfjarðar og í 9 m hæð yfir sjávarmáli.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, ferðamenn og aðrir vegfarendur um Klofningsveg eða Hvammskirkjuveg.
Núverandi ásynd	Á þessum stað við sjávarsíðuna er landið heldur flatt og einkennist af hefðbundnu landbúnaðarlandi með girðingum, ræktuðu landi, framræstum túnum og útihúsum. Til suðvesturs sést í hlíðar Skothryggs og til austurs í hlíðar Hólafljalls þar sem yst má sjá Skerðingsstaðahöfða. Útsýni er til suðurs og suðausturs yfir Hvammsfjörðinn. Landslagið hefur heildstæða náttúrulega ásynd, mannvirki eru fá og útihús Skerðingsstaða bera við himinn til austurs. Landið er nokkuð fjölbreytt í formum, dýpt í sjóndeildarhringnum og nokkurt víðsýni yfir fjörðinn.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er talið nokkuð mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Útskot er við gatnamótin og þar er söguskilti fyrir bæinn Hvamm. Sjónrænir viðtakar eru fjölbreyttir, kirkjugestir og aðrir ferðamenn á söguslóðum, vegfarendur ásamt íbúum, og teljast næmir fyrir ásýndarbreytingum. Landslagið er að nokkru leyti manngert en hefur engu að síður frekar náttúrulega ásynd þar sem mannvirki eru fá og dreifð og ekki ríkjandi þáttur í ásyndinni. Landslagið er fjölbreytt ásýndar og sjóndeildarhringur er fjölbreyttur. Náttúrulegu kennileitin samanstanda af klettaborgum í nærumhverfinu og fjallstindunum í fjarska hinum megin við fjörðinn. Hlíðar dalsins takmarka sýn að einhverju leyti þannig að þrengir að útsýninu út á fjörðinn. Dalurinn er engu að síður opinn og mynda fjallshlíðarnar og klappirnar sem uppúr þeim rísa báðum megin aflíðandi útlínur í

	sjóndeildarhringnum. Dalurinn er víður yst og landslagið opið mót hafi. Athygli fólks á svæðinu beinist líklegast mest út á fjörðinn. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-hátt</u> og næmni <u>mikil</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-mikil</u>.
--	---

Sjónarhorn 22 – Hvammur í Hvammssveit

Hnit staðsetningar	X: 367678, Y: 527210
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Austsuðaustur – ASA
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	9,0 km
Staðsetning myndatökustaðar	Við bæinn Hvamm í Hvammssveit, milli Hólafjalls og Skothryggs. Staðurinn er í um 1,5 km frá sjó og í um 39 m hæð yfir sjávarmáli.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar og gestir Hvamms, en vegurinn endar við bæinn.
Núverandi ásýnd	Hlíðar Hólafjalls og Skothryggs afmarka þröngan dalinn og útsýni opnast út dalinn til suðausturs þar sem sést yfir Hvammsfjörð og land og fjallstoppar handan fjarðarins í fjarska. Hvammsá rennur um dalsbotninn og til sjávar. Sjónarhornið einkennist helst af aflíðandi hlíðum dalsins með landbúnaðarlandi, graslendi og framræstum ræktunartúnum í dalsbotninum. Landslagið er fjölbreytt, brattar fjallshlíðar, klettur, lægri hæðir, skógrækt, landbúnaðarland í flötum dalsbotni, hafið og fjöll í fjarska.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er talið nokkuð mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Sjónrænir viðtakar eru fjölbreyttir, kirkjugestir og aðrir ferðamenn á söguslóðum ásamt íbúum, og teljast næmir fyrir ásýndarbreytingum. Landslagið er að nokkru leyti manngert en hefur engu að síður heildstæða náttúrulega ásýnd þar sem mannvirki eru fá og dreifð og ekki ríkjandi þáttur í ásýndinni. Landslagið er fjölbreytt ásýndar og sjóndeildarhringur er fjölbreyttur. Ýmis kennileiti og margt sem grípur augað frá þessu sjónarhorni. Hlíðar dalsins þrengja töluvert útsýnið út á Hvammsfjörð en líklegt er að athygli fólks beinist að miklu leyti í þá átt. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-hátt</u> og næmni <u>mikil</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-mikil</u>.

Sjónarhorn 23 – Skarfsstaðir í Hvammssveit

Hnit staðsetningar	X: 367011, Y: 523125
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Austur – A
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	8,2 km
Staðsetning myndatökustaðar	Á Klofningsvegi við heimreiðina að bænum Skarfsstöðum í Hvammssveit. Skammt frá sjávarsíðunni í um 39 m hæð yfir sjávarmáli.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, ferðamenn og aðrir vegfarendur um Klofningsveg.
Núverandi ásýnd	Landið á þessum stað er aflíðandi niður að sjávarsíðunni. Mó- og graslendi liggur frá veginum og niður að sjó. Útsýni er vítt yfir og inn eftir

	Hvammsfirði þegar horft er til austurs og suðurs. Landið er nokkuð einsleitt í formum en það er fjölbreytni í dýpt og mikið víðsýni yfir fjörð, heiðar og fjöll. Í sjónarhorninu sjást manngerðir þættir eins og nokkur býli handan fjarðarins án þess að vera ríkjandi í umhverfinu, og í nærumhverfinu er vegur, stikur og girðingar.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er ekki talið mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Sjónrænir viðtakar eru frekar fáir og að mestu leyti íbúar og aðrir á ferð um Klofningsveg. Náttúrulegar línur landslagsins eru ráðandi þó beri aðeins á mannlegum þáttum, en mannvirkin eru fá og strjál og ekki ríkjandi þáttur í ásýndinni. Helstu kennileiti eru lítið áberandi lágir ásar í nærumhverfinu, hafið og fjallstindar í fjarska. Sjóndeildarhringurinn er tiltölulega flatur en þó nokkuð fjölbreyttur í dýpt. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-lítill</u>.

Sjónarhorn 24 – Klofningsvegur austan Rauðbarðaholts

Hnit staðsetningar	X: 363780, Y: 520594
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Austur – A
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	13,2 km
Staðsetning myndatökustaðar	Á Klofningsvegi austan við bæinn Rauðbarðaholt í Hvammssveit. Staðurinn er í um 2 km fjarlægð frá sjó og í um 126 m hæð yfir sjávarmáli.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, ferðamenn og aðrir vegfarendur sem ferðast austur um Klofningsveg.
Núverandi ásýnd	Landið á þessum stað er aflíðandi niður að sjó með hólum og stöpum sem setja svip á umhverfið. Svæðið einkennist aðallega af mólendi með bera mela og hamrastalla inni á milli. Útsýni einkennist af lágum stöpum í nærumhverfinu og fjalllendi í fjarska. Hólar skyggja að hluta til á útsýnið niður að sjó en þegar horft er í austur sést yfir Hvammsfjörðinn og landið hinum megin. Í sjónarhorninu sjást manngerðir þættir án þess að vera ríkjandi í umhverfinu, eins og raflínumöstur, vegur og stikur.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er ekki talið mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Sjónrænir viðtakar eru frekar fáir og að mestu leyti íbúar og aðrir á ferð um Klofningsveg. Í sjónarhorninu má aðallega sjá náttúrulegt landslag en nokkuð litla landfræðilega fjölbreytni. Sjóndeildarhringurinn einkennist af láréttum línunum með stöku klettastapa sem brjóta upp annars mjúkar útlínurnar sem myndast þar sem land mætir himni og útsýnið er allfjölbreytt og víðáttumikið. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-lítill</u>.

Sjónarhorn 25 – Valpúfa á Fellsströnd

Hnit staðsetningar	X: 356015, Y: 518296
U.þ.b. stefna sjónlínu að vindorkugarði	Austur – A
U.þ.b. fjarlægð að nálægustu vindmyllu	19,5 km

Staðsetning myndatökustaðar	Við bæinn Valpúfu á Fellsströnd, skammt frá Klofningsvegi. Staðurinn er í um 2,5 km fjarlægð frá sjó og í um 94 m hæð yfir sjávarmáli. Á Klofningsvegi við heimreiðina að bænum Valpúfu sést fyrst í vindmyllur Hróðnýjarstaða þegar ekið er austur eftir veginum.
Líklegir sjónrænir viðtakar	Íbúar, ferðamenn og aðrir vegfarendur um Klofningsveg.
Núverandi ásjýnd	Landið á þessum stað er heldur flatt með aflíðandi brekkum og lágreistum hólum og fellum. Gras, mólendi og ræktað land er einkennandi á yfirborði en einnig melar og hamrastallar. Nálægar hlíðar hóla og fella mynda sjóndeildarhringinn að mestu leyti en sjóndeildarhringurinn er fjarlægari þegar horft er til suðvesturs þar sem útsýni opnast út á sjó í Hvammsfirði og yfir á Skógarströnd á Snæfellsnesi. Í sjónarhorninu sjást ýmsir manngerðir þættir eins og býli með mannvirkjum, vegir, girðingar og framræst tún.
Gildi og næmni (viðkvæmni)	Útsýni er ekki talið mikilvægt frá þessu sjónarhorni. Sjónrænir viðtakar eru fáir en þó má ætla að staðurinn hafi gildi fyrir íbúa svæðisins. Ásjýnd landsins er frekar einsleit og kennileiti fá þó svo að ýmsir þættir komi fyrir bæði manngerðir og náttúrulegir. Sjóndeildarhringurinn er að mestu leyti nálægur en fjarlægur þegar horft er til suðvesturs og sést þá yfir Hvammsfjörð. Helstu kennileiti eru Klofningsvegur, áin, lítið áberandi fell og ásar en í fjarska er einnig hafið. Gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u>. Viðkvæmni sjónarhorns er því talin <u>miðlungs-lítill</u>.

4.8 Samantekt á viðkvæmni sjónarhorna

Út frá mati á gildi og næmni sjónarhorna fæst niðurstaða um viðkvæmni. Í eftirfarandi töflu má sjá samantekt á viðkvæmni valinna sjónarhorna, sem metin er í kafla 4.7.

Tafla 22. Samantekt á viðkvæmni valinna sjónarhorna (gildi og næmni)

Sjónarhorn	Gildi	Næmni	Viðkvæmni sjónarhorns
01 Straumur við Snæfellsnesveg	Miðlungs-hátt	Miðlungs-mikil	Miðlungs-mikil
02 Breiðabólsstaður á Skógarströnd	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
03 Bíldhóll á Skógarströnd	Lágt	Miðlungs-lítill	Miðlungs-lítill
04 Dunkárbakki í Hörðudal	Miðlungs-lágt	Lítill	Miðlungs-lítill
05 Gatnamót Vestfjarðavegar og Laxárdalsvegur	Miðlungs-lágt	Miðlungs-mikil	Miðlungs
06 Höskuldsstaðir í Laxárdal	Miðlungs-lágt	Miðlungs	Miðlungs-lítill
07 Þrándarkot í Laxárdal	Miðlungs-lágt	Miðlungs-lítill	Miðlungs-lítill
08 Laxárdalsvegur við Sólheima	Miðlungs-lágt	Miðlungs	Miðlungs-lítill
09 Búðardalur	Miðlungs	Miðlungs-lítill	Miðlungs
10 Hjarðarholt í Laxárdal	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
11 Spágilsstaðir	Lágt	Miðlungs	Miðlungs-lítill
12 Vestfjarðavegur við Naustabót	Miðlungs-lágt	Miðlungs-lítill	Miðlungs-lítill
13 Ljárskógar veiðihús	Miðlungs-lágt	Miðlungs	Miðlungs-lítill
14 Við ána Fáskrúð	Miðlungs-lágt	Miðlungs	Miðlungs-lítill
15 Ljárskógasel við ána Fáskrúð	Miðlungs	Miðlungs-lítill	Miðlungs
16 Vestfjarðavegur norðan við ána Fáskrúð	Miðlungs-lágt	Miðlungs	Miðlungs-lítill
17 Magnússkógar í Hvammssveit	Miðlungs-lágt	Miðlungs	Miðlungs-lítill
18 Ásgarður í Hvammssveit	Miðlungs-lágt	Miðlungs-lítill	Miðlungs-lítill
19 Laugar í Sælingsdal	Miðlungs-hátt	Miðlungs-mikil	Miðlungs-mikil
20 Krosshólaborg við Klofningsveg	Miðlungs-hátt	Mikil	Miðlungs-mikil
21 Klofningsvegur við Hvamm	Miðlungs-hátt	Mikil	Miðlungs
22 Hvammur í Hvammssveit	Miðlungs-hátt	Mikil	Miðlungs-mikil
23 Skarfsstaðir í Hvammssveit	Miðlungs	Miðlungs-lítill	Miðlungs-lítill
24 Klofningsvegur austan Rauðbarðaholts	Miðlungs	Miðlungs-lítill	Miðlungs-lítill
25 Valþúfa á Fellsströnd	Miðlungs	Miðlungs-lítill	Miðlungs-lítill

Eins og sést í töflunni eru viðkvæmstu sjónarhornin þau sem eru talin hafa hæsta gildið og eru næmst fyrir þessum tilteknu breytingum. Viðkvæmstu sjónarhornin eru sjónarhorn 01, 19, 20 og 22 og næstviðkvæmstu sjónarhornin eru sjónarhorn 02, 05, 09, 10, 15 og 21 en þessar staðsetningar sjónarhorna eru taldar viðkvæmar vegna mismunandi þátta, t.d. vegna þess að þaðan sést vel til framkvæmdasvæðisins (sjónarhorn 19 og 20), staðirnir eru innan ósnortinna svæða (sjónarhorn 15), liggja nálægt framkvæmdasvæðinu (sjónarhorn 10) og/eða þaðan er stórbrotið útsýni sem hefur hátt gildi (sjónarhorn 01).

5 Mat á áhrifum

Áhrif framkvæmdar á landslagsheildir annars vegar (kafla 5.1) og á valin sjónarhorn hins vegar (kafla 5.2) eru hér sett fram þar sem sést hvernig samanlagt mat á viðkvæmni (gildi og næmni) og umfangi breytinga (bein áhrif og sjónræn áhrif) gefur niðurstöðu um heildaráhrif.

5.1 Mat á áhrifum á landslagsheildir

Gildi og næmni landslagsheilda er metið í kafla 4.5 um grunnástand landslagsheilda.

Umfang breytinga innan landslagsheilda er metið út frá mælikvörðum sem lýst er í kafla 2.3.5 og niðurstaða um áhrif byggir á samanlagðri niðurstöðu á viðkvæmni landslagsins og umfangi breytinga skv. áhrifatöflu í kafla 2.3.6.

Tafla 23. Mat á áhrifum á landslagsheildir

Landslagsheild 1: Suðurdalir við Hvammsfjörð	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er <u>miðlungs-hátt</u> og næmni <u>lítil</u> , er viðkvæmni hennar talin vera <u>miðlungs-lítill</u> , skv. greiningu í kafla 4.5.
Umfang breytinga	Framkvæmdasvæðið liggur norðan við landslagsheild og næst í um 9 km fjarlægð. Sýnileiki að vindmyllum er mjög lítið útbreiddur innan landslagsheildarinnar, aðallega vegna þess að Laxárdalsháls norðan við landslagsheild byrgir sýn að vindorkuverinu. Einu staðirnir þar sem mögulega allar vindmyllur sjást er frá nokkrum fjallshlíðum og -toppum sem vísa í norður og norðaustur og eru í yfir 200 m h.y.s. Á þessum stöðum er fólk lítið á ferðinni, engir þekktir útsýnisstaðir og eru í meira en 15 km fjarlægð. Umfang breytinga er talið <u>lítið</u> vegna verulega takmarkaðs sýnileika og vegna þess að þaðan sem vindmyllur sjást er fólk lítið á ferðinni og fjarlægðin í vindorkuverið þónokkur. Engar ásyndarmyndir/sjónarhorn sýna ásynd framkvæmdar frá landslagsheild.
Áhrif	Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>lítið</u> , eru áhrif innan landslagsheildar talin vera <u>óveruleg</u> .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> yrði staðsett norðan við landslagsheild og Hróðnýjarstaðir einnig, og eru þeir í u.þ.b. sömu fjarlægð frá heild en um 10 km eru á milli þeirra þar sem Sólheimar er austar eða uppi á Laxárdalsheiði. Sýnileiki að bæði Hróðnýjarstöðum og Sólheimum er frá mjög fáum stöðum innan heildarinnar og nánast eingöngu frá stöku fjallshlíðum og -toppum sem vísa í norður. <i>Vindorkuverið í Garpsdal</i> yrði staðsett í meira en 45 km fjarlægð frá landslagsheild og sést ekki. <i>Vindorkuverið í Múla</i> yrði staðsett sunnan við landslagsheild og yrði samlegðarsvæði sýnileika með Hróðnýjarstöðum á litlu svæði í austurhlíðum Hólsfjalls við Laugardal. <i>Vindorkuverið á Grjóthálsi</i> yrði staðsett sunnan við landslagsheild en engin samlegðarsvæði sýnileika yrðu með Hróðnýjarstöðum. Umfang breytinga innan landslagsheildarinnar vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>lítið</u>.

	Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>lítið</u> , eru samlegðaráhrif innan landslagsheildar talin vera <u>óveruleg</u> .
Landslagsheild 2: Laxárdalur og nágrenni	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er <u>miðlungs-hátt</u> og næmni <u>miðlungs-mikil</u> , er viðkvæmni hennar talin vera <u>miðlungs-mikil</u> , skv. greiningu í kafla 4.5.
Umfang breytinga	Framkvæmdasvæðið liggur að hluta til innan landslagsheildar eða við austurmörk hennar, norðaustur af bænum Hróðnýjarstöðum, en framkvæmdasvæðið liggur innan þeirrar jarðar. Sýnileiki að vindmyllum er mjög útbreiddur innan landslagsheildarinnar en nær ekki yfir botn Laxárdals (Laxá og nánasta umhverfi) og botn Glerdals (Glerá og nánasta umhverfi). Víðast hvar sést í allar vindmyllur vindorkuversins en í suðausturhlíðum Laxárdals er þónokkuð svæði þar sem aðeins hluti vindmyllanna sést og líklega er þar á stóru svæði sem aðeins sést í vindmylluspaða vegna þess að Spágilsstaðaháls skyggir að miklu leyti á sýn að vindmyllum. Sýnileiki nær yfir stóran hluta Vestfjarðavegar sem liggur um svæðið. Sýnileikinn er nánast samfelldur þegar ferðast er eftir veginum, nema enginn sýnileiki er á stuttum kafla fyrir mynni Glerdals og sýnileikinn er slitróttur fyrir mynni Laxárdals (í gegnum Búðardal). Þegar ekið er norður eftir veginum er vindorkuverið í beinni sjónlínu við vegfarandann á köflum í kringum Búðardal og þegar ekið er suður eftir veginum er vindorkuverið í beinni sjónlínu á stuttum kafla norðan við Glerdal. Umfang breytinga er talið <u>miðlungs-mikið</u> vegna nálægðar, útbreidds og mikils sýnileika, mikilla breytinga á landslagseinkennum, beinna og óafturkræfra áhrifa vegna rasks á landi og þónokkurs sýnileika frá Vestfjarðavegi sem er mikilvæg ferðaleið, en það dregur úr áhrifunum að frá mörgum hóbýlum sést mjög lítið eða ekkert í vindmyllur vegna landforma, mikið er um mannvirki fyrir á svæðinu og þar sem verða sjónræn áhrif eru áhrifin afturkræf. Ásýndarmyndir/Sjónarhorn 05-14 og 16-17 í myndahefti sýna ásýnd framkvæmdar frá landslagsheild.
Áhrif	Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs-mikið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>miðlungs-mikið</u> , eru áhrif innan landslagsheildar talin vera <u>talsverð</u> .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> yrði staðsett að hluta innan landslagsheildarinnar og að hluta innan aðlægrar landslagsheildar (nr. 9 Laxárdalsheiði og víðerni) til austurs og vindorkuverið á Hróðnýjarstöðum einnig, en Sólheimar væru um 10 km austar og lengra inni í landi eða uppi á Laxárdalsheiði. Svæði þar sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima eru útbreidd innan heildarinnar en einnig svæði þar sem sést í annað hvort vindorkuverið. Sýnileiki að eingöngu Sólheimum nær yfir mestallan Laxárdalinn á meðan sýnileiki að eingöngu Hróðnýjarstöðum nær yfir stór svæði í norðurhluta heildarinnar og stóran hluta Vestfjarðavegar. <i>Vindorkuverið í Garpsdal</i> er í um 30-45 km fjarlægð og sést ekki frá landslagsheild. <i>Vindorkuverið í Múla</i> mun ekki sjást frá landslagsheild. <i>Vindorkuverið á Grjóthálsi</i> yrði staðsett mun ekki sjást frá landslagsheild.

	Með tilkomu Hróðnýjarstaða verður nánast alls staðar innan heildarinnar hægt að sjá vindmyllur, að öðrum vindorkugarðinum eða báðum í einu, stundum í ólíkar áttir og í mikilli nálægð. Vindmyllur sjást frá flestum híbýlum, flestum viðkomustöðum og helstu leiðum. Bein áhrif verða á landslag og landslagseinkenni breytast. Umfang breytinga innan landslagsheildarinnar vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>mikið</u>. Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs-mikið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>mikið</u>, eru samlegðaráhrif innan landslagsheildar talin vera <u>veruleg</u>.
Landslagsheild 3: Hvammssveit fyrir botni Hvammsfjarðar	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er <u>miðlungs-hátt</u> og næmni <u>mikil</u> , er viðkvæmni hennar talin vera <u>mikil</u> , skv. greiningu í kafla 4.5.
Umfang breytinga	Framkvæmdasvæðið liggur austan og suðaustan við landslagsheild og næst í um 5 km fjarlægð og fjærst í um 14 km fjarlægð. Sýnileiki að vindmyllum er útbreiddur innan landslagsheildarinnar og frá stórum hluta svæða innan sýnileika sést í allar vindmyllur vindorkuversins. Enginn sýnileiki er í nyrðri hluta Sælingsdals og nyrðri hluta Skeggjadals vegna landforma sem skyggja á sýn frá þessum stöðum. Sýnileiki frá híbýlum er aðallega frá þeim sem liggja nærri Klofningsvegi og Vestfjarðavegi ásamt Laugum, á meðan flest önnur híbýli eru ekki innan sýnileika. Þegar ferðast er eftir Vestfjarðavegi til suðurs sjást vindmyllur á kaflanum eftir gatnamótin við Klofningsveg í beinni sjónlínu við vegfarandann. Sýnileiki er frá útivistarsvæðinu við Laugar og frá áningarstaðnum Krosshólaborg. Þar sem aðeins sjónræn áhrif verða innan heildarinnar, vara áhrifin út líftíma framkvæmdarinnar en eru afturkræf, þ.e. grunnástand getur fengist að nýju. Umfang breytinga er talið <u>miðlungs-mikið</u> vegna nálægðar, útbreidds og mikils sýnileika, nokkurs sýnileika frá Vestfjarðavegi, breytinga á útsýni frá áningarstað og skilgreindu útivistarsvæði, en það dregur úr áhrifunum að hluti híbýla og Vestfjarðavegar eru fyrir utan sýnileika vegna landforma og aðeins er um sjónræn áhrif að ræða sem eru afturkræf. Ásyndarmyndir/Sjónarhorn 18-23 í myndahefti sýna ásynd framkvæmdar frá landslagsheild.
Áhrif	Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>mikið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>miðlungs-mikið</u> , eru áhrif innan landslagsheildar talin vera <u>talsverð</u> .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> yrði staðsett austan við landslagsheild og Hróðnýjarstaðir einnig, en Hróðnýjarstaðir væru um 10 km nær. Svæði þar sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima eru töluvert útbreidd innan heildarinnar og svæði þar sem sést eingöngu í Hróðnýjarstaði eru ennþá útbreiddari. <i>Vindorkuverið í Garpsdal</i> er í um 25-35 km fjarlægð og sést ekki frá landslagsheild. <i>Vindorkuverið í Múla</i> mun ekki sjást frá landslagsheild. <i>Vindorkuverið á Grjóthálsi</i> yrði staðsett í meira en 45 km fjarlægð frá landslagsheild og sést ekki. Með tilkomu Hróðnýjarstaða verður frá mest allri heildinni hægt að sjá vindmyllur og frá um helming heildarinnar sæist í vindmyllur bæði á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum. Þaðan sem bæði vindorkuverin sjást, ber

	þeim oftast saman í sjónarhorninu, en Sólheimavindmyllurnar eru lengra í burtu. Umfang breytinga innan landslagsheildarinnar vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs</u>. Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs-mikið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>miðlungs</u>, eru samlegðaráhrif innan landslagsheildar talin vera talsverð.
Landslagsheild 4: Fellsströnd, dalir og sker	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs</u> , er viðkvæmni hennar talin vera miðlungs , skv. greiningu í kafla 4.5.
Umfang breytinga	Framkvæmdasvæðið liggur austan við landslagsheild, næst í um 11 km fjarlægð og fjærst í um 45 km fjarlægð. Sýnileiki að vindmyllum er lítið útbreiddur innan landslagsheildarinnar en hann nær aðeins yfir nokkuð stopul svæði austast í heildinni. Sýnileikinn nær yfir strandlengjuna vestur að Skoravíkurmúla en er stopulli á Klofningsvegi og við fjallshlíðina. Sýnileikinn nær yfir flest híbýlin austast í heildinni og þar sem er sýnileiki frá Klofningsvegi sést vindorkugarðurinn nánast í beinni sjónlínu við vegfarandann þegar ekið er austur eftir veginum. Þar sem aðeins sjónræn áhrif verða innan heildarinnar, vara áhrifin út líftíma framkvæmdarinnar en eru afturkræf, þ.e. grunnástand ásýndar getur fengist að nýju. Umfang breytinga er talið miðlungs-lítið vegna þess að sýnileiki er frá híbýlum og vegi, en það dregur úr áhrifunum að sýnileiki nær aðeins yfir lítið svæði, hefur áhrif á tiltölulega fáa, fjarlægðin er nokkur og aðeins er um sjónræn áhrif að ræða sem eru afturkræf. Ásýndarmyndir/Sjónarhorn 24 og 25 í myndahefti sýna ásýnd framkvæmdar frá landslagsheild.
Áhrif	Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>miðlungs-lítið</u> , eru áhrif innan landslagsheildar talin vera nokkur .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> yrði staðsett austan við landslagsheild og Hróðnýjarstaðir einnig, en Hróðnýjarstaðir væru um 10 km nær. Svæði þar sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima eru álíka útbreidd innan heildarinnar eins og svæði þar sem sést eingöngu í Hróðnýjarstaði. Þessi svæði ná aðeins yfir tiltölulega lítinn hluta austast innan landslagsheildar, yfir strandlengjuna við Hvammsfjörð og Klofningsveg. Þar sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima bera vindmyllur saman í sjónarhorninu en vindmyllur Hróðnýjarstaða verða nær. <i>Vindorkuverið í Garpsdal</i> er í um 35-50 km fjarlægð og sést ekki frá landslagsheild. <i>Vindorkuverið í Múla</i> yrði staðsett suðvestan við landslagsheild og yrðu tvö lítil samlegðarsvæði sýnileika með Hróðnýjarstöðum, eitt við ströndina við Hvammsfjörð og annað aðeins stærra fyrir ofan bæinn Valþúfu. <i>Vindorkuverið á Grjóthálsi</i> yrði staðsett í meira en 45 km fjarlægð frá landslagsheild og sést ekki. Umfang breytinga innan landslagsheildarinnar vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs-lítið</u>.

	Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>miðlungs-lítið</u> , eru samlegðaráhrif innan landslagsheildar talin vera nokkur .
Landslagsheild 5: Skarðsströnd og Saurbær við há fjöll	
Viðkvæmni	Enginn sýnileiki að vindmyllum innan landslagsheildar og því verða áhrif engin .
Umfang breytinga	
Áhrif	
Landslagsheild 6: Fjöll og víðerni á Klofningsnesi	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs-mikil</u> , er viðkvæmni hennar talin vera miðlungs , skv. greiningu í kafla 4.5.
Umfang breytinga	Framkvæmdasvæðið liggur austan, suðaustan og sunnan við landslagsheild, næst í um 8 km fjarlægð og fjærst í um 37 km fjarlægð. Landslagsheildin er mjög stór og svæði innan sýnileika eru frekar dreifð um suðaustanverða heildina sem er sá hluti hennar sem er næst framkvæmdasvæðinu. Enginn sýnileiki er á stórum svæðum sem aðallega eru innan norðvestanverðrar heildarinnar. Sýnileikinn takmarkast við fjallshlíðar og -toppa sem eru í yfir 300 m h.y.s. og snúa í suðaustur. Nokkur hluti svæðanna sem eru innan sýnileika eru innan óbyggðra víðerna. Á þessum svæðum er fólk lítið á ferðinni og engir þekktir útsýnisstaðir. Þar sem aðeins sjónræn áhrif verða innan heildarinnar, vara áhrifin út líftíma framkvæmdarinnar en eru afturkræf, þ.e. grunnástand ásyndar getur fengist að nýju. Umfang breytinga er talið <u>miðlungs</u> vegna nokkurs sýnileika innan óbyggðra víðerna og vegna nálægðar sýnileikasvæða við vindorkuver en það dregur úr áhrifunum að sýnileiki er slitróttur og takmarkast við land í mikilli hæð og aðeins er um sjónræn áhrif að ræða sem eru afturkræf. Engar ásyndarmyndir/sjónarhorn sýna ásynd framkvæmdar frá landslagsheild.
Áhrif	Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>miðlungs</u> , eru áhrif innan landslagsheildar talin vera nokkur .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> yrði staðsett suðaustan við landslagsheild og Hróðnýjarstaðir einnig, en Hróðnýjarstaðir væru allt að 10 km nær en Sólheimar. Svæði þar sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima eru tiltölulega lítil og dreifast um suðaustanverða heildina og ná aðallega til fjallstoppa og -hlíða sem vísa í suðaustur. <i>Vindorkuverið í Garpsdal</i> yrði staðsett norðan við landslagsheild og sést frá mörgum tiltölulega litlum svæðum sem dreifast um norðvestanverða heildina. Svæði þar sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Garpsdals eru mjög fá og lítil og ná yfir nokkra fjallstoppa um miðja heildina. Þá þarf að horfa í ólíkar áttir til að sjá báða garðana. <i>Vindorkuverið í Múla</i> yrði staðsett suðaustan við landslagsheild að mestu í yfir 45 km fjarlægð og engin samlegðarsvæði sýnileika yrðu með Hróðnýjarstöðum. <i>Vindorkuverið á Grjóthálsi</i> yrði staðsett í meira en 45 km fjarlægð frá landslagsheild og sést ekki. Með tilkomu Hróðnýjarstaða sést frá nokkuð mörgum stöðum til tveggja mismunandi vindorkuvera og frá örfáum stöðum til þriggja mismunandi vindorkuvera. Sumir þessara staða eru innan óbyggðra víðerna.

	Umfang breytinga innan landslagsheildarinnar vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs</u>. Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>miðlungs</u>, eru samlegðaráhrif innan landslagsheildar talin vera nokkur.
Landslagsheild 7: Dalir og fjöll norðan Gilsfjarðar	
Viðkvæmni	Enginn sýnileiki að vindmyllum innan landslagsheildar og því verða áhrif engin .
Umfang breytinga	
Áhrif	
Landslagsheild 8: Vesturströnd Húnaflóa með fjalllendi og dölum	
Viðkvæmni	Enginn sýnileiki að vindmyllum innan landslagsheildar og því verða áhrif engin .
Umfang breytinga	
Áhrif	
Landslagsheild 9: Laxárdalsheiði og víðerni	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er <u>miðlungs-hátt</u> og næmni <u>miðlungs-mikil</u> , er viðkvæmni hennar talin vera miðlungs-mikil , skv. greiningu í kafla 4.5.
Umfang breytinga	Framkvæmdasvæðið liggur að hluta til innan landslagsheildar eða við vesturmörk hennar, norðaustur af bænum Hróðnýjarstöðum, en framkvæmdasvæðið liggur innan þeirrar jarðar. Sýnileiki að vindmyllum er mjög útbreiddur innan landslagsheildarinnar en landslagsheild er stór og nær sýnileikinn aðallega yfir vestur- og norðvesturhluta hennar. Sýnileikinn nær að litlu leyti yfir norðaustur-, austur- og suðurhlutann. Víða sést í allar vindmyllur vindorkuversins en eftir því sem fjær dregur frá vindorkuverinu er algengara að ekki sjáist í allar vindmyllurnar. Frá stöðum innan sýnileika sem eru langt frá vindorkuverinu, sem aðallega eru sýnileikasvæðin sem eru innan óbyggðra víðerna, er líklegt að aðeins sjáist í vindmylluspaða vegna þess að neðri hluti vindmyllanna er í hvarfi við landið. Sýnileiki nær yfir nokkurn hluta Laxárdalsvegar á heiðinni en þegar ferðast er eftir veginum til vesturs er vindorkuverið að miklu leyti í beinni sjónlínu við vegfarandann. Umfang breytinga er talið mikið vegna nálægðar, útbreidds og mikils sýnileika sem að hluta til er innan óbyggðra víðerna, fárra mannvirkja sem fyrir eru á svæðinu, mikilla breytinga á landslagseinkennum, beinna og óafturkræfra áhrifa vegna rasks á landi og þónokkurs sýnileika frá Laxárdalsvegi, en það dregur eitthvað úr áhrifunum að sýnileikinn er nokkuð slitróttur innan óbyggðra víðerna og líklegt er að frá mörgum sýnileikasvæðum innan víðerna sjáist aðeins í lítinn hluta vindorkuversins og aðeins í spaðana. Einnig vegna þess að þar sem verða sjónræn áhrif eru áhrifin afturkræf. Ásýndarmynd/Sjónarhorn 15 í myndahefti sýnir ásýnd framkvæmdar frá landslagsheild.
Áhrif	Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs-mikið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>mikið</u> , eru áhrif innan landslagsheildar talin vera veruleg .
Samlegðaráhrif	Vindorkuverið á Sólheimum yrði staðsett að hluta innan landslagsheildarinnar og að hluta innan aðlægrar landslagsheildar (nr. 2 Laxárdalur og nágrenni) til vesturs og vindorkuverið á Hróðnýjarstöðum

	einnig, en Sólheimar væru um 10 km austar og lengra inni í landi eða uppi á Laxárdalsheiði. Svæði þar sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima eru útbreidd innan heildarinnar en einnig svæði þar sem sést í annað hvort vindorkuverið. Svæði þar sem eingöngu sést í Sólheima ná yfir stóran hluta landslagsheildar enda garðurinn staðsettur nokkuð hátt í landi með opið og víðáttumikið heiðarlandslag allt um kring, en svæði þar sem eingöngu sést í Hróðnýjarstaði má aðallega finna í vesturhluta heildarinnar sem vísar að Hvammsfirði og er nær byggð. <i>Vindorkuverið í Garpsdal</i> yrði staðsett norðan við landslagsheild og sést frá nokkrum miðlungs stórum svæðum um miðja landslagsheildina. Innan þessara svæða má finna nokkur tiltölulega lítil svæði þar sem sést til bæði Garpsdals og Hróðnýjarstaða og ennþá minni svæði þar sem sést til allra þriggja vindorkuveranna. <i>Vindorkuverið í Múla</i> yrði staðsett sunnan við landslagsheild og yrði eitt lítið samlegðarsvæði sýnileika með Hróðnýjarstöðum syðst í landslagsheild á toppi Rjúpnafells fyrir botni Haukadals. <i>Vindorkuverið á Grjóthálsi</i> yrði staðsett sunnan við landslagsheild og yrði eitt lítið samlegðarsvæði sýnileika með Hróðnýjarstöðum syðst í landslagsheild á toppi Rjúpnafells fyrir botni Haukadals. Með tilkomu Hróðnýjarstaða verður hægt að sjá vindmyllur frá stórum hluta heildarinnar sem tilheyra allt að þremur vindorkuverum. Sýnileiki að Hróðnýjarstöðum er þó minna útbreiddur innan heildarinnar en sýnileiki að Sólheimum. Sólheimar eru staðsettir fyrir miðri heild, eru meira áberandi frá stærri hluta heildarinnar, eru nær óbyggðum víðernum og nær vegfarendum á Laxárdalsvegi og má því ætla að Sólheimar stuðli að meiri áhrifum en Hróðnýjarstaðir. Umfang breytinga innan landslagsheildarinnar vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs-mikið</u>. Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs-mikið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>miðlungs-mikið</u>, eru samlegðaráhrif innan landslagsheildar talin vera talsverð.
Landslagsheild 10: Hrútafjörður og Miðfjörður	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er <u>miðlungs</u> og næmni <u>lítil</u> , er viðkvæmni hennar talin vera <u>miðlungs-lítill</u> , skv. greiningu í kafla 4.5.
Umfang breytinga	Framkvæmdasvæðið liggur vestan og suðvestan við landslagsheild, næst í um 19 km fjarlægð og fjærst í um 45 km fjarlægð. Sýnileiki að vindmyllum er mjög lítið útbreiddur innan landslagsheildarinnar en aðeins sést í vindmyllur frá tveimur svæðum sem bæði liggja frekar hátt í landi og eru fyrir ofan alla byggð. Annars vegar er sýnileiki á frekar litlu svæði vestan megin á Hrútafjarðarhálsi í um 25 km fjarlægð og hins vegar vestan megin á Vatnsnesi í um 40 km fjarlægð. Frá hluta af þessum svæðum sést ekki í allar vindmyllurnar og líklega sést aðeins í vindmylluspaðana frá stærstum hluta svæðanna þar sem aðrir hlutar vindmyllanna eru í hvarfi við Laxárdalsheiði. Innan sýnileika er fólk lítið sem ekkert á ferðinni og fjarlægðin er töluverð eða mjög mikil. Umfang breytinga er talið <u>lítið</u> vegna takmarkaðs sýnileika og mikillar fjarlægðar. Engar ásyndarmyndir/sjónarhorn sýna ásynd framkvæmdar frá landslagsheild.

Áhrif	Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>lítið</u> , eru áhrif innan landslagsheildar talin vera óveruleg .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> er staðsett vestan/suðvestan við landslagsheild og Hróðnýjarstaðir einnig, en Hróðnýjarstaðir eru um 10 km fjær. Svæði þar sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima yrðu miðlungs stór á vestanverðum Hrútafjarðarhálsi og á vestanverðu Vatnsnesi en í nokkurri hæð eða um og yfir 100 m hæð yfir sjávarmáli. Sýnileiki að Sólheimum eingöngu er miklu útbreiddari innan heildarinnar. <i>Vindorkuverið í Garpsdal</i> yrði staðsett norðvestan við landslagsheild og sést frá nokkuð stórum svæðum á vestanverðu Heggstaðanesi og Vatnsnesi. Á nokkuð stóru svæði á vestanverðu Vatnsnesi sést til bæði Garpsdals og Hróðnýjarstaða, en einnig til Sólheima. Það svæði er fyrir ofan byggð og Hróðnýjarstaðir eru í um og yfir 40 km fjarlægð. <i>Vindorkuverið í Múla</i> mun ekki sjást frá landslagsheild. <i>Vindorkuverið á Grjóthálsi</i> mun ekki sjást frá landslagsheild. Með tilkomu Hróðnýjarstaða verður hægt að sjá vindmyllur tveggja eða fleiri vindorkugarða frá tveimur nokkuð stórum svæðum en þau svæði væru fyrir utan byggð, helstu leiðir og víðerni. Vindmyllur að Hróðnýjarstöðum væru einnig í mikilli fjarlægð, væru að töluverðu leyti í hvarfi við Laxárdalsheiði og bæri að mestu saman við vindmyllur Sólheima í útsýninu. Umfang breytinga innan landslagsheildarinnar vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs-lítið</u>. Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>miðlungs-lítið</u>, eru samlegðaráhrif innan landslagsheildar talin vera óveruleg.
Landslagsheild 11: Miðfjarðardalir	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>lítil</u> , er viðkvæmni hennar talin vera <u>lítil</u> , skv. greiningu í kafla 4.5.
Umfang breytinga	Framkvæmdasvæðið liggur vestan við landslagsheild, næst í um 29 km fjarlægð og fjærst í um 45 km fjarlægð. Sýnileiki að vindmyllum er mjög lítið útbreiddur innan landslagsheildarinnar og það sést í vindmyllur frá aðeins tveimur mjög litlum svæðum í um og yfir 40 km fjarlægð. Frá þessum stöðum sést ekki í allar vindmyllurnar og líklega sést aðeins í vindmylluspaðana þar sem aðrir hlutar vindmyllanna eru í hvarfi við Laxárdalsheiði. Umfang breytinga er talið <u>lítið</u> vegna mjög takmarkaðs sýnileika og mikillar fjarlægðar. Engar ásýndarmyndir/sjónarhorn sýna ásýnd framkvæmdar frá landslagsheild.
Áhrif	Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>lítið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>lítið</u> , eru áhrif innan landslagsheildar talin vera óveruleg .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> er staðsett vestan við landslagsheild og Hróðnýjarstaðir einnig, en Hróðnýjarstaðir eru um 10 km fjær. Svæði þar sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima yrðu lítil, í töluverðri hæð uppi á heiði og að hluta innan víðerna. Sýnileiki að Sólheimum eingöngu er töluvert útbreiddari innan heildarinnar.

	<i>Vindorkuverið í Garpsdal</i> yrði staðsett norðvestan við landslagsheild að mestu í yfir 45 km fjarlægð og engin samlegðarsvæði sýnileika yrðu með Hróðnýjarstöðum. <i>Vindorkuverið í Múla</i> mun ekki sjást frá landslagsheild. <i>Vindorkuverið á Grjóthálsi</i> mun ekki sjást frá landslagsheild. Umfang breytinga innan landslagsheildarinnar vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>lítið</u>. Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>lítið</u>, eru samlegðaráhrif innan landslagsheildar talin vera <u>óveruleg</u>.
--	---

Landslagsheild 12: Holtavörðuheidi og Arnarvatnsheidi

Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er <u>miðlungs</u> og næmni <u>lítil</u> , er viðkvæmni hennar talin vera <u>miðlungs-lítil</u> , skv. greiningu í kafla 4.5.
Umfang breytinga	Framkvæmdasvæðið liggur vestan og norðvestan við landslagsheild, næst í um 25 km fjarlægð og fjærst í um 45 km fjarlægð. Sýnileiki að vindmyllum er mjög lítið útbreiddur innan landslagsheildarinnar, og eini staðurinn þar sem mögulega allar vindmyllurnar sjást er frá litlu svæði fyrir ofan alla byggð vestan megin á Hrutafjarðarhálsi. Frá öðrum stöðum innan sýnileika, sést ekki í allar vindmyllurnar og líklega aðeins í vindmylluspaðana þar sem aðrir hlutar vindmyllanna eru í hvarfi við Laxárdalsheidi. Innan sýnileika er fólk lítið sem ekkert á ferðinni og fjarlægðin er mikil. Umfang breytinga er talið <u>lítið</u> vegna takmarkaðs sýnileika og mikillar fjarlægðar. Engar ásyndarmyndir/sjónarhorn sýna ásynd framkvæmdar frá landslagsheild.
Áhrif	Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>lítið</u> , eru áhrif innan landslagsheildar talin vera <u>óveruleg</u> .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> er staðsett norðvestan við landslagsheild og Hróðnýjarstaðir einnig, en Hróðnýjarstaðir er að jafnaði um 10 km fjær. Svæði þar sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima yrðu nokkuð lítil, í töluverðri hæð og dreifð um hálsana norðan við Arnarvatnsheidi en að hluta innan óbyggðra víðerna. Sýnileiki að Sólheimum eingöngu er töluvert útbreiddari innan heildarinnar. <i>Vindorkuverið í Garpsdal</i> yrði staðsett í meira en 45 km fjarlægð frá landslagsheild og sést ekki. <i>Vindorkuverið í Múla</i> yrði staðsett suðvestan við landslagsheild og yrðu lítil samlegðarsvæði sýnileika með Hróðnýjarstöðum á Arnarvatnsheidi sem eru í um 45 km fjarlægð frá Hróðnýjarstöðum og í yfir 30 km fjarlægð frá Múla. <i>Vindorkuverið á Grjóthálsi</i> yrði staðsett suðvestan við landslagsheild en engin samlegðarsvæði sýnileika yrðu með Hróðnýjarstöðum. Umfang breytinga innan landslagsheildarinnar vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>lítið</u>. Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>lítið</u>, eru samlegðaráhrif innan landslagsheildar talin vera <u>óveruleg</u>.

Landslagsheild 13: Uppsveitir Borgarfjarðar

Viðkvæmni	
-----------	--

Umfang breytinga	Enginn sýnileiki að vindmyllum innan landslagsheildar og því verða áhrif engin .
Áhrif	
Landslagsheild 14: Fjallendi og inndalir austan Snæfellsness	
Viðkvæmni	Með tilliti til þess að gildi landslagsheildar er <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u> , er viðkvæmni hennar talin vera <u>miðlungs-lítill</u> , skv. greiningu í kafla 4.5.
Umfang breytinga	Framkvæmdasvæðið liggur norðvestan, norðan og norðaustan við landslagsheild, næst í um 16 km fjarlægð og fjærst í um 45 km fjarlægð. Landslagsheildin er mjög stór og svæði innan sýnileika eru frekar dreifð um heildina en ná yfir nokkuð lítil svæði. Lítil sýnileiki er í austari hluta heildarinnar en sýnileikinn nær yfir stærri og samfelldari svæði í vestari hluta heildarinnar (hlutinn sem liggur næst Skógarströnd). Sýnileikinn takmarkast við fjallshlíðar og -toppa sem eru yfir 200 m h.y.s. Í vestari hluta heildarinnar þar sem sýnileikinn er meiri eru vindmyllur næst í um 24 km fjarlægð. Frá stórum hluta þeirra svæða sem eru innan sýnileika sést í allar vindmyllur vindorkuversins og stærstur hluti svæðanna eru innan óbyggðra víðerna. Á þessum svæðum er fólk lítið sem ekkert á ferðinni, engir þekktir útsýnisstaðir og fjarlægðin töluverð. Þar sem aðeins sjónræn áhrif verða innan heildarinnar, vara áhrifin út líftíma framkvæmdarinnar en eru afturkræf, þ.e. grunnástand ásyndar getur fengist að nýju. Umfang breytinga er talið <u>miðlungs</u> vegna þónokkurs sýnileika innan óbyggðra víðerna en það dregur úr áhrifunum að sýnileikinn er slitróttur, fjarlægðin töluverð og aðeins er um sjónræn áhrif að ræða sem eru afturkræf. Engar ásyndarmyndir/sjónarhorn sýna ásynd framkvæmdar frá landslagsheild.
Áhrif	Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>miðlungs</u> , eru áhrif innan landslagsheildar talin vera nokkur .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> er staðsett norðan/norðaustan við landslagsheild og Hróðnýjarstaðir einnig, og eru þeir í u.þ.b. sömu fjarlægð frá heild en um 10 km eru á milli þeirra þar sem Sólheimar er austar eða uppi á Laxárdalsheiði. Svæði þar sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima yrðu dreifð um norðanverða heildina, væru nokkuð hátt í landi en nærri öll innan óbyggðra víðerna. Stærsta svæðið væri vestarlega innan heildarinnar fyrir ofan Skógarströnd en á þeim stað liggja Hróðnýjarstaðir nær. <i>Vindorkuverið í Garpsdal</i> yrði staðsett í meira en 45 km fjarlægð frá landslagsheild og sést ekki. <i>Vindorkuverið í Múla</i> yrði staðsett að hluta til innan heildarinnar og svæði þar sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Múla yrðu dreifð um heildina en takmarkast við fjallstoppa. Hróðnýjarstaðir yrðu í yfir 20 km fjarlægð á meðan Múli yrði víða frekar nálægt sýnileikasvæðunum. Þá þarf að horfa í ólíkar áttir til að sjá báða garðana. <i>Vindorkuverið á Grjóthálsi</i> yrði staðsett rétt sunnan við landslagsheild og svæði þar sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Grjótháls eru lítil og takmarkast við fjallstoppa um austanverða heildina. Hróðnýjarstaðir yrðu í yfir 20 km fjarlægð á meðan Múli yrði nær sýnileikasvæðunum. Þá þarf að horfa í ólíkar áttir til að sjá báða garðana. Frá nokkrum fjallstoppum innan heildarinnar sést fræðilega í þrjú vindorkuver samtímis og á einum stað, frá Tröllakirkju á Holtavörðuheidi,

	sést í fjögur vindorkuver samtímis. En það dregur úr samlegðaráhrifunum að Hróðnýjarstaðir er yfirleitt lengra í burtu en hinir garðarnir og líklega einnig minna áberandi vegna staðsetningar í landi og það eru aðallega vindmylluspaðarnir sem sjást. Umfang breytinga innan landslagsheildarinnar vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs</u>. Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>miðlungs</u>, eru samlegðaráhrif innan landslagsheildar talin vera <u>nokkur</u>.
Landslagsheild 15: Skógarströnd við sunnanverðan Hvammsfjörð	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi landslagsheildar er <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs-mikil</u> , er viðkvæmni hennar talin vera <u>miðlungs</u> , skv. greiningu í kafla 4.5.
Umfang breytinga	Framkvæmdasvæðið liggur norðaustan við landslagsheild, næst í um 20 km fjarlægð og fjærst í um 45 km fjarlægð. Sýnileiki að vindmyllum er töluvert útbreiddur innan landslagsheildarinnar og þar sem sést í vindmyllur sjást þær víðast hvar allar. Sýnileikinn dreifist um alla landslagsheildina en verður slitróttari þegar lengra dregur frá framkvæmdasvæðinu innan heildarinnar (vestar) vegna landforma sem skyggja á sýn. Sýnileikinn nær yfir stóran hluta strandlengjunnar vestur að Valshamar, híbýla sem eru á því svæði og Snæfellsnesveg. Þegar keyrt er austur eftir Snæfellsnesvegi frá Valshamar sést vindorkuverið fyrir botni Hvammsfjarðar til vinstri við sjónlínu vegfarandans (ekki í beinni sjónlínu). Áningarstaðurinn Straumur er mikilvægur útsýnisstaður en hann er í mikilli fjarlægð og þar er takmarkaður sýnileiki (sjá ásýndarmynd/sjónarhorn 01 í myndahefti). Þar sem aðeins sjónræn áhrif verða innan heildarinnar, vara áhrifin út líftíma framkvæmdarinnar en eru afturkræf, þ.e. grunnástand ásýndar getur fengist að nýju. Umfang breytinga er talið <u>miðlungs</u> vegna mikils sýnileika á byggðu svæði og frá vegi þar sem fólk ferðast en það dregur úr áhrifunum að fjarlægðin er töluverð og aðeins er um sjónræn áhrif að ræða sem eru afturkræf. Ásýndarmyndir/Sjónarhorn 01-04 í myndahefti sýna ásýnd framkvæmdar frá landslagsheild.
Áhrif	Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>miðlungs</u> , eru áhrif innan landslagsheildar talin vera <u>talsverð</u> .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> yrði staðsett norðaustan við landslagsheild og Hróðnýjarstaðir einnig, en Hróðnýjarstaðir væru um 10 km nær. Svæði þar sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima eru töluvert útbreidd innan austur helmings heildarinnar. Svæði þar sem sést eingöngu í Hróðnýjarstaði eru útbreiddari (vegna fjarlægðar að Sólheimum). <i>Vindorkuverið í Garpsdal</i> yrði staðsett í meira en 45 km fjarlægð frá landslagsheild og sést ekki. <i>Vindorkuverið í Múla</i> yrði staðsett suðvestan við landslagsheild og yrði eitt lítið samlegðarsvæði sýnileika með Hróðnýjarstöðum á láglendi norðan við Snæfellsnesveg, rétt vestan við bæinn Gunnarsstaði. <i>Vindorkuverið á Grjóthálsi</i> yrði staðsett suðaustan við landslagsheild en engin samlegðarsvæði sýnileika yrðu með Hróðnýjarstöðum. Með tilkomu Hróðnýjarstaða verður frá stórum hluta heildarinnar hægt að sjá vindmyllur en vegna fjarlægðar að Sólheimum sést ekki í tvö vindorkuver samtímis nema frá helming heildarinnar og eru vindmyllur að

	Sólheimum þá í yfir 30 km fjarlægð og bera oftast saman við Hróðnýjarstaði í útsýninu. Umfang breytinga innan landslagsheildarinnar vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs-lítið</u>. Með tilliti til að landslagsheild er talin <u>miðlungs</u> viðkvæm og umfang breytinga talið <u>miðlungs-lítið</u>, eru samlegðaráhrif innan landslagsheildar talin vera nokkur.
--	---

5.2 Mat á áhrifum á valin sjónarhorn

Gildi og næmni sjónarhorns er metið í kafla 4.6 um grunnástand valinna sjónarhorna.

Umfang breytinga á valin sjónarhorn er metið út frá mælikvörðum sem lýst er í kafla 2.3.5 og niðurstaða um áhrif byggir á samanlagðri niðurstöðu á viðkvæmni sjónarhorns og umfangi breytinga skv. áhrifatöflu í kafla 2.3.6.

Tafla 24. Mat á áhrifum á valin sjónarhorn

Sjónarhorn 01 – Straumur við Snæfellsnesveg	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-hátt</u> og næmni <u>miðlungs-mikil</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-mikil</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást spaðarnir á öllum 18 vindmyllunum en turninn á aðeins einni. Allar vindmyllurnar nema ein eru að mestu leyti í hvarfi við Skorravíkurmúla á Fellsströnd, en þessi eina vindmylla sést að öllu leyti fyrir framan múlann inni í Hvammsfirðinum. Vindmyllur eru í mjög mikilli fjarlægð og munu líklega aðeins sjást í mjög góðu skyggni. Útsýnið frá þessum stað er mjög vítt og stórbrotið og vindmyllur ná yfir mjög lítinn hluta útsýnisins þegar horft er inn eftir Hvammsfirði og eru þar að auki að mestu leyti í hvarfi við múlann. Umfang breytinga á sjónarhorn er metið sem <u>lítið</u>.
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-mikið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>lítið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera nokkur .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> er í meira en 45 km fjarlægð frá þessu sjónarhorni. Samlegðaráhrif á sjónarhorn eru talin vera engin .
Sjónarhorn 02 – Breiðabólstaður á Skógarströnd	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást 16 vindmyllur en tvær eru í hvarfi við Skorravíkurmúla. Vindmyllurnar sjást mismikið því að vindorkuverið er að hluta bak við hæð í landinu. Vindmyllur bera við himinn fyrir ofan þessa hæð en verða lítið áberandi fyrir ofan nokkuð óreglulegan sjóndeildarhringinn. Vindmyllur ná hlutfallslega yfir mjög lítinn hluta sjóndeildarhringsins og þær eru í mikilli fjarlægð (35-37 km). Að auki ber nokkuð á öðrum mannlegum þáttum í sjónarhorninu eins og vegi, byggingum, raflínumöstrum og skógrækt. Umfang breytinga á sjónarhorn er metið sem <u>lítið</u>.
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>lítið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera óveruleg .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> er í meira en 45 km fjarlægð frá þessu sjónarhorni.

Samlegðaráhrif á sjónarhorn eru talin vera engin .	
Sjónarhorn 03 – Bíldhóll á Skógarströnd	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>lág</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-lítill</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást allar 18 vindmyllurnar að öllu leyti. Vindmyllurnar sjást fyrir framan sjóndeildarhring innst í Hvammsfirði og virðast þær frá þessu sjónarhorni vera nærri sjó en bera bæði við land og himinn. Fjarlægðin er hins vegar mikil (31 km) og þær ógreinilegar jafnvel í góðu skyggni. Vindmyllurnar stinga hins vegar í stúf í fjarlægu landslaginu þar sem engin önnur mannvirki sjást vegna fjarlægðar og gerir það stóran skala vindmyllanna nokkuð áþreifanlegan. Vindorkuverið nær yfir mjög lítinn hluta af víðu útsýninu yfir fjörð og fjöll. Nærumhverfið í sjónarhorninu einkennist að töluverðu leyti af manngerðum þáttum, vegum, girðingum, byggingum og raflínumöstrum, sem dregur úr umfangi breytinga á landinu í fjarska. Umfang breytinga á sjónarhorn er metið sem <u>miðlungs-lítið</u>.
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs-lítið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera óveruleg .
Samlegðaráhrif	Vindorkuverið á Sólheimum sést í sömu átt og Hróðnýjarstaðir og ber saman við þær vindmyllur í útsýninu þegar horft er til norðausturs. Vindorkuverin tvö virðast því mynda einn klasa af vindmyllum sem er aðeins þéttari og breiðari en ef um eitt vindorkuver væri að ræða. Bæði vindorkuverin eru í töluverðri fjarlægð og frekar ógreinilegt að það sjáist tvö vindorkuver. Umfang breytinga á sjónarhorninu vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>lítið</u>. Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga vegna samlegðar talið <u>lítið</u>, eru samlegðaráhrif á sjónarhorn talin vera óveruleg.
Sjónarhorn 04 – Dunkárbakki í Hörðudal	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lág</u> og næmni <u>miðlungs</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-lítill</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást allar 18 vindmyllurnar að öllu leyti. Vindmyllurnar sjást fyrir framan sjóndeildarhring handan Hvammsfjarðarins og virðast þær frá þessu sjónarhorni vera nærri sjó en bera bæði við land og himinn. Fjarlægðin er hins vegar töluverð (22 km) en þær sjást gnæfa yfir þéttbýlinu í Búðardal en þá verður stór skali vindmyllanna nokkuð áþreifanlegur í landslaginu. Nærumhverfið í sjónarhorninu einkennist að töluverðu leyti af manngerðum þáttum, vegum, girðingum, byggingum og raflínumöstrum, sem dregur úr umfangi breytinga á landinu í fjarska. Vindorkuverið nær yfir frekar lítinn hluta af víðu útsýninu yfir fjörð og fjöll. Umfang breytinga á sjónarhorn er metið sem <u>miðlungs-lítið</u>.
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera nokkur .
Samlegðaráhrif	Vindorkuverið á Sólheimum sést í sömu átt og Hróðnýjarstaðir og myndar aðskilinn klasa af vindmyllum við hliðina á Hróðnýjarstöðum. Sólheimavindmyllurnar eru aðeins lengra í burtu og virka örlítið minni. Töluvert er um manngerða þætti í útsýninu, s.s. hús, raflínumöstur og girðingar sem dregur úr áhrifunum af vindmyllum handan fjarðarins en þær dekkja engu að síður töluvert svæði og vindmyllur beggja vindorkuveranna sjást að miklu leyti.

	Umfang breytinga á sjónarhorninu vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs-lítið</u>. Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga vegna samlegðar talið <u>miðlungs-lítið</u>, eru samlegðaráhrif á sjónarhorn talin vera <u>óveruleg</u>.
Sjónarhorn 05 – Gatnamót Vestfjarðavegar og Laxárdalsvegur	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs-mikil</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást allar 18 vindmyllurnar en að mismiklu leyti. Landslagið einkennist að töluverðu leyti af manngerðum þáttum, vegum, girðingum, byggingum og raflínumöstrum, sem dregur úr umfangi breytinga. Vindmyllur sjást bera við himinn en það gerir bærinn Hjarðarholt einnig sem sést fyrir framan vindmyllurnar. Sjóndeildarhringurinn er töluvert fjölbreyttur en einkennist þó af ávölum og mjúkum línunum. Vindmyllur brjóta upp einkennandi landslagsform og ná vindmyllur yfir þónokkurn hluta útsýnisins þegar horft er þvert yfir Laxárdalinn. Umfang breytinga á sjónarhorn er metið sem <u>miðlungs</u>.
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs</u> eru áhrif á sjónarhorn talin vera <u>nokkur</u> .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> sést í sömu átt og Hróðnýjarstaðir og myndar aðskilinn klasa af vindmyllum við hliðina á Hróðnýjarstöðum. Sólheimavindmyllurnar eru aðeins lengra í burtu og virka örlítið minni. Nokkuð er um manngerða þætti í útsýninu, s.s. hús, raflínumöstur, vegir og stikur sem dregur úr áhrifunum af vindmyllunum en þær dekkja engu að síður töluvert svæði í útsýninu og vindmyllur beggja vindorkuveranna sjást að miklu leyti. Umfang breytinga á sjónarhorninu vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs</u>. Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs</u> viðkvæmt og umfang breytinga vegna samlegðar talið <u>miðlungs</u>, eru samlegðaráhrif á sjónarhorn talin vera <u>nokkur</u>.
Sjónarhorn 06 – Höskuldsstaðir í Laxárdal	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-lítill</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást allar 18 vindmyllurnar en aðeins sést í spaðana á þeim öllum nema einni. Landslagið einkennist að þónokkru leyti af manngerðum þáttum, vegum, girðingum, túnum, byggingum og raflínumöstrum, sem dregur úr umfangi breytinga. Vindmyllur sjást bera við himinn en það gerir bærinn Hjarðarholt einnig sem sést til hliðar við vindmyllurnar. Sjóndeildarhringurinn er töluvert fjölbreyttur en einkennist þó af ávölum og mjúkum línunum. Vindmyllur brjóta upp einkennandi landslagsform og ná vindmyllur yfir talsverðan hluta útsýnisins þegar horft er þvert yfir Laxárdalinn. Nálægðin er þónokkur en talsverður hluti vindorkuversins er í hvarfi við landið. Umfang breytinga á sjónarhorn er metið <u>miðlungs</u>.
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs</u> eru áhrif á sjónarhorn talin vera <u>nokkur</u> .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> sést nokkurn veginn í sömu átt og Hróðnýjarstaðir og myndar í útsýninu aðskilinn klasa af vindmyllum við hliðina á

	Hróðnýjarstöðum. Sólheimavindmyllurnar eru aðeins lengra í burtu og virka örlítið minni. Nokkuð er um manngerða þætti í útsýninu, s.s. hús, skurði og girðingar sem dregur úr áhrifunum af vindmyllunum en þær dekkja engu að síður töluvert svæði við sjóndeildarhring. Vindmyllur Hróðnýjarstaða eru bak við sjóndeildarhring og neðri hluti þeirra því að miklu leyti í hvarfi við landið en eru þónokkuð nálægt. Umfang breytinga á sjónarhorninu vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs</u>. Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga vegna samlegðar talið <u>miðlungs</u>, eru samlegðaráhrif á sjónarhorn talin vera nokkur.
Sjónarhorn 07 – Þrándarkot í Laxárdal	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-lítill</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sést í spaðaðana á tveimur vindmyllum þar sem þeim bregður fyrir í allra hæstu stöðu fyrir ofan hálsinn norðan megin við Laxárdal. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið <u>lítið</u> .
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>lítið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera óveruleg .
Samlegðaráhrif	Vindorkuverið á Sólheimum sést við sjóndeildarhring þegar horft er inn dalinn til norðausturs. En þar sem vindmyllur Hróðnýjarstaða sjást varla, á samlegð sér ekki stað. Umfang breytinga á sjónarhorninu vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>lítið</u>. Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga vegna samlegðar talið <u>lítið</u>, eru samlegðaráhrif á sjónarhorn talin vera óveruleg.
Sjónarhorn 08 – Laxárdalsvegur við Sólheima	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-lítill</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást allar 18 vindmyllurnar en aðeins sést í spaðana á nokkrum þeirra. Turninn á öðrum sést að mismiklu leyti þar sem vindorkuverið er bak við landið í útsýninu þegar horft er eftir Laxárdalsvegi. Umfang framkvæmdar sést vel frá völdu sjónarhorni, fjaráhrif aðgerðarinnar eru töluverð og mjög neikvæð fyrir ásýnd landslagsins frá þessu sjónarhorni. Vindmyllurnar eiga sér litla hliðstæðu í umhverfinu en þó má sjá í útsýninu bæði veg, stikur og raflinumöstur. Vindmyllurnar ber við himinn, nálægðin er þónokkur og þær gnæfa yfir landslagið. Þær eru líka í beinni sjónlínu við vegfarandann og verða baklýstar í kvöldsólinni. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem miðlungs-mikið.
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítill</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs-mikil</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera talsverð .
Samlegðaráhrif	Vindorkuverið á Sólheimum sést í norðausturátt, austurátt og suðausturátt á meðan Hróðnýjarstaðir sjást aðeins í vesturátt. Sólheimavindmyllurnar eru nánast allt um kring á þessum stað og mjög nálægt á meðan vindmyllur Hróðnýjarstaða mynda klasa við sjóndeildarhring í yfir 9 km fjarlægð. Vindmyllur Hróðnýjarstaða eru einnig bak við sjóndeildarhring sem gerir að neðri hluti margra vindmylla eru í hvarfi við landið. Eitthvað er um manngerða þætti í útsýninu, s.s. raflinumöstur, vegir og stikur sem dregur úr áhrifunum af

	vindmyllum sem eru í þessari fjarlægð. Einnig eru Sólheimavindmyllurnar í það mikilli nálægð að þær draga út áhrifum af Hróðnýjarstaðavindmyllunum. Umfang breytinga á sjónarhorninu vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs</u>. Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga vegna samlegðar talið <u>miðlungs</u>, eru samlegðaráhrif á sjónarhorn talin vera nokkur.
--	---

Sjónarhorn 09 – Búðardalur

Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sést í spaðana á öllum 18 vindmyllunum en í turninn á aðeins tveimur. Útsýnið einkennist af mannvirkjum og hágróðri og er sjóndeildarhringur því óreglulegur og fjölbreyttur. Vindmyllurnar bera við himinn bak við þéttbýlið. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>miðlungs-lítið</u>.
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs-lítið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera nokkur .
Samlegðaráhrif	Vindorkuverið á Sólheimum sést ekki frá þessu sjónarhorni. Samlegðaráhrif á ásynd eru talin verða engin.

Sjónarhorn 10 – Hjarðarholt í Laxárdal

Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sést vel í allar vindmyllurnar, spaða og turna. Talsvert ber á manngerðum þáttum í útsýninu að annars látlausu og víðfeðmu landslaginu. Nálægðin er mikil, vindmyllur bera við himinn og gnæfa yfir landslagið. Stór skali vindmyllanna verður áberandi frá þessu sjónarhorni samanborið við landslagið í kring. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>mikið</u>.
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>mikið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera talsverð .
Samlegðaráhrif	Vindorkuverið á Sólheimum sést nokkurn veginn í sömu átt og Hróðnýjarstaðir og myndar í útsýninu aðskilinn klasa af vindmyllum við hliðina á Hróðnýjarstöðum. Sólheimavindmyllurnar eru lengra í burtu og virka töluvert minni frá þessu sjónarhorni. Nokkuð er um manngerða þætti í útsýninu, s.s. byggingar og girðingar sem dregur úr áhrifunum af vindmyllunum en þær dekkja engu að síður stórt svæði við sjóndeildarhring. Vindmyllur Hróðnýjarstaða eru framan við sjóndeildarhring og sjást því að öllu leyti á meðan Sólheimar er að hluta til í hvarfi við landið. Umfang breytinga á sjónarhorninu vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs-mikið</u>. Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs</u> viðkvæmt og umfang breytinga vegna samlegðar talið <u>miðlungs-mikið</u>, eru samlegðaráhrif á sjónarhorn talin vera talsverð.

Sjónarhorn 11 – Spágilsstaðir

Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>lágt</u> og næmni <u>miðlungs</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-lítill</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
-----------	--

Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sést vel í allar vindmyllurnar, spaða og turna. Talsvert ber á manngerðum þáttum í útsýninu að annars látlausu og víðfeðmu landslaginu. Nálægðin er mikil, vindmyllur bera við himinn og gnæfa yfir landslagið. Stór skali vindmyllanna verður áberandi frá þessu sjónarhorni samanborið við landslagið í kring. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>mikið</u> .
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>mikið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera <u>talsverð</u> .
Samlegðaráhrif	Vindorkuverið á Sólheimum sést ekki frá þessu sjónarhorni. Samlegðaráhrif á sjónarhorn eru talin verða <u>engin</u> .

Sjónarhorn 12 – Vestfjarðavegur við Naustabót

Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-lítill</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sést í allar vindmyllurnar, spaða og turna. Talsvert ber á manngerðum þáttum í útsýninu að annars látlausu og víðfeðmu landslaginu. Nálægðin er mikil, vindmyllur bera við himinn og gnæfa yfir landslagið. Stór skali vindmyllanna verður áberandi frá þessu sjónarhorni samanborið við landslagið í kring. Vindmyllurnar sjást þó til hliðar við vegfaranda á þessum stað. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>miðlungs-mikið</u> .
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs-mikið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera <u>talsverð</u> .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum sést í sömu átt og Hróðnýjarstaðir en er staðsett bak við sjóndeildarhring og eru vindmyllurnar í hvarfi við landið nánast að öllu leyti.</i> Umfang breytinga á sjónarhorninu vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>lítið</u> . Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga vegna samlegðar talið <u>lítið</u> , eru samlegðaráhrif á sjónarhorn talin vera <u>óveruleg</u> .

Sjónarhorn 13 – Ljárskógar veiðihús

Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-lítill</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sést í spaðana á öllum 18 vindmyllunum en í turninn á aðeins sex þeirra. Vindorkugarðurinn er bak við sjóndeildarhringinn og aðeins sést í spaðana á nokkrum vindmyllanna bregða fyrir, fyrir ofan landið. Nokkuð ber á manngerðum þáttum í útsýninu og bæði bygging og raflínumöstur bera við himinn fyrir framan vindmyllurnar. Nálægðin er mikil og stór skali vindmyllanna verður frekar áberandi frá þessu sjónarhorni. Vindmyllurnar sjást þó til hliðar við vegfaranda á þessum stað. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>miðlungs mikið</u> .
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs-mikið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera <u>talsverð</u> .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum sést ekki frá þessu sjónarhorni.</i> Samlegðaráhrif á sjónarhorn eru talin verða <u>engin</u> .

Sjónarhorn 14 – Við ána Fáskrúð

Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-lítill</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást allar 18 vindmyllurnar en mismikið þar sem vindorkuverið er bak við hæð í landinu. Vindmyllurnar eiga sér ekki hliðstæðu í umhverfinu og eru því í litlu samræmi við ríkjandi form í landslaginu. Þær bera við himinn þar sem þær gnæfa yfir landslagið og stór skali þeirra verður áberandi. Sjóndeildarhringurinn er nálægur og vindmyllurnar ná yfir stóran hluta útsýnisins. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>mikið</u> .
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>mikið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera <u>talsverð</u> .
Samlegðaráhrif	Vindorkuverið á Sólheimum sést ekki frá þessu sjónarhorni. Samlegðaráhrif á sjónarhorn eru talin verða <u>engin</u> .

Sjónarhorn 15 – Ljárskógasel við ána Fáskrúð

Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást allar 18 vindmyllurnar en aðeins sést í spaðana á tveimur þeirra. Vindorkuverið er bak við hæð í landinu og sést því mismikill hluti turnanna. Vindmyllur eru nálægt (um 4 km fjarlægð) og þær bera við himinn. Vindmyllurnar eru áberandi í landslaginu og dreifast yfir stóran hluta sjóndeildarhringsins. Vindmyllurnar eiga sér enga hliðstæðu í umhverfinu og eru því í litlu samræmi við víðáttuna og náttúrulegu ásyndina sem einkennir þennan stað. Þær gnæfa yfir landslagið og hlutföllin milli vindmyllanna og landslagsins samræmast ekki. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>mikið</u> .
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>mikið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera <u>talsverð</u> .
Samlegðaráhrif	Vindorkuverið á Sólheimum sést ekki frá þessu sjónarhorni. Samlegðaráhrif á sjónarhorn eru talin verða <u>engin</u> .

Sjónarhorn 16 – Vestfjarðavegur norðan við ána Fáskrúð

Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-lítill</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást allar 18 vindmyllurnar að mestu eða öllu leyti. Vindmyllurnar eru áberandi í landslaginu og dekka stóran hluta útsýnisins. Vindmyllurnar eiga sér enga hliðstæðu í umhverfinu og eru því í litlu samræmi við víðáttuna og náttúrulegu ásyndina sem einkennir þennan stað. Þær brjóta upp láréttar og ávalar línur sjóndeildarhringsins. Nálægðin er mikil (2,5 km) og þær gnæfa yfir landslagið og hlutföllin milli vindmyllanna og landslagsins samræmast ekki. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>mikið</u> .
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>mikið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera <u>talsverð</u> .
Samlegðaráhrif	Vindorkuverið á Sólheimum sést ekki frá þessu sjónarhorni. Samlegðaráhrif á sjónarhorn eru talin verða <u>engin</u> .

Sjónarhorn 17 – Magnússkógar í Hvammssveit

Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-lítill</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást allar 18 vindmyllurnar en engin þeirra að öllu leyti þar sem þær eru staðsettar bak við hæð í landinu. Vindmyllurnar eru staðsettar frekar nálægt (5,2 km) og bera við himinn og hreyfing spaðanna mun valda ójafnvægi við annars látlausan sjóndeildarhringinn. Augað leitar þó líklega mest út á fjörðinn og eftir veginum sem er í aðra átt. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>miðlungs</u> .
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera <u>nokkur</u> .
Samlegðaráhrif	Vindorkuverið á Sólheimum sést ekki frá þessu sjónarhorni. Samlegðaráhrif á sjónarhorn eru talin verða <u>engin</u> .

Sjónarhorn 18 – Ásgarður í Hvammssveit

Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-lágt</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-lítill</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást spaðarnir og toppurinn á turninum á öllum 18 vindmyllunum. Vindmyllur breytir einkennandi þáttum ásyndarinnar og dekkar hlutfallslega nokkuð stóran hluta sjóndeildarhringsins. Vindmyllurnar bera bæði við fjöllin í fjarska og við himinn. Nær- og fjaráhrif framkvæmdanna brjóta áður heildstæðar útlínur landslagsins í sjóndeildarhringnum. Mælikvarði vindmyllanna drottnar nokkuð yfir mælikvarða landslagsins þar sem spaðarnir gnæfa yfir fjallstindunum í fjarska. Framkvæmdin er ekki í jafnvægi við önnur núverandi form og styrkir ekki lykilþættina sem gefa landslaginu sín einkenni. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>miðlungs-mikið</u> .
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs-mikið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera <u>talsverð</u> .
Samlegðaráhrif	Vindorkuverið á Sólheimum sést ekki frá þessu sjónarhorni. Samlegðaráhrif á sjónarhorn eru talin verða <u>engin</u> .

Sjónarhorn 19 – Laugar í Sælingsdal

Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-hátt</u> og næmni <u>miðlungs-mikil</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-mikil</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást allar vindmyllurnar að hluta eða að öllu leyti. Vindmyllur breyta einkennandi þáttum ásyndarinnar og dekkja hlutfallslega nokkuð stóran hluta af sjóndeildarhringnum. Vindmyllurnar bera bæði við fjöllin í fjarska og við himinn og verður stór skali vindmyllanna því frekar áþreifanlegur. Lóðréttar vindmyllurnar rjúfa láréttar línur landslagsins við sjóndeildarhring en eiga sér þó hliðstæðu í manngerðum þáttum í sjónarhorninu, eins og rafmagns- og ljósastaurum, byggingum og háum trjám sem sjást í forgrunni. Hlíðarnar beggja vegna dalsins og gróðurinn þrengja útsýnið svolítið sem gerir að augað leitar í átt að vindorkuverinu. Vindmyllur ná yfir stóran hluta þess útsýnis og skyggja á fjallendið í fjarska. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>miðlungs-mikið</u> .
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-mikil</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs-mikið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera <u>talsverð</u> .
Samlegðaráhrif	Vindorkuverið á Sólheimum sést ekki frá þessu sjónarhorni.

	Samlegðaráhrif á sjónarhorn eru talin verða <u>engin</u> .
Sjónarhorn 20 – Krosshólaborg við Klofningsveg	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>hátt</u> og næmni <u>mikil</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>mikil</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást allar vindmyllurnar að öllu leyti. Vindmyllurnar eru nokkuð áberandi í landslaginu þó að fjarlægðin sé nokkur. Vindmyllurnar standa á landinu fyrir framan sjóndeildarhring og bera bæði við fjöllin í fjarska og við himinn. Lóðréttar vindmyllurnar rjúfa láréttar línur víðáttumikla landslagsins við sjóndeildarhring. Stór skali vindmyllanna verður áþreifanlegur í annars látlausri umgjörðinni. Vindmyllur ná yfir þónokkurn hluta útsýnisins frá þessum stað. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>miðlungs-mikið</u> .
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>mikið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs-mikið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera <u>veruleg</u> .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> sést nokkurn veginn í sömu átt og Hróðnýjarstaðir og myndar í útsýninu aðskilinn klasa af vindmyllum við hliðina á Hróðnýjarstöðum. Sólheimavindmyllurnar eru lengra í burtu og virka því töluvert minni frá þessu sjónarhorni en þær eru einnig staðsettar bak við sjóndeildarhring og sést aðeins í spaðan á þeim flestum sem sjást. Þær dekkja einnig mjög lítinn hluta sjóndeildarhringsins þar sem hluti vindorkuversins er í hvarfi við landið. Umfang breytinga á sjónarhorninu vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs-lítið</u> . Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>mikið</u> viðkvæmt og umfang breytinga vegna samlegðar talið <u>miðlungs-lítið</u> , eru samlegðaráhrif á sjónarhorn talin vera <u>nokkur</u> .
Sjónarhorn 21 – Klofningsvegur við Hvamm	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-hátt</u> og næmni <u>mikil</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-mikil</u> , skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást 16 vindmyllur en tvær vindmyllur eru í hvarfi við Skerðingsstaðahöfða. Á 5 þeirra vindmylla sem sjást sést eingöngu í spaðana þar sem þeim bregður fyrir yfir höfðanum, en aðrar vindmyllur sjást að mestu eða öllu leyti. Vindmyllurnar bera bæði við fjöllin í fjarska og við himinn. Lóðréttar vindmyllurnar rjúfa láréttar línur landslagsins við sjóndeildarhring. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>miðlungs</u> .
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-mikið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera <u>talsverð</u> .
Samlegðaráhrif	Vindorkuverið á Sólheimum sést ekki frá þessu sjónarhorni. Samlegðaráhrif á sjónarhorn eru talin verða <u>engin</u> .
Sjónarhorn 22 – Hvammur í Hvammssveit	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs-hátt</u> og næmni <u>mikil</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-mikil</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Vindorkuverið á Hróðnýjarstöðum sést ekki frá þessu sjónarhorni. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>lítið</u> .

Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-mikið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>lítið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin vera <u>engin</u> .
Samlegðaráhrif	Hvorki vindorkuverið á Hróðnýjarstöðum né á Sólheimum sjást frá þessu sjónarhorni. Samlegðaráhrif á sjónarhorn eru talin verða <u>engin</u> .

Sjónarhorn 23 – Skarfsstaðir í Hvammssveit

Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-lítill</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást allar vindmyllur vindorkuversins í heild sinni. Þegar ekið er eftir Klofningsvegi sjást vindmyllurnar á landinu handan við Hvammsfjörðinn til hliðar við vegfarandann. Vindmyllurnar standa fyrir framan sjóndeildarhring og bera því að hluta við land og að hluta við himinn. Lóðréttar vindmyllurnar mynda andstæðu við lárétt landið við sjóndeildarhring. Fjarlægðin í vindorkuverið er þónokkur en vindmyllurnar ná samt yfir nokkuð stóran hluta af því landi sem birtist í útsýni vegfarandans handan við fjörðinn. Vindmyllurnar breyta einkennandi þáttum ásýndarinnar og brjóta áður heildstæðar náttúrulegar og láréttar útlínur landslagsins í sjóndeildarhringnum. Stór skali vindmyllanna verður ápreifanlegur í annars látlausri umgjörðinni. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>miðlungs-mikið</u> .
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs-mikið</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin verða <u>talsverð</u> .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> sést í sömu átt og Hróðnýjarstaðir og ber að hluta saman við þær vindmyllur í útsýninu. Sólheimar eru þó um 10-15 km lengra í burtu og virka vindmyllurnar töluvert minni frá þessu sjónarhorni. Að auki eru þær bak við sjóndeildarhring sem gerir að neðri hluti vindmyllanna er í hvarfi við landið og á sumum vindmyllum sést aðeins í spaðaendana. Vindorkuverin tvö dekkja samanlagt töluvert stóran hluta sjóndeildarhringsins í útsýninu en Hróðnýjarstaðir er töluvert meira áberandi. Umfang breytinga á sjónarhorninu vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs-lítið</u> . Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga vegna samlegðar talið <u>miðlungs-lítið</u> , eru samlegðaráhrif á sjónarhorn talin vera <u>nokkur</u> .

Sjónarhorn 24 – Klofningsvegur austan Rauðbarðaholts

Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs-lítill</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-lítill</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sjást allar vindmyllur vindorkuversins í heild sinni. Þegar ekið er eftir Klofningsvegi í austurátt sjást þær á landinu handan við Hvammsfjörðinn í beinni sjónlínu við vegfarandann. Vindmyllurnar standa fyrir framan sjóndeildarhringinn og bera því að hluta við land og að hluta við himinn. Lóðréttar vindmyllurnar mynda andstæðu við lárétt landið við sjóndeildarhring. Fjarlægðin í vindorkuverið er þónokkur en vindmyllurnar ná samt yfir nokkuð stóran hluta af því landi sem birtist í útsýni vegfarandans handan við Hvammsfjörðinn. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>miðlungs</u> .
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin verða <u>nokkur</u> .

<i>Samlegðaráhrif</i>	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> sést í sömu átt og Hróðnýjarstaðir og ber að mestu saman við þær vindmyllur í útsýninu. Sólheimar eru um 10-15 km lengra í burtu og virka vindmyllurnar töluvert minni frá þessu sjónarhorni. Þær eru aðeins að hluta bak við og sjást því að miklu leyti bera við himinn við sjóndeildarhring. Vindorkuverin tvö dekkja samanlagt nokkuð stóran hluta sjóndeildarhringsins þar sem útsýnið opnast fyrir fjörðinn. Vindorkugarðarnir mynda nokkuð þétt net vindmylla á annars láréttum og látlausum sjóndeildarhringnum en eru samt í nokkurri fjarlægð. Umfang breytinga á sjónarhorninu vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs</u>. Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga vegna samlegðar talið <u>miðlungs</u>, eru samlegðaráhrif á sjónarhorn talin vera nokkur.
Sjónarhorn 25 – Valpúfa á Fellsströnd	
Viðkvæmni	Með tilliti til að gildi sjónarhorns er talið <u>miðlungs</u> og næmni <u>miðlungs-lítil</u> er viðkvæmni sjónarhorns talin <u>miðlungs-lítil</u> skv. greiningu í kafla 4.7.
Umfang breytinga	Frá þessu sjónarhorni sést í mismikinn hluta allra vindmylla vindorkuversins þar sem þær standa að hluta í hvarfi við landið þegar horft er eftir Fellsströnd til austurs og eftir Klofningsvegi. Á nokkrum vindmyllum sést í hluta turnanna en á öðrum aðeins í spaðana. Vindmyllurnar bera við himinn og mynda andstæðu við náttúrulegar láréttar línur og bungulagað landið sem einkennir sjóndeildarhringinn. Manngerðar línur mannvirkja, vega, girðinga og skurða eru þó nokkuð áberandi í sjónarhorninu sem dregur úr áhrifum vindorkugarðsins. Fjarlægðin í vindorkuverið er einnig þónokkur og neðri hluti vindmylla í hvarfi við landið. Umfang breytinga á sjónarhorni er metið sem <u>miðlungs</u>.
Áhrif	Með tilliti til að sjónarhorn er talið <u>miðlungs-lítið</u> viðkvæmt og umfang breytinga talið <u>miðlungs</u> , eru áhrif á sjónarhorn talin verða nokkur .
<i>Samlegðaráhrif</i>	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> sést í sömu átt og Hróðnýjarstaðir og ber saman við þær vindmyllur í útsýninu þegar horft er til austurs. Vindorkuverin tvö virðast því mynda einn klasa af vindmyllum sem er aðeins þéttari en ef um eitt vindorkuver væri að ræða. Samlegðaráhrif á sjónarhorn eru talin verða óveruleg.

5.3 Mat á samlegðaráhrifum á helstu leiðir

Samlegðaráhrif geta orðið við að berja mismunandi framkvæmdir augum (tvær eða fleiri), þegar ferðast er eftir ákveðinni leið (raðbundin áhrif) og ólíkar framkvæmdir verða sýnilegar yfir tiltölulega stuttan tíma. Í töflu 25 eru samlegðaráhrif metin frá helstu leiðum á svæðinu.

Tafla 25. Samlegðaráhrif frá helstu leiðum


Vestfjarðavegur	
Lýsing á samlegð Hróðnýjarstaða, Sólheima og Garpsdals	Ein helsta leiðin sem verður fyrir samlegðaráhrifum er Vestfjarðavegur, sem er megin vegtengingin við Vestfirði, og á þeirri leið eru það vegfarendur sem ferðast norður eftir veginum um Búðardal sem verða fyrir áhrifum. Þegar ekið er <u>súður</u> eftir Vestfjarðavegi hefur vegfarandi bæði vindorkuverið í Garpsdal og á Sólheimum í bakið og verða því ekki samlegðaráhrif á þeirri leið. Þegar ekið er <u>norður</u> eftir Vestfjarðavegi mun vegfarandi fyrst taka eftir vindmyllum við bæði Hróðnýjarstaði og Sólheima þegar komið er yfir Laxárdalsháls, rétt fyrir sunnan Búðardal. Þaðan sjást vindmyllur beggja vindorkuveranna á um 4ra km samfelldum kafla, að hluta til í beinni sjónlínu við vegfarandann. Frá veginum í gegnum Búðardal sést ekki í Sólheima en þaðan er sýnileiki að Hróðnýjarstöðum. Þegar komið er norður fyrir Búðardal er aftur sýnileiki að bæði Hróðnýjarstöðum og Sólheimum á um 4ra km kafla, en þar er sýnileikinn slitróttur og líklegt að það sjáist aðeins í spaðana á vindmyllum að Sólheimum. Á þessum stað fyrir norðan Búðardal er hins vegar samfelldur sýnileiki að Hróðnýjarstöðum á um 9 km kafla þar sem vindmyllur eru ýmist í beinni sjónlínu við vegfaranda eða í allt að 90° sjónarhorni til hægri. Þegar ekið hefur verið áfram norður eftir Vestfjarðavegi um 32 km sést fyrst í vindmyllur á Garpsdalsfjalli á stuttum kafla á veginum í Saurbæ fyrir sunnan Gilsfjörð. Sýn að vindmyllum á Garpsdalsfjalli hverfur síðan aftur þegar komið er að Gilsfjarðarbrú. Vindorkuverin við Hróðnýjarstaði og Sólheima sjást frá veginum þegar horft er í sömu átt og vindmyllurnar á Hróðnýjarstöðum eru nær en vindmyllurnar á Sólheimum og virka því aðeins stærri. Vindorkuverunum tveimur ber samt ekki alveg saman í útsýninu frá veginum, sem gerir að stærri hluti sjóndeildarhringsins dekkast af vindmyllum. Þá hafa vindmyllurnar á Hróðnýjarstöðum töluvert útbreiddari sýnileika frá veginum en Sólheimar og sums staðar sjást vindmyllurnar á Hróðnýjarstöðum nánast í heild sinni á meðan rétt sést glitta í vindmylluspaðana á Sólheimum.
Sjónarhorn í myndaviðauka	Frá Vestfjarðavegi sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima frá sjónarhornum 05 og 12, sjá tölvugerðar líkanmyndir í myndaviðauka.
Samlegðaráhrif	Samlegðar vegna vindorkuvera gætir að töluverðu leyti frá Vestfjarðavegi og munu vindorkuver sjást frá löngum og samfelldum köflum vegarins í Hvammsfirði. Sýn verður að þremur vindorkuverum á tiltölulega stuttum tíma þegar ferðast er norður eftir veginum og sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima samtímis frá löngum köflum. Vindmyllur verða í þónokkurri nálægð og þá sérstaklega Hróðnýjarstaðir. Sjónræn samlegðaráhrif á Vestfjarðavegi vegna vindorkuvera eru talin talsverð.
Laxárdalsvegur	
Lýsing á samlegð Hróðnýjarstaða, Sólheima og Garpsdals	Laxárdalsvegur er leiðin um Laxárdal yfir Laxárdalsheiði milli Búðardals og Borðeyri. Frá aðeins mjög litlum kafla efst á Laxárdalsheiði sést til allra þriggja vindorkuveranna en sá kafli er inni á miðju framkvæmdasvæði

	Sólheima og verða því Sólheimavindmyllurnar alltaf mest áberandi og minni líkur á að vegfarandi taki eftir öðrum vindorkuverum á þessum stað. Frá meirihluta Laxárdalsvegar er fræðilegur sýnileiki að bæði Hróðnýjarstöðum og Sólheimum á nokkuð löngum og samfelldum köflum. Frá stórum hluta vegarins sem liggur um Laxárdal sést þó aðeins í hluta vindmyllanna að Hróðnýjarstöðum og sums staðar aðeins í spaðana á þeim sem sjást, en þær eru nokkuð nær en vindmyllur Sólheima en verða líklega lægri. Þegar ekið er <u>austur</u> eftir Laxárdalsvegi er aðeins í mynni Laxárdals á um 6 km löngum kafla sem sést í allar vindmyllur Hróðnýjarstaða, en eftir það eru Hróðnýjarstaðir að miklu leyti í hvarfi við Spágilsstaðaháls á meðan Sólheimar sjást betur og eru sýnilegar vegfarandanum alla leið upp á Laxárdalsheiði og þar til komið er fram hjá vindorkuverinu á Sólheimum. Á Laxárdalsheiði liggur Laxárdalsvegur í gegnum svæði vindorkuversins á Sólheimum og vegfarandi því með vindmyllur sitt hvoru megin vegar og í mikilli nálægð. Þegar ekið er <u>vestur</u> eftir veginum í gegnum Sólheimasvæðið birtast vindmyllur að Hróðnýjarstöðum vegfarandanum neðar í Hvammsfirði og þá í nokkurri fjarlægð (12 km). Vindorkuverið á Hróðnýjarstöðum er þá að miklu leyti sýnilegt á um 4-5 km kafla en fer svo meira og meira í hvarf við landið eftir því sem komið er neðar í Laxárdalinn.
Sjónarhorn í myndaviðauka	Frá Laxárdalsvegi sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima frá sjónarhornum 05, 06 og 08, sjá tölvugerðar líkanmyndir í myndaviðauka.
Samlegðaráhrif	Samlegðar vegna vindorkuvera gætir að nokkru leyti frá Laxárdalsvegi en sýnileiki að Sólheimum er miklu útbreiddari en að Hróðnýjarstöðum og verður miklu stærri hluti af upplifun vegfarandans. Fræðilegur sýnileiki verður að þremur vindorkugörðum á stuttum kafla á Laxárdalsheiði en þar verður Garpsdalur langt í burtu og sést aðeins til hliðar við vegfarandann. Á þeim kafla vegarins þar sem sést í allar vindmyllur Hróðnýjarstaða á Laxárdalsheiði verða vindmyllur Sólheima allt um kring beggja vegna vegarins og í mikilli nálægð. Frá veginum í Laxárdal byrgir landslagið norðan við dalinn sýn að vindmyllum á Hróðnýjarstöðum, en á þeim kafla eru þær hvað næst vegfarandanum á þessari leið. Eini staðurinn þar sem Hróðnýjarstaðir hafa afgerandi áhrif í samlegð vindorkuvera á upplifun vegfarandans, er á austurleið á um 6 km kafla eftir að beygt er inn á veginn af Vestfjarðavegi. Sjónræn samlegðaráhrif á Laxárdalsvegi vegna vindorkuvera eru talin nokkur.
Klofningsvegur	
Lýsing á samlegð Hróðnýjarstaða, Sólheima og Garpsdals	Frá Klofningsvegi sést bæði til Hróðnýjarstaða og Sólheima og er sýnileiki þessara tveggja vindorkuvera álíka útbreiddur og ná yfir sömu kafla vegarins. Vindmyllur Hróðnýjarstaða standa um 10 km nær og verða þar að auki líklega lægri en vindmyllur Sólheima. Sést til beggja vindorkuveranna nokkuð samfellt á um 19 km kafla milli Efribyggðarvegar á Fellsströnd og Vestfjarðavegar. Á vestari hluta kaflans er sýnileikinn frekar slitróttur og vindmyllur eru víða á þeim kafla að hluta til í hvarfi við landið en eru nánast í beinni sjónlínu við vegfarandann á austurleið. Þegar komið er austur fyrir bæinn Rauðbarðaholt er sýnileikinn samfelldur þar til komið er að Vestfjarðavegi og er það um 11 km kafli. Þar sjást vindmyllur meira til hliðar við vegfarandann bæði á austur- og vesturleið en vegfarandi á vesturleið er með vindmyllur í bakið á hluta leiðarinnar. Vindmyllur eru næst í um 7 km fjarlægð frá veginum þar sem þær sjást.

Sjónarhorn í myndaviðauka	Frá Klofningsvegi sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima frá sjónarhornum 20-21 og 23-25, sjá tölvugerðar líkanmyndir í myndaviðauka.
Samlegðaráhrif	Samlegðar vegna vindorkuvera gætir að einhverju leyti frá Klofningsvegi og er sýnileiki Hróðnýjarstaða og Sólheima álíka útbreiddur yfir þónokkuð samfelldan og langan kafla vegarins innst í Hvammsfirði. Þessum tveimur vindorkuverum ber saman í útsýninu á mestum hluta leiðarinnar þar sem þau sjást. En þó svo að það sjáist fræðilega í vindorkuverið á Sólheimum verður það lengra í burtu og virka vindmyllurnar því minni, og þær verða að stórum hluta í hvarfi við landið. Sjónræn samlegðaráhrif á Klofningsvegi vegna vindorkuvera eru talin óveruleg.
Snæfellsnesvegur	
Lýsing á samlegð Hróðnýjarstaða, Sólheima og Garpsdals	Frá Snæfellsnesvegi sést bæði til Hróðnýjarstaða og Sólheima en vindmyllur Sólheima eru lengra í burtu og nær sýnileiki þeirra því ekki yfir eins stóran hluta vegarins og sýnileiki að vindmyllum Hróðnýjarstaða. Vegfarendur sem ferðast austur eftir veginum verða fyrir áhrifum því þegar ekið er <u>vestur</u> eftir Snæfellsnesvegi hefur vegfarandi bæði vindorkuverin í bakið og verða því ekki samlegðaráhrif á þeirri leið. Þegar ekið er <u>austur</u> eftir Snæfellsnesvegi mun vegfarandi fyrst taka eftir vindmyllum á Hróðnýjarstöðum þegar komið er fyrir beygjuna við áningarstaðinn Straum. Eftir það er slitróttur sýnileiki að Hróðnýjarstöðum eingöngu á um 12 km kafla en vindmyllurnar eru í mikilli fjarlægð. Þegar komið er að bænum Keisbakka fer fyrst að sjást í Sólheima í 45 km fjarlægð. Eftir það er sýnileiki að báðum vindorkuverunum nokkuð samfelldur og álíka útbreiddur á um 20 km leið, með aðeins meiri sýnileika að Hróðnýjarstöðum. Vindmyllur á Hróðnýjarstöðum eru einnig um 10 km nær en næst standa þær í um 20 km fjarlægð frá veginum þar sem þær sjást. Vindmyllur vindorkuveranna tveggja bera saman í útsýninu frá hluta leiðarinnar og frá hluta leiðarinnar eru þær hlið við hlið og dekka þá frekar stóran hluta sjóndeildarhringsins, en það er einnig á kafla vegarins sem er næstur vindorkuverunum. Frá Snæfellsnesvegi sjást vindmyllur til vinstri við vegfarandann.
Sjónarhorn í myndaviðauka	Frá Snæfellsnesvegi sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima frá sjónarhornum 03 og 04, sjá tölvugerðar líkanmyndir í myndaviðauka.
Samlegðaráhrif	Samlegðar vegna vindorkuvera gætir að nokkru leyti frá Snæfellsnesvegi og er sýnileiki Hróðnýjarstaða og Sólheima álíka útbreiddur yfir þónokkuð samfelldan og langan kafla vegarins, m.a. frá þeim kafla vegarins sem liggur næst vindorkuverunum. Þessum tveimur vindorkuverum ber að miklu leyti saman í útsýninu frá veginum en á þeim kafla sem er næstur vindorkuverunum eru þau hlið við hlið og dekka því nokkuð stóran hluta sjóndeildarhringsins. Vindorkuverin eru þó bæði í töluverðri fjarlægð og ekki í beinni sjónlínu við vegfarandann. Sjónræn samlegðaráhrif á Snæfellsnesvegi vegna vindorkuvera eru talin nokkur.

5.4 Mat á áhrifum á óbyggð víðerni

Á athugunarsvæðinu eru í stórum dráttum 5 víðernissvæði. Öll víðernissvæði eru talin hafa hátt gildi og vera mjög næm fyrir breytingum vegna framkvæmdar sem þessari. Lagt er mat á möguleg áhrif framkvæmdarinnar á víðernin og einnig samlegðaráhrif með öðrum vindorkugarðsáformum í nágrenninu.



Mynd 37. Óbyggð víðerni innan athugunarsvæðisins og fræðilegur sýnileiki vindmylla m.v. spaða í efstu stöðu. Myndin er einnig sýnd stærri í kafla 4.3.

Tafla 26. Mat á áhrifum á óbyggð víðerni

Víðernissvæði 1 – Á Klofningsnesi	
Viðkvæmni	Óbyggð víðerni eru almennt talin hafa hátt gildi og vera mjög næm fyrir breytingum af völdum framkvæmdar sem þessari. Viðkvæmni víðernissvæðisins er því mikil .
Umfang breytinga	Víðernissvæðið nær yfir fjallendi á Klofningsnesi og út að sjó á stöku stað. Framkvæmdasvæðið er staðsett næst víðernissvæðinu í um 10 km fjarlægð. Sýnileiki Hróðnýjarstaða er nokkuð útbreiddur innan suðausturhluta víðernissvæðisins og sést aðallega í vindmyllur frá fjallshlíðum sem snúa í suðaustur. Umfang breytinga er talið miðlungs vegna nokkuð takmarkaðs sýnileika og vegna þess að aðeins hluti vindmylla vindorkuversins sjást en einnig vegna þess að nálægðin er þónokkur.
Áhrif	Með tilliti til að víðernissvæðið er talið mikið viðkvæmt og umfang breytinga innan þess talið miðlungs , eru áhrif innan víðernissvæðisins talin vera talsverð .

Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> sést frá nokkrum hluta suðaustast innan víðernissvæðisins þegar horft er í norður og er í nokkurri fjarlægð (20-25 km). Svæði innan víðernisins þar sem sést í einhverjar vindmyllur, sést yfirleitt bæði í Hróðnýjarstaði og Sólheima. Vindorkuverunum tveimur ber þó yfirleitt saman í útsýninu nema Hróðnýjarstaðir eru um 10 km nær. <i>Vindorkuverið í Garpsdal</i> sést frá litlum og dreifðum svæðum aðallega innan nyrðri hluta víðernisins þegar horft er til norðausturs og er næst í um 20 km fjarlægð. Aðeins sést frá nokkrum fjallstoppum í bæði Hróðnýjarstaði og Garpsdal en þá í ólíkar áttir. <i>Vindorkuverið í Múla</i> sést ekki frá víðernissvæðinu. <i>Vindorkuverið á Grjóthálsi</i> sést ekki frá víðernissvæðinu. Frá nokkrum fjallstoppum sést í öll þrjú vindorkuverin, Hróðnýjarstaði, Sólheima og Garpsdal. Umfang breytinga innan víðernisins vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs</u>. Með tilliti til að víðernissvæðið er talið <u>mikið</u> viðkvæmt og umfang breytinga vegna samlegðar talið <u>miðlungs</u>, eru samlegðaráhrif á víðernissvæðið talin vera <u>talsverð</u>.
Víðernissvæði 2 – Norðan við Laxárdalsveg	
Viðkvæmni	Óbyggð víðerni eru almennt talin hafa hátt gildi og vera mjög næm fyrir breytingum af völdum framkvæmdar sem þessari. Viðkvæmni víðernissvæðisins er því <u>mikil</u>.
Umfang breytinga	Víðernissvæðið liggur norðan við framkvæmdasvæðið og er næst vindmyllum í um 5 km fjarlægð. Sýnileiki Hróðnýjarstaða er mjög útbreiddur innan syðri hluta svæðisins. Umfang breytinga er talið <u>mikið</u> vegna þess að sýnileiki er mjög útbreiddur og nálægðin er mikil.
Áhrif	Með tilliti til að víðernissvæðið er talið <u>mikið</u> viðkvæmt og umfang breytinga innan þess talið <u>mikið</u>, eru áhrif innan víðernissvæðisins talin vera <u>veruleg</u>.
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> sést mjög víða frá víðernissvæðinu þegar horft er til suðurs og er í mikilli nálægð, jafnvel lítill hluti vindorkuversins er innan marka víðernisins. <i>Vindorkuverið í Garpsdal</i> sést frá þónokkru svæði í nyrðri hluta víðernisins þegar horft er í vestur og norðvestur en sést að litlu leyti frá syðri hluta víðernisins og eru því mjög fá og lítil svæði þar sem sést bæði í Hróðnýjarstaði og Garpsdal. <i>Vindorkuverið í Múla</i> sést ekki frá víðernissvæðinu. <i>Vindorkuverið á Grjóthálsi</i> sést ekki frá víðernissvæðinu. Frá mjög stórum hluta víðernissvæðisins mun sjást til vindmylla í einhverjum af þessum þremur vindorkuverum, Hróðnýjarstöðum, Sólheimum og Garpsdal, frá mörgum svæðum mun sjást til tveggja vindorkuvera og frá stöku stað sést til þriggja vindorkuvera. Á stórum svæðum í syðsta hluta víðernisins sjást vindmyllur bæði á Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum í mikilli nálægð þegar horft er í suðuráttir. Umfang breytinga innan víðernisins vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>mikið</u>.

	Með tilliti til að víðernissvæðið er talið <u>mikið</u> viðkvæmt og umfang breytinga vegna samlegðar talið <u>mikið</u> , eru samlegðaráhrif á víðernissvæðið talin vera <u>veruleg</u> .
Víðernissvæði 3 – Fjallendi sunnan Hvammsfjarðar	
Viðkvæmni	Óbyggð víðerni eru almennt talin hafa hátt gildi og vera mjög næm fyrir breytingum af völdum framkvæmdar sem þessari. Viðkvæmni víðernissvæðisins er því <u>mikil</u> .
Umfang breytinga	Víðernissvæðið liggur suðvestan við framkvæmdasvæðið og er næst vindmyllum í um 25 km fjarlægð. Sýnileiki Hróðnýjarstaða er töluvert útbreiddur innan nyrðri hluta svæðisins en vindmyllur eru mjög víða í mikilli fjarlægð. Umfang breytinga er talið <u>miðlungs</u> vegna þess að sýnileiki er útbreiddur en líka vegna þess að fjarlægðin er víðast hvar mikil.
Áhrif	Með tilliti til að víðernissvæðið er talið <u>mikið</u> viðkvæmt og umfang breytinga innan þess talið <u>miðlungs</u> , eru áhrif innan víðernissvæðisins talin vera <u>talsverð</u> .
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> sést frá nokkuð stórum svæðum nyrst innan víðernisins, en er í mikilli fjarlægð eða um 35-45 km fjarlægð. <i>Vindorkuverið í Garpsdal</i> sést ekki frá víðernissvæðinu. <i>Vindorkuverið í Múla</i> er staðsett austan við víðernissvæðið og þaðan sem sést í bæði Hróðnýjarstaði og Múla, er Múli staðsettur mun nær. Aðeins sést frá nokkrum fjallstoppum í bæði Hróðnýjarstaði og Múla en þá í ólíkar áttir. <i>Vindorkuverið á Grjóthálsi</i> sést ekki frá víðernissvæðinu. Svæði sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima eru nokkuð stór en bæði vindorkuverin eru í þónokkurri fjarlægð og ber að mestu leyti saman í útsýninu. Vindmyllur virðast því vera fleiri á nokkurn veginn saman stað en dekkja örlítið stærra svæði við sjóndeildarhring. Frá þeim fjallstoppum sem sést í bæði Hróðnýjarstaðir og Múla sést einnig í Sólheima og þaðan sést því í þrjú vindorkuver. Umfang breytinga innan víðernisins vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs-lítið</u> . Með tilliti til að víðernissvæðið er talið <u>mikið</u> viðkvæmt og umfang breytinga vegna samlegðar talið <u>miðlungs-lítið</u> , eru samlegðaráhrif á víðernissvæðið talin vera <u>nokkur</u> .
Víðernissvæði 4 – Sunnan við Laxárdalsveg	
Viðkvæmni	Óbyggð víðerni eru almennt talin hafa hátt gildi og vera mjög næm fyrir breytingum af völdum framkvæmdar sem þessari. Viðkvæmni víðernissvæðisins er því <u>mikil</u> .
Umfang breytinga	Víðernissvæðið liggur suðaustan við framkvæmdasvæðið og er næst vindmyllum í um 9 km fjarlægð. Sýnileiki Hróðnýjarstaða er mjög lítið útbreiddur innan víðernissvæðisins og sést aðallega í vindmyllur frá hæstu fjallstoppum. Sýnileiki er mjög lítill frá syðri hluta svæðisins en eitt nokkuð stórt svæði er innan sýnileika í nyrsta hluta víðernisins sem einnig er næst framkvæmdasvæðinu. Innan þess svæðis sést þó ekki í allar vindmyllurnar nema á mjög litlu svæði.

	Umfang breytinga er talið <u>miðlungs-lítið</u> vegna lítils sýnileika og vegna þess að aðeins hluti vindmylla vindorkuversins sjást en einnig vegna þess að nálægðin er þónokkur við þær vindmyllur sem sjást.
Áhrif	Með tilliti til að víðernissvæðið er talið <u>mikið</u> viðkvæmt og umfang breytinga innan þess talið <u>miðlungs-lítið</u>, eru áhrif innan víðernissvæðisins talin vera <u>nokkur</u>.
Samlegðaráhrif	<i>Vindorkuverið á Sólheimum</i> sést frá talsverðum hluta nyrst innan víðernissvæðisins þegar horft er í norður og er í mikilli nálægð (3 km). Vindmyllur á Hróðnýjarstöðum verða minna áberandi í útsýninu í samanburði við vindmyllur á Sólheimum sem bæði eru staðsettar nær, eru hærri og hafa talsvert útbreiddari sýnileika innan víðernisins. Engu að síður eru vindmyllur á Hróðnýjarstöðum frekar nálægt og sjást í aðeins aðra átt en Sólheimar. <i>Vindorkuverið í Garpsdal</i> sést frá þónokkru svæði nyrst innan víðernisins þegar horft er í norðnorðvestur, eða miðja vegu á milli Hróðnýjarstaða og Sólheima. Garpsdalur er þó í töluverðri fjarlægð (40 km). <i>Vindorkuverið í Múla</i> yrði staðsett að hluta til innan víðernissvæðisins og svæði þar sem sést til bæði Hróðnýjarstaða og Múla yrðu dreifð um fjallstoppa svæðisins og ná m.a. yfir vesturhlíðar Tröllakirkju/Snjófjalla á Holtavörðuheidi. Á þeim svæðum sem sést í bæði Hróðnýjarstaði og Múla er Múli alltaf nær og einnig þarf að horfa í ólíkar áttir til að sjá báða garðana. <i>Vindorkuverið á Grjóthálsi</i> yrði staðsett sunnan við víðernissvæðið í svipaðri fjarlægð og Hróðnýjarstaðir. Svæði þar sem sést í bæði Hróðnýjarstaði og Grjótháls ná aðeins yfir vesturhlíðar Tröllakirkju/Snjófjalla á Holtavörðuheidi en það þarf að horfa í ólíkar áttir til að sjá báða garðana. Frá nokkrum fjallstoppum innan víðernisins sést fræðilega í þrjú vindorkuver og á einu svæði, frá Tröllakirkju/Snjófjöllum á Holtavörðuheidi, sést í fjögur vindorkuver. En það dregur úr samlegðaráhrifunum að Hróðnýjarstaðir er yfirleitt lengra í burtu en hinir garðarnir og líklega einnig minna áberandi vegna staðsetningar í landi og það eru aðallega vindmylluspaðarnir sem sjást. Umfang breytinga innan víðernisins vegna samlegðar vindorkuvera er talið <u>miðlungs-lítið</u>. Með tilliti til að víðernissvæðið er talið <u>mikið</u> viðkvæmt og umfang breytinga vegna samlegðar talið <u>miðlungs-lítið</u>, eru samlegðaráhrif á víðernissvæðið talin vera <u>nokkur</u>.
Víðernissvæði 5 – Á Arnarvatnsheiði	
Viðkvæmni	Óbyggð víðerni eru almennt talin hafa hátt gildi og vera mjög næm fyrir breytingum af völdum framkvæmdar sem þessari. Viðkvæmni víðernissvæðisins er því <u>mikil</u>.
Umfang breytinga	Víðernissvæðið liggur austan og suðaustan við framkvæmdasvæðið og er næst vindmyllum í um 29 km fjarlægð. Sýnileiki Hróðnýjarstaða er mjög lítill innan víðernissvæðisins og frá þeim fáu svæðum sem sést í vindmyllur sést aðeins í spaðaendana á nokkrum vindmyllum. Umfang breytinga er talið <u>lítið</u> vegna mikillar fjarlægðar og hverfandi sýnileika.

Áhrif	Með tilliti til að viðernissvæðið er talið <u>mikið</u> viðkvæmt og umfang breytinga innan þess talið <u>lítið</u> , eru áhrif innan viðernissvæðisins talin vera <u>óveruleg</u> .
Samlegðaráhrif	Þar sem sýnileiki Hróðnýjarstaða er nánast enginn, eru samlegðaráhrif á viðernissvæðið talin vera <u>óveruleg</u> .

5.5 Mat á áhrifum á myrkurgæði

Ljós á vindmyllum eru oft nauðsynleg til að tryggja flugöryggi. Lýsing utandyra getur haft áhrif á myrkurgæði og/eða valdið ljósmengun. Í greinargerð Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um myrkurgæði á Íslandi¹⁶ er gæðum myrkurs lýst sem möguleikanum á að geta notið stjörnuhimins í náttúrulegu myrkri. Með tilkomu manngerðra ljósa hefur víða dregið úr náttúrulegu myrkri og þar með möguleikanum á að sjá stjörnuhiminn og norðurljós.

Ljósum verður komið fyrir á vélarhúsum vindmylla á Hróðnýjarstöðum. Tilgangur slíkra ljósa er eins og áður sagði að vera sýnileg flugvélum úr lofti og eru ekki þess eðlis að þau spilli myrkri eða hafi áhrif á sýn fólks á jörðu niðri að stjörnuhimni eða norðurljósum.

Hins vegar verða flugöryggisljós sýnileg utan dagsbirtu í góðu skyggni og gætu því valdið neikvæðum sjónrænum áhrifum, sérstaklega á stöðum sem eru viðkvæmir fyrir manngerðum ljósum. Staðir sem eru viðkvæmir fyrir ljósum eru helst þar sem engin ljós eru fyrir og þar sem fólk er á ferðinni til að njóta myrkurs, svo sem á leiðum og útsýnisstöðum fyrir utan byggð og innan víðernissvæða.

Ljósín á vindmyllum Storm 1 verða hvít og blikkandi í samræmi við ákvörðun Samgöngustofu 1/2019. Ljósín munu aðeins kvikna þegar loftfar nálgast vindorkuverið og er innan við 1500 metrum frá jöðrum þess. Þar til gerð ratsjártækni verður nýtt til þessa. Nánari umfjöllun um ljósín má finna í kafla 6.1 í umhverfismatsskýrslu. Þetta mun draga verulega úr ljósmengun frá vindorkuverinu, **einnig þar sem fyrsta athugun Isavia um loftferðir um þetta svæði gefa vísbendingar um að flugumferð sé sáralítill, sem þýðir að ljósín munu kvikna sárasjaldan.**

Til að átta sig á frá hvaða svæðum ljós á vélarhúsi vindmylla gætu verið sýnileg er horft til kortsins sem sýnir fræðilegan sýnileika fyrir vindmyllunafir (mynd 15). En þó lítið sé til þessara sýnileikasvæða á kortinu er það ekki víst að lýsing á vélarhúsi sjáist frá tilteknum stað, m.a. vegna þess að tilgangur ljósanna er að vera sýnileg úr lofti en ekki frá jörðu. Einnig má hafa í huga að vindmyllur á Hróðnýjarstöðum eru staðsettar tiltölulega nærri byggð og þaðan sem vindmyllur sjást, sést víða einnig í ljós frá öðrum mannvirkjum í nágrenninu.

Helstu áhrif sem ljós á vélarhúsum vindmylla munu hafa, eru því á svæðum innan víðerna þar sem sést í vindmyllunafir og ekki nein önnur ljós. Á meðan vindmyllurnar sjálfar eru sýnilegar að degi til, gerir lýsingin það að verkum að þær verða einnig sýnilegar að næturlagi, en aðeins þegar flugför eru nærri vindorkuverinu. Áhrif framkvæmdarinnar á óbyggð víðerni er tekið fyrir í kafla 5.4.

Í ljósi ofangreinds er talið að áhrif flugöryggisljósa á myrkurgæði verði **óveruleg**.

¹⁶ Möður Árnason ofl., 2013

6 Samantekt áhrifa

6.1 Samantekt áhrifa á landslagsheildir

Áhrif á landslagið er mjög mismunandi enda áhrifasvæðið mjög stórt. Það má þó segja að áhrifin verði frekar staðbundin við umhverfið við Hvammsfjörð vegna staðsetningar vindmyllanna við fjörðinn, vestan megin við Laxárdalsheiði, sem gerir að sýnileiki að vindmyllum einskorðast að mestu við það svæði. Eins og kemur fram í töflunni hér fyrir neðan eru fjórar skilgreindar landslagsheildir (heildir 5, 7, 8 og 13) innan athugunarsvæðisins sem verða ekki fyrir neinum áhrifum vegna þess að þaðan sést ekkert eða mjög lítið í vindmyllur Hróðnýjarstaða vegna landforma. Fjórar landslagsheildir (heildir 1, 10, 11 og 12) eru taldar verða fyrir *óverulegum* áhrifum vegna þess að þaðan er sýnileiki mjög lítill og/eða fjarlægðin mikil. Þrjár landslagsheildir (heildir 4, 6 og 14) eru taldar verða fyrir *nokkrum* áhrifum, þrjár (heildir 2, 3 og 15) fyrir *talsverðum* áhrifum og ein (heild 9) fyrir *verulegum* áhrifum.

Áhrif eru talin verða *nokkur* innan heildanna Fellsströnd dalir og sker (4), Fjöll og víðerni á Klofningsnesi (6) og Fjallendi og inndalir austan Snæfellsness (14), aðallega vegna þess að sýnileiki er frekar takmarkaður og verða því fáir fyrir áhrifum og þaðan sem sést í vindmyllur innan landslagsheildanna eru þeir staðir ekki taldir sérstaklega viðkvæmir fyrir breytingum.

Áhrif eru talin verða *talsverð* innan heildanna Laxárdalur og nágrenni (2), Hvammssveit fyrir botni Hvammsfjarðar (3) og Skógarströnd við sunnanverðan Hvammsfjörð (15). Vindmyllur eru staðsettar innan landslagsheildar 2 og þar verða bein áhrif á landslag og einkenni þess taka því talsverðum breytingum. Einnig er sýnileiki talsvert útbreiddur innan landslagsheildarinnar sem nær m.a. yfir Vestfjarðaveg og nálægðin er mikil. En það sem helst dregur úr áhrifunum innan landslagsheildar 2 er að það er takmarkaður sýnileiki frá viðkvæmum stöðum, t.d. frá Búðardal og byggðinni í Laxárdal, en einnig hafa vindmyllur takmörkuð áhrif á útsýnisstaði því að mikilvægt útsýni er gjarnan í aðrar áttir en að framkvæmdasvæðinu (t.d. út á Hvammsfjörð). Áhrif á landslagsheild 3 eru talin verða talsverð vegna þess að þaðan sést gjarnan vel til vindmyllanna frá viðkvæmum stöðum, m.a. frá þekktum útsýnisstöðum, áningarstöðum og ferðaleiðum, og nálægðin er frekar mikil. En það dregur helst úr áhrifunum að þar verða aðeins sjónræn áhrif sem eru afturkræf. Áhrif á landslagsheild 15 eru einnig talin verða talsverð vegna þess að sýnileiki er talsvert útbreiddur og þaðan sést vel til vindmyllanna frá viðkvæmum stöðum, m.a. frá híbýlum, útsýnisstöðum og ferðaleiðum þó fjarlægðin sé oft þónokkur. Það dregur helst úr áhrifunum á landslagsheildir 3 og 15 að þar verða aðeins sjónræn áhrif sem eru afturkræf. En allar þrjár heildirnar sem taldar eru verða fyrir talsverðum áhrifum hafa það sameiginlegt að hafa frekar manngert yfirbragð sem gerir það að verkum að ný mannvirki verða minna framandi í landslaginu og dregur það einnig úr áhrifunum.

Áhrif eru talin verða *veruleg* innan heildarinnar Laxárdalsheiði og víðerni (9) vegna þess að hluti vindorkuversins er staðsettur innan heildarinnar og verða umfangmiklar breytingar á landslagi vegna beinna og óafturkræfra áhrifa og raski á áður óröskuðu landi. Lítið er um mannvirki innan heildarinnar og munu einkenni landslagsins breytast verulega með tilkomu vindmylla sem eru í miklu ósamræmi við umhverfi sitt. Sýnileiki að vindorkuverinu er einnig frekar útbreiddur innan heildarinnar og nær að hluta inn á óbyggð víðernissvæði sem getur leitt til tímabundinnar skerðingar á slíkum svæðum. Það dregur eitthvað úr áhrifunum að sýnileikinn er nokkuð slitróttur innan óbyggðra víðerna og líklegt er að frá mörgum sýnileikasvæðum innan víðerna sjáist aðeins í lítinn hluta vindorkuversins og aðeins í spaðana. Einnig vegna þess að þar sem aðeins verða sjónræn áhrif eru áhrifin afturkræf.

Samlegðaráhrif innan landslagsheilda verða aðallega vegna samlegðar Hróðnýjarstaða og Sólheima og eru svæði þar sem sést til þessara tveggja vindorkuvera samtímis bæði stór og útbreidd. Lítil samlegð er með Hróðnýjarstöðum og hinum gördunum sem teknir voru til athugunar, þ.e. Garpsdal, Múla og Grjótháls.

Samlegðaráhrif eru talin verða mest eða *veruleg* innan heildarinnar Laxárdalur og nágrenni (2) en það eru meiri áhrif en talin eru verða fyrir Hróðnýjarstaðir eingöngu. Með tilkomu vindorkuveranna að Hróðnýjarstöðum og að Sólheimum verður nánast alls staðar innan heildarinnar hægt að sjá

vindmyllur, að öðrum vindorkugarðinum eða báðum í einu, stundum í ólíkar áttir og í mikilli nálægð. Vindmyllur sjást frá flestum híbýlum, flestum viðkomustöðum og helstu leiðum. Bein áhrif verða á landslag vegna þess að hluti beggja vindorkuveranna liggur innan heildarinnar og landslagseinkenni breytast verulega. Það dregur aðeins úr áhrifunum að þar sem aðeins verða sjónræn áhrif eru áhrifin afturkræf.

Samlegðaráhrif eru talin verða *ta/sverð* innan heildarinnar Laxárdalsheiði og víðerni (9) en það eru minni áhrif en talin eru verða fyrir Hróðnýjarstaðir eingöngu. Með tilkomu vindorkuveranna að Hróðnýjarstöðum, að Sólheimum og í Garpsdal verður hægt að sjá vindmyllur frá stórum hluta heildarinnar sem tilheyra allt að þremur vindorkuverum. Sýnileiki að Hróðnýjarstöðum er þó minna útbreiddur innan heildarinnar en sýnileiki að Sólheimum, sem er mjög útbreiddur. Sólheimar eru staðsettir fyrir miðri heild, eru meira áberandi frá stærri hluta heildarinnar, eru nær óbyggðum víðernum og nær vegfarendum á Laxárdalsvegi og má því ætla að Sólheima stuðli að meiri áhrifum en Hróðnýjarstaðir og dragi þar með úr vægi Hróðnýjarstaða í samlegðaráhrifunum.

Tafla 27. Samantekt áhrifa á landslagsheildir

Landslagsheild	Áhrif			
	Óveruleg/ Engin	Nokkur	Talsverð	Veruleg
1 – Suðurdalir við Hvammsfjörð	X			
Samlegðaráhrif	X			
2 – Laxárdalur og nágrenni			X	
Samlegðaráhrif				X
3 – Hvammssveit fyrir botni Hvammsfjarðar			X	
Samlegðaráhrif			X	
4 – Fellsströnd, dalir og sker		X		
Samlegðaráhrif		X		
5 – Skarðsströnd og Saurbær við há fjöll	X			
Samlegðaráhrif	X			
6 – Fjöll og víðerni á Klofningsnesi		X		
Samlegðaráhrif		X		
7 – Dalir og fjöll norðan Gilsfjarðar	X			
Samlegðaráhrif	X			
8 – Vesturströnd Húnaflóa með fjalllendi og dölum	X			
Samlegðaráhrif	X			
9 – Laxárdalsheiði og víðerni				X
Samlegðaráhrif			X	
10 – Hrútafjörður og Miðfjörður	X			
Samlegðaráhrif	X			
11 – Miðfjarðardalir	X			
Samlegðaráhrif	X			
12 – Holtavörðuheði og Arnarvatnsheiði	X			
Samlegðaráhrif	X			
13 – Uppsveitir Borgarfjarðar	X			
Samlegðaráhrif	X			
14 – Fjallendi og inndalir austan Snæfellsness		X		
Samlegðaráhrif		X		
15 – Skógarströnd við sunnanverðan Hvammsfjörð			X	
Samlegðaráhrif		X		

6.2 Samantekt áhrifa á valin sjónarhorn

Áhrif á valin sjónarhorn er mjög mismunandi enda sjónarhorn fjölbreytt og ná yfir stórt svæði. Það sjónarhorn sem liggur næst vindorkuverinu er í um 1,2 km fjarlægð (sjónarhorn 14) og það sem lengst í burtu er í um 43,6 km fjarlægð (sjónarhorn 01), en í slíkri fjarlægð eru vindmyllur ekki sýnilegar nema í mjög góðu skyggni. Öll sjónarhornin eru staðsett á svæðinu við Hvammsfjörð enda sést vindorkuverið lítið fyrir utan það svæði nema þá frá hálendi eða fjallstoppum þar sem fólk er lítið eða ekkert á ferðinni.

Áhrifin eru talin verða mest eða *veruleg* fyrir sjónarhorn 20 – Krosshólaborg við Klofningsveg, en þar er áningarstaður með sögulega tengingu og víðsýnt og gott útsýni yfir landslag þar sem vindorkuverið að Hróðnýjarstöðum mun sjást að öllu leyti í þónokkurri nálægð (7,4 km fjarlægð). Þá eru allmörg eða 12 sjónarhorn sem eru talin verða fyrir *talsverðum* áhrifum (sjónarhorn 08, 10-16, 18-19, 21 og 23) en þau eiga það sameiginlegt að vera í innan við 10 km fjarlægð frá vindorkuverinu. Sjónarhorn sem talin eru verða fyrir *nokkrum* áhrifum eru staðsett í mjög mismikilli fjarlægð frá vindorkuverinu en þá eru aðrir þættir eins og viðkvæmni staðar, umfang sýnileika og birtingarmynd vindmyllanna í útsýninu sem stýra áhrifunum. Í því samhengi má benda á sjónarhorn 01 sem er mjög langt í burtu en staðurinn er áningarstaður með stórbrotið útsýni og því viðkvæmur fyrir ásýndarbreytingum. Einnig má benda á sjónarhorn 17 sem er frekar nálægt vindorkuverinu eða um 5,2 km fjarlægð, en vindmyllurnar eru að nokkru leyti í hvarfi við látlausa hæð í landinu á meðan mikilvægari sjónlínur frá þessum stað eru í aðrar áttir eða eftir veginum og út á fjörðinn.

Tafla 28. Samantekt áhrifa á valin sjónarhorn

Sjónarhorn	Áhrif			
	Óveruleg/ Engin	Nokkur	Talsverð	Veruleg
01 – Straumur við Snæfellsnesveg		X		
Samlegðaráhrif	X			
02 – Breiðabólstaður á Skógarströnd	X			
Samlegðaráhrif	X			
03 – Bíldhóll á Skógarströnd	X			
Samlegðaráhrif	X			
04 – Dunkárbakki í Hörðudal		X		
Samlegðaráhrif	X			
05 – Gatnamót Vestfjarðavegar og Laxárdalsvegur		X		
Samlegðaráhrif		X		
06 – Höskuldsstaðir í Laxárdal		X		
Samlegðaráhrif		X		
07 – Þrándarkot í Laxárdal	X			
Samlegðaráhrif	X			
08 – Laxárdalsvegur við Sólheima			X	
Samlegðaráhrif		X		
09 – Búðardalur		X		
Samlegðaráhrif	X			
10 – Hjarðarholt í Laxárdal			X	
Samlegðaráhrif			X	
11 – Spágilsstaðir			X	

Sjónarhorn	Áhrif			
	Óveruleg/ Engin	Nokkur	Talsverð	Veruleg
<i>Samlegðaráhrif</i>	X			
12 – Vestfjarðavegur við Naustabót			X	
<i>Samlegðaráhrif</i>	X			
13 – Ljárskógar veiðihús			X	
<i>Samlegðaráhrif</i>	X			
14 – Við ána Fáskrúð			X	
<i>Samlegðaráhrif</i>	X			
15 – Ljárskógasel við ána Fáskrúð			X	
<i>Samlegðaráhrif</i>	X			
16 – Vestfjarðavegur norðan við ána Fáskrúð			X	
<i>Samlegðaráhrif</i>	X			
17 – Magnússkógar í Hvammssveit		X		
<i>Samlegðaráhrif</i>	X			
18 – Ásgarður í Hvammssveit			X	
<i>Samlegðaráhrif</i>	X			
19 – Laugar í Sælingsdal			X	
<i>Samlegðaráhrif</i>	X			
20 – Krosshólaborg við Klofningsveg				X
<i>Samlegðaráhrif</i>		X		
21 – Klofningsvegur við Hvamm			X	
<i>Samlegðaráhrif</i>	X			
22 – Hvammur í Hvammssveit	X			
<i>Samlegðaráhrif</i>	X			
23 – Skarfsstaðir í Hvammssveit			X	
<i>Samlegðaráhrif</i>		X		
24 – Klofningsvegur austan Rauðbarðaholts		X		
<i>Samlegðaráhrif</i>		X		
25 – Valpúfa á Fellsströnd		X		
<i>Samlegðaráhrif</i>	X			

6.3 Samantekt samlegðaráhrifa frá helstu leiðum

Mest verða áhrifin á Vestfjarðavegi og þar gætir samlegðar vegna vindorkuvera að töluverðu leyti þar sem vindorkuver munu sjást frá löngum og samfelldum köflum vegarins í Hvammsfirði. Sýn verður að þremur vindorkuverum á tiltölulega stuttum tíma þegar ferðast er norður eftir veginum og sést til bæði Hróðnýjarstaða og Sólheima samtímis frá löngum köflum. Vindmyllur verða í þónokkurri nálægð við vegfarandann og þá sérstaklega Hróðnýjarstaðir.

Minni samlegðaráhrifa er að vænta á Laxárdalsvegi þó að hann sé að miklu leyti í svipaðri fjarlægð frá vindorkuverinu og Vestfjarðavegur. Helsta ástæðan fyrir minni áhrifum er að sýnileiki að vindmyllum á Sólheimum er miklu útbreiddari á Laxárdalsvegi en að vindmyllum á Hróðnýjarstöðum og verður því miklu stærri hluti af upplifun vegfarandans. Fræðilegur sýnileiki verður að þremur vindorkugörðum á stuttum kafla á Laxárdalsheiði en þar verður Garpsdalur langt í burtu og sést aðeins til hliðar við vegfarandann. Á þeim kafla vegarins þar sem sést í allar vindmyllur Hróðnýjarstaða á Laxárdalsheiði verða vindmyllur Sólheima allt um kring beggja vegna vegarins og í mikilli nálægð. Frá veginum í Laxárdal byrgir landslagið norðan við dalinn sýn að vindmyllum á Hróðnýjarstöðum, en á þeim kafla eru þær hvað næst vegfarandanum á þessari leið. Eini staðurinn þar sem Hróðnýjarstaðir hafa afgerandi áhrif í samlegð vindorkuvera á upplifun vegfarandans, er á austurleið á um 6 km kafla eftir að beygt er inn á veginn af Vestfjarðavegi.

Samlegðar vegna vindorkuvera gætir einnig að nokkru leyti frá Snæfellsnesvegi og er sýnileiki Hróðnýjarstaða og Sólheima álíka útbreiddur yfir þónokkuð samfelldan og langan kafla vegarins, m.a. frá þeim kafla vegarins sem liggur næst vindorkuverunum. En fjarlægðin að vindmyllum er minnst um 20 km og það er aðallega fjarlægðin sem gerir það að verkum að áhrifin verða ekki meiri.

Samlegðar vegna vindorkuvera gætir að einhverju leyti frá Klofningsvegi en áhrifin eru samt sem áður talin óveruleg. Sýnileiki Hróðnýjarstaða og Sólheima er álíka útbreiddur yfir þónokkuð samfelldan og langan kafla vegarins innst í Hvammsfirði. Þessum tveimur vindorkuverum ber saman í útsýninu á mestum hluta leiðarinnar þar sem þau sjást. En þó svo að það sjáist fræðilega í vindorkuverið á Sólheimum verður það lengra í burtu og virka vindmyllurnar því minni, og þær verða að stórum hluta í hvarfi við landið.

Tafla 29. Samantekt samlegðaráhrifa frá helstu leiðum

Leið	Samlegðaráhrif			
	Óveruleg/ Engin	Nokkur	Talsverð	Veruleg
Vestfjarðavegur			X	
Laxárdalsvegur		X		
Klofningsvegur	X			
Snæfellsnesvegur		X		

6.4 Samantekt áhrifa á óbyggð víðerni

Mest verða áhrifin eða *veruleg* á víðernissvæði 2 sem er staðsett norðan við Laxárdalsveg og norðan við framkvæmdasvæðið í um 5 km fjarlægð þar sem það er næst. Sýnileiki að Hróðnýjarstöðum er mjög útbreiddur og nær yfir stór svæði innan syðri hluta víðernisins.

Áhrifin eru talin verða *talsverð* á víðernissvæði 1 og 3 en víðernissvæði 1 er staðsett næst framkvæmdasvæðinu í um 10 km fjarlægð. Sýnileiki Hróðnýjarstaða er nokkuð útbreiddur innan suðausturhluta víðernissvæðisins og sést aðallega í vindmyllur frá fjallshlíðum sem snúa í suðaustur. Víðernissvæði 3 er staðsett lengra í burtu eða næst í um 25 km fjarlægð en þar er sýnileiki Hróðnýjarstaða töluvert útbreiddur og eru þau svæði vel dreifð yfir nyrðri hluta svæðisins, láglandi, hálendi og fjallstoppa.

Áhrifin eru talin verða *nokkur* á víðernissvæði 4 sem er staðsett sunnan við Laxárdalsveg. Víðernið er frekar nálægt framkvæmdasvæðinu en svæði þaðan sem sést til vindmyllanna eru fá og frekar lítil. Það svæði sem er einna stærst innan sýnileika liggur einnig næst framkvæmdasvæðinu, en þaðan sést að mestu aðeins í hluta vindmyllanna vegna landforma.

Áhrifin eru talin verða *óveruleg* á víðernissvæði 5 sem nær m.a. yfir Arnarvatnsheiði, en þar er lítil sýnileiki og þaðan sést aðeins í spaðaendana á þeim vindmyllum sem sjást í mikilli fjarlægð.

Samlegðaráhrif innan víðerna verða aðallega vegna samlegðar Hróðnýjarstaða og Sólheima og eru svæði þar sem sést til þessara tveggja vindorkuvera samtímis bæði stór og útbreidd. Lítil samlegð er með Hróðnýjarstöðum og hinum gördunum sem teknir voru til athugunar, þ.e. Garpsdal, Múla og Grjótháls.

Samlegðaráhrif eru talin verða mest eða *veruleg* á víðernissvæði 2 (norðan við Laxárdalsveg) en þar mun sjást til vindmylla í einhverjum af þessum þremur vindorkuverum, Hróðnýjarstöðum, Sólheimum og Garpsdal frá mjög stórum hluta víðernissvæðisins. Frá mörgum svæðum mun sjást til tveggja vindorkuvera og frá stöku stað sést til þriggja vindorkuvera. Á stórum svæðum í syðsta hluta víðernisins sjást vindmyllur bæði á Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum í mikilli nálægð þegar horft er í suðuráttir.

Samlegðaráhrif eru talin verða *talsverð* á víðernissvæði 1 (á Klofningsnesi) en þaðan sem sést í vindmyllur innan svæðisins sést yfirleitt bæði í Hróðnýjarstaði og Sólheima og Hróðnýjarstaðir eru um 10 km nær. Frá nokkrum fjallstoppum sést í þrjú vindorkuver, Hróðnýjarstaði, Sólheima og Garpsdal.

Samlegðaráhrif eru talin verða *nokkur* á víðernissvæði 3 (fjallendi sunnan Hvammsfjarðar) en það eru minni áhrif en talin eru verða fyrir Hróðnýjarstaðir eingöngu. Með tilkomu vindorkuveranna að Hróðnýjarstöðum, að Sólheimum og í Múla verður hægt að sjá vindmyllur frá mörgum svæðum innan víðernisins, aðallega frá fjallstoppum, sem tilheyra allt að þremur vindorkuverum. Sýnileiki að Hróðnýjarstöðum er þó minna útbreiddur innan heildarinnar en sýnileiki að Sólheimum og Múla, og Múli liggur töluvert nær en hinir tveir garðarnir. Hluti Hróðnýjarstaða verður því nokkuð lítil í samlegðaráhrifunum.

Samlegðaráhrif eru einnig talin verða *nokkur* á víðernissvæði 4 (sunnan við Laxárdalsveg) en þar er staður sem fræðilega sést í fjögur vindorkuver. Hróðnýjarstaðir sjást aðeins frá helstu fjallstoppum á meðan sýnileiki annarra garða sem sjást er meiri og sjást Hróðnýjarstaðir víða aðeins að hluta til vegna landforma. Hluti Hróðnýjarstaða verður því nokkuð lítil í samlegðaráhrifunum.

Tafla 30. Samantekt áhrifa á óbyggð víðerni

Víðernissvæði	Áhrif			
	Óveruleg/ Engin	Nokkur	Talsverð	Veruleg
Víðernissvæði 1 – Á Klofningsnesi			X	

Viðernissvæði	Áhrif			
	Óveruleg/ Engin	Nokkur	Talsverð	Veruleg
<i>Samlegðaráhrif</i>			X	
Viðernissvæði 2 – Norðan við Laxárdalsveg				X
<i>Samlegðaráhrif</i>				X
Viðernissvæði 3 – Fjalllendi sunnan Hvammsfjarðar			X	
<i>Samlegðaráhrif</i>		X		
Viðernissvæði 4 – Sunnan við Laxárdalsveg		X		
<i>Samlegðaráhrif</i>		X		
Viðernissvæði 5 – Á Arnarvatnsheiði	X			
<i>Samlegðaráhrif</i>	X			

7 Heimildir

Alþingi (2013). Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Sótt á vef:
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>.

Council of Europe (2000). *European Landscape Convention, Florence, 20.X.2000*. Strasbourg: Council of Europe.

David C. Ostman, Ole Neumann og Þorvarður Árnason (2021). *Óbyggð víðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvísi*. Háskóli Íslands – Rannsóknasetur á Hornafirði. Sótt á vef:
https://www.ramma.is/media/rannsoknir/OstmanEtal2021_WildernessIceland.pdf.

EFLA og LUC (2020). *Landslag á Íslandi – Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísi*. Sótt á vef: https://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/Skyrslan_Lokaeintak-2-.pdf

Landscape Institute og Institute of Environmental Management & Assessment (2013). *Guidelines for Landscape and Visual Impact Assessment* (3. útg.). Abingdon: Routledge.

Mörður Árnason ofl. (2013). *Myrkurgæði á Íslandi. Greinargerð starfshóps um myrkurgæði og ljósmengun ásamt tillögum um úrbætur og frekari athugun*. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Reykjavík.

NatureScot (2021). *Guidance – Assessing the cumulative landscape and visual impact of onshore wind energy developments*. Sótt á vef: <https://www.nature.scot/doc/guidance-assessing-cumulative-landscape-and-visual-impact-onshore-wind-energy-developments>.

Scottish Natural Heritage, 2017. *Visual Representation of Wind Farms – Guidance* (2.2. útg.). Sótt á vef: <https://www.nature.scot/sites/default/files/2019-09/Guidance%20-%20Visual%20representation%20of%20wind%20farms%20-%20Feb%202017.pdf>.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun (2005). *Leiðbeiningar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.

Swanwick, C. og Land Use Consultants (2002). *Landscape Character Assessment – Guidance for England and Scotland*. Cheltenham/Edinburgh: The Countryside Agency/Scottish Natural Heritage.

Umhverfisstofnun (2002-2023). *Náttúruinjasrá.*
<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/naturuminjaskra/>

Þorvarður Árnason, David Ostman og Adam Hoffritz (2017). *Kortlagning víðerna á miðhálandi Íslands: Tillögur að nýrri aðferðafræði*. Háskóli Íslands – Rannsóknasetur á Hornafirði. Sótt á vef: https://www.skiplag.is/media/pdf-skjol/Kortlagning_Viderna_Web2.pdf

Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. (2010). *Íslenskt landslag – Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Viðauki A

Til að meta sjónrænan fjölbreytileika í landslagi var útbúinn sérstakur athugunarlisti fyrir verkefnið. Innblástur við gerð athugunarlistans og þeirra aðferða sem notaðar voru við greininguna var að miklu leyti fenginn frá íslenska landslagverkefninu¹⁷. Annað er staðfært og aðlagð þessu verkefni af þeim sem komu að greiningunni og matinu innan COWI. Hér á eftir er gerð grein fyrir þeirri greiningu sem fram fór, hvaða viðmið voru notuð og þeirri niðurstöðu sem var fengin fyrir hverja landslagsheild fyrir sig. Athygli skal vakin á því að skalinn í þessu verkefni er nokkuð stór og þær landslagsheildir sem greindar voru ná yfir allstórt svæði, því er það í hlutarins eðli að fjölbreytileiki innan hversrar heildar er almennt mikill. Því er hér við mat á sjónrænum fjölbreytileika reynt að horfa til megineinkenna og meginupplifunar innan hversrar landslagsheildar frekar en að greina landslagþætti í smáatriði.

Eftirfarandi sjónrænu þættir voru skoðaðir til að leggja mat á sjónrænan fjölbreytileika í landslagi:

- **Sjóndeildarhringur** er metinn út frá fjölbreytni í hæð og lögun lands og einnig eftir fjölbreytni í dýpt. Þar sem sjóndeildarhringur er fjarlægur er mikið víðsýni og þar hefur landslagið mikla dýpt. Fjölbreytni er mikil þegar sjóndeildarhringur er misfjarlægur og lögun lands gerir form við sjóndeildarhring fjölbreytt. Reynt er að meta út frá dæmigerðu sjónarhorni innan landslagsheildar.
- **Breytileiki í hæð** er metinn á nokkuð stórum skala þar sem að hæsta einkunn fæst ef breytileikinn innan landslagsheildar fer yfir 1000 metra í hæðamismun.
- **Form og línur** er greint út frá breytileika og endurtekningu forma og lína í landslaginu. Há einkunn fæst ef form og línur eru áberandi og fjölbreytt og er þá horft eftir beinum og ávölum línunum, hvössum formum, bugðum og svigðum.
- **Áferð** á við sýnilegt yfirborð landslags og er metin á skalanum frá hrjúfu/úfnu yfir í ávalt/slétt. Hærrí einkunn fæst ef áferðin er metin hrjúfari/úfnari. Ef landslagið skiptist mikið á að vera úfið og slétt getur fjölbreytileikinn einnig talist mikill.
- **Fjölbreytni gróðurs** er metin út frá fjölbreytni gróðurlenda sem greinast sjónrænt á yfirborði. Mikið vægi fæst ef mörg mismunandi gróðurlendi greinast og fer þá yfirleitt saman að gróðurþekja er einnig mikil.
- **Litauðgi** er metin út frá sýnilegum fjölbreytileika lita á skalanum lítil fjölbreytileiki yfir í mikinn fjölbreytileika.
- **Blettastærð** segir til um hvort mynstur og sjónrænar heildir séu stórar eða litlar. Ef blettastærð er smágerð fæst há einkunn og ef blettastærð er gróf fæst lág einkunn.
- **Hreyfing** er metin út frá hvort upplifun af landslaginu er róleg og lítið að gerast eða á hreyfingu og mikið að gerast.
- **Vatn** er metið eftir því hversu mikill fjölbreytileiki er í birtingarformi þess í landslaginu miðað við aðrar landslagsheildir. Fleiri birtingarform gefa meiri fjölbreytileika og þar með meira vægi. Mismunandi birtingarform vatns getur verið t.d. fossar og flúðir, ár, lækir, vötn og tjarnir, sjór, jöklar, ís og votlendi, ferskvatn/jökulvatn, rennandi/kyrrt.

¹⁷ Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl., 2010

Ofangreindum þáttum var gefinn einkunn á bilinu 1 og upp í 5 (sjá athugunarlista hér fyrir neðan). Meðaltal allra þátta gefur til kynna sjónrænan fjölbreytileika fyrir viðkomandi landslagsheild á eftirfarandi hátt:

- 1 (1-1,4)= Mjög lítil sjónrænn fjölbreytileiki
- 2 (1,5-2,4)= Lítil sjónrænn fjölbreytileiki
- 3 (2,5-3,4)= Miðlungs sjónrænn fjölbreytileiki
- 4 (3,5-4,4)= Mikill sjónrænn fjölbreytileiki
- 5 (4,5-5)= Mjög mikill sjónrænn fjölbreytileiki

Niðurstaða fyrir hverja landslagsheild er síðan notuð inn í mat á gildi þar sem landslag sem metið er fjölbreytt í sjónrænum þáttum er talið með hærra gildi.

Hér fyrir neðan má sjá athugunarlistann og niðurstöður mats á sjónrænum fjölbreytileika fyrir þær 8 landslagsheildir sem greindar voru í þessu verkefni.

Landslagsheild 1: Suðurdalur við Hvammsfjörð

	5	4	3	2	1
Sjóndeildarhringur	Mjög fjölbr.	✓ Nokkuð fjölbr.	Miðlungs	Nokkuð fábr.	Mjög fábr.
Breytileiki í hæð	>1000 m	600-1000 m	✓ 300-600 m	100-300 m	0-100 m
Form og línur	✓ Mjög mikið	Mikið	Meðal	Lítið	Mjög lítið
Áferð	Hrúf/úfin	Nokkuð hrúf	Meðal	✓ Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
Fjölbreytni gróðurs	Mjög mikil	✓ Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Litaaðgi	Mjög mikil	Mikil	✓ Meðal	Lítill	Mjög lítill
Blettastærð	Smágerð	Lítill	✓ Meðal	Mikil	Gróf
Hreyfing	Mjög mikil	Mikil	✓ Meðal	Lítill	Mjög lítill
Birtingarform vatns	Mjög mörg	✓ Nokkuð mörg	Meðal	Nokkuð fá	Eitt/ekkert

Meðaltal: 3,4

→ Niðurstaða/einkunn inn í gildismat: **3 – Miðlungs sjónrænn fjölbreytileiki**

Landslagsheild 2: Laxárdalur og nágrenni

	5	4	3	2	1
Sjóndeildarhringur	Mjög fjölbr.	Nokkuð fjölbr.	✓ Miðlungs	Nokkuð fábr.	Mjög fábr.
Breytileiki í hæð	>1000 m	600-1000 m	300-600 m	✓ 100-300 m	0-100 m
Form og línur	Mjög mikið	Mikið	✓ Meðal	Lítið	Mjög lítið
Áferð	Hrúf/úfin	Nokkuð hrúf	Meðal	✓ Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
Fjölbreytni gróðurs	Mjög mikil	✓ Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Litaaðgi	Mjög mikil	Mikil	Meðal	✓ Lítill	Mjög lítill
Blettastærð	Smágerð	Lítill	Meðal	✓ Mikil	Gróf
Hreyfing	Mjög mikil	Mikil	Meðal	✓ Lítill	Mjög lítill
Birtingarform vatns	Mjög mörg	Nokkuð mörg	✓ Meðal	Nokkuð fá	Eitt/ekkert

Meðaltal: 2,6

→ Niðurstaða/einkunn inn í gildismat: **3 – Miðlungs sjónrænn fjölbreytileiki**

Landslagsheild 3: Hvammssveit fyrir botni Hvammsfjarðar

	5	4	3	2	1
Sjóndeildarhringur	Mjög fjölbr.	✓ Nokkuð fjölbr.	Miðlungs	Nokkuð fábr.	Mjög fábr.
Breytileiki í hæð	>1000 m	600-1000 m	✓ 300-600 m	100-300 m	0-100 m
Form og línur	Mjög mikið	Mikið	✓ Meðal	Lítið	Mjög lítið
Áferð	Hrjúf/úfin	✓ Nokkuð hrjúf	Meðal	Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
Fjölbreytni gróðurs	Mjög mikil	✓ Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Litaaufgi	Mjög mikil	✓ Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Blettastærð	Smágerð	✓ Lítil	Meðal	Mikil	Gróf
Hreyfing	Mjög mikil	Mikil	✓ Meðal	Lítill	Mjög lítill
Birtingarform vatns	Mjög mörg	Nokkuð mörg	✓ Meðal	Nokkuð fá	Eitt/ekkert

Meðaltal: 3,6

→ Niðurstaða/einkunn inn í gildismat: **4 – Mikill sjónrænn fjölbreytileiki**

Landslagsheild 4: Fellsströnd, dalir og sker

	5	4	3	2	1
Sjóndeildarhringur	Mjög fjölbr.	Nokkuð fjölbr.	✓ Miðlungs	Nokkuð fábr.	Mjög fábr.
Breytileiki í hæð	>1000 m	600-1000 m	✓ 300-600 m	100-300 m	0-100 m
Form og línur	Mjög mikið	Mikið	Meðal	✓ Lítið	Mjög lítið
Áferð	Hrjúf/úfin	Nokkuð hrjúf	✓ Meðal	Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
Fjölbreytni gróðurs	Mjög mikil	✓ Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Litaaufgi	Mjög mikil	Mikil	✓ Meðal	Lítill	Mjög lítill
Blettastærð	Smágerð	Lítill	✓ Meðal	Mikil	Gróf
Hreyfing	Mjög mikil	✓ Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Birtingarform vatns	Mjög mörg	Nokkuð mörg	✓ Meðal	Nokkuð fá	Eitt/ekkert

Meðaltal: 3,1

→ Niðurstaða/einkunn inn í gildismat: **3 – Miðlungs sjónrænn fjölbreytileiki**

Landslagsheild 5: Skarðsströnd og Saurbær við há fjöll

	5	4	3	2	1
Sjóndeildarhringur	Mjög fjölbr.	Nokkuð fjölbr.	✓ Miðlungs	Nokkuð fábr.	Mjög fábr.
Breytileiki í hæð	>1000 m	600-1000 m	✓ 300-600 m	100-300 m	0-100 m
Form og línur	Mjög mikið	✓ Mikið	Meðal	Lítið	Mjög lítið
Áferð	Hrjúf/úfin	✓ Nokkuð hrjúf	Meðal	Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
Fjölbreytni gróðurs	Mjög mikil	Mikil	✓ Meðal	Lítill	Mjög lítill
Litaaufgi	Mjög mikil	Mikil	✓ Meðal	Lítill	Mjög lítill
Blettastærð	Smágerð	✓ Lítil	Meðal	Mikil	Gróf
Hreyfing	Mjög mikil	Mikil	✓ Meðal	Lítill	Mjög lítill
Birtingarform vatns	Mjög mörg	Nokkuð mörg	Meðal	✓ Nokkuð fá	Eitt/ekkert

Meðaltal: 3,2

→ Niðurstaða/einkunn inn í gildismat: **3 – Miðlungs sjónrænn fjölbreytileiki**

Landslagsheild 6: Fjöll og víðerni á Klofningsnesi

	5	4	3	2	1
Sjóndeildarhringur	Mjög fjölbr.	Nokkuð fjölbr.	✓ Miðlungs	Nokkuð fábr.	Mjög fábr.
Breytileiki í hæð	>1000 m	600-1000 m	✓ 300-600 m	100-300 m	0-100 m
Form og línur	Mjög mikið	Mikið	Meðal	Lítið	✓ Mjög lítið
Áferð	Hrjúf/úfin	Nokkuð hrjúf	✓ Meðal	Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
Fjölbreytni gróðurs	Mjög mikil	Mikil	Meðal	✓ Lítil	Mjög lítil
Litaauðgi	Mjög mikil	Mikil	Meðal	✓ Lítil	Mjög lítil
Blettastærð	Smágerð	Lítill	Meðal	Mikil	✓ Gróf
Hreyfing	Mjög mikil	Mikil	✓ Meðal	Lítill	Mjög lítil
Birtingarform vatns	Mjög mörg	Nokkuð mörg	Meðal	✓ Nokkuð fá	Eitt/ekkert

Meðaltal: 2,2

→ Niðurstaða/einkunn inn í gildismat: **2 – Lítil sjónrænn fjölbreytileiki**

Landslagsheild 7: Dalir og fjöll norðan Gilsfjarðar

	5	4	3	2	1
Sjóndeildarhringur	Mjög fjölbr.	✓ Nokkuð fjölbr.	Meðlungs	Nokkuð fábr.	Mjög fábr.
Breytileiki í hæð	>1000 m	600-1000 m	✓ 300-600 m	100-300 m	0-100 m
Form og línur	Mjög mikið	Mikið	✓ Meðal	Lítið	Mjög lítið
Áferð	Hrjúf/úfin	✓ Nokkuð hrjúf	Meðal	Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
Fjölbreytni gróðurs	Mjög mikil	✓ Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítil
Litaauðgi	Mjög mikil	Mikil	✓ Meðal	Lítill	Mjög lítil
Blettastærð	Smágerð	Lítill	✓ Meðal	Mikil	Gróf
Hreyfing	Mjög mikil	Mikil	✓ Meðal	Lítill	Mjög lítil
Birtingarform vatns	Mjög mörg	✓ Nokkuð mörg	Meðal	Nokkuð fá	Eitt/ekkert

Meðaltal: 3,4

→ Niðurstaða/einkunn inn í gildismat: **3 – Miðlungs sjónrænn fjölbreytileiki**

Landslagsheild 8: Vesturströnd Húnaflóa með fjalllendi og dölum

	5	4	3	2	1
Sjóndeildarhringur	Mjög fjölbr.	Nokkuð fjölbr.	✓ Miðlungs	Nokkuð fábr.	Mjög fábr.
Breytileiki í hæð	>1000 m	600-1000 m	✓ 300-600 m	100-300 m	0-100 m
Form og línur	Mjög mikið	Mikið	Meðal	✓ Lítið	Mjög lítið
Áferð	Hrjúf/úfin	Nokkuð hrjúf	✓ Meðal	Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
Fjölbreytni gróðurs	Mjög mikil	Mikil	✓ Meðal	Lítill	Mjög lítil
Litaauðgi	Mjög mikil	Mikil	Meðal	✓ Lítil	Mjög lítil
Blettastærð	Smágerð	Lítill	✓ Meðal	Mikil	Gróf
Hreyfing	Mjög mikil	Mikil	Meðal	✓ Lítil	Mjög lítil
Birtingarform vatns	Mjög mörg	Nokkuð mörg	Meðal	✓ Nokkuð fá	Eitt/ekkert

Meðaltal: 2,6

→ Niðurstaða/einkunn inn í gildismat: **3 – Miðlungs sjónrænn fjölbreytileiki**

Landslagsheild 9: Laxárdalsheiði og víðerni

	5	4	3	2	1
Sjóndeildarhringur	Mjög fjölbr.	Nokkuð fjölbr.	Miðlungs	Nokkuð fábr.	Mjög fábr.
Breytileiki í hæð	>1000 m	600-1000 m	300-600 m	100-300 m	0-100 m
Form og línur	Mjög mikið	Mikið	Meðal	Lítið	Mjög lítið
Áferð	Hrjúf/úfin	Nokkuð hrjúf	Meðal	Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
Fjölbreytni gróðurs	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Litaauðgi	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Blettastærð	Smágerð	Lítill	Meðal	Mikil	Gróf
Hreyfing	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Birtingarform vatns	Mjög mörg	Nokkuð mörg	Meðal	Nokkuð fá	Eitt/ekkert

Meðaltal: 1,7

→ Niðurstaða/einkunn inn í gildismat: **2 – Lítill sjónrænn fjölbreytileiki**

Landslagsheild 10: Hrútafjörður og Miðfjörður

	5	4	3	2	1
Sjóndeildarhringur	Mjög fjölbr.	Nokkuð fjölbr.	Miðlungs	Nokkuð fábr.	Mjög fábr.
Breytileiki í hæð	>1000 m	600-1000 m	300-600 m	100-300 m	0-100 m
Form og línur	Mjög mikið	Mikið	Meðal	Lítið	Mjög lítið
Áferð	Hrjúf/úfin	Nokkuð hrjúf	Meðal	Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
Fjölbreytni gróðurs	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Litaauðgi	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Blettastærð	Smágerð	Lítill	Meðal	Mikil	Gróf
Hreyfing	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Birtingarform vatns	Mjög mörg	Nokkuð mörg	Meðal	Nokkuð fá	Eitt/ekkert

Meðaltal: 2,3

→ Niðurstaða/einkunn inn í gildismat: **2 – Lítill sjónrænn fjölbreytileiki**

Landslagsheild 11: Miðfjarðardalir

	5	4	3	2	1
Sjóndeildarhringur	Mjög fjölbr.	Nokkuð fjölbr.	Miðlungs	Nokkuð fábr.	Mjög fábr.
Breytileiki í hæð	>1000 m	600-1000 m	300-600 m	100-300 m	0-100 m
Form og línur	Mjög mikið	Mikið	Meðal	Lítið	Mjög lítið
Áferð	Hrjúf/úfin	Nokkuð hrjúf	Meðal	Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
Fjölbreytni gróðurs	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Litaauðgi	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Blettastærð	Smágerð	Lítill	Meðal	Mikil	Gróf
Hreyfing	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Birtingarform vatns	Mjög mörg	Nokkuð mörg	Meðal	Nokkuð fá	Eitt/ekkert

Meðaltal: 2,4

→ Niðurstaða/einkunn inn í gildismat: **2 – Lítill sjónrænn fjölbreytileiki**

Landslagsheild 12: Holtavörðuheidi og Arnarvatnsheidi

	5	4	3	2	1
Sjóndeildarhringur	Mjög fjölbr.	Nokkuð fjölbr.	Miðlungs	Nokkuð fábr.	Mjög fábr.
Breytileiki í hæð	>1000 m	600-1000 m	300-600 m	100-300 m	0-100 m
Form og línur	Mjög mikið	Mikið	Meðal	Lítið	Mjög lítið
Áferð	Hrjúf/úfin	Nokkuð hrjúf	Meðal	Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
Fjölbreytni gróðurs	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Litaaúði	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Blettastærð	Smágerð	Lítill	Meðal	Mikil	Gróf
Hreyfing	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Birtingarform vatns	Mjög mörg	Nokkuð mörg	Meðal	Nokkuð fá	Eitt/ekkert

Meðaltal: 1,3

→ Niðurstaða/einkunn inn í gildismat: **1 – Mjög lítill sjónrænn fjölbreytileiki**

Landslagsheild 13: Uppsveitir Borgarfjarðar

	5	4	3	2	1
Sjóndeildarhringur	Mjög fjölbr.	Nokkuð fjölbr.	Miðlungs	Nokkuð fábr.	Mjög fábr.
Breytileiki í hæð	>1000 m	600-1000 m	300-600 m	100-300 m	0-100 m
Form og línur	Mjög mikið	Mikið	Meðal	Lítið	Mjög lítið
Áferð	Hrjúf/úfin	Nokkuð hrjúf	Meðal	Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
Fjölbreytni gróðurs	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Litaaúði	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Blettastærð	Smágerð	Lítill	Meðal	Mikil	Gróf
Hreyfing	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Birtingarform vatns	Mjög mörg	Nokkuð mörg	Meðal	Nokkuð fá	Eitt/ekkert

Meðaltal: 3,1

→ Niðurstaða/einkunn inn í gildismat: **3 – Miðlungs sjónrænn fjölbreytileiki**

Landslagsheild 14: Fjallendi og inndalir austan Snæfellsness

	5	4	3	2	1
Sjóndeildarhringur	Mjög fjölbr.	Nokkuð fjölbr.	Miðlungs	Nokkuð fábr.	Mjög fábr.
Breytileiki í hæð	>1000 m	600-1000 m	300-600 m	100-300 m	0-100 m
Form og línur	Mjög mikið	Mikið	Meðal	Lítið	Mjög lítið
Áferð	Hrjúf/úfin	Nokkuð hrjúf	Meðal	Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
Fjölbreytni gróðurs	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Litaaúði	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Blettastærð	Smágerð	Lítill	Meðal	Mikil	Gróf
Hreyfing	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Birtingarform vatns	Mjög mörg	Nokkuð mörg	Meðal	Nokkuð fá	Eitt/ekkert

Meðaltal: 4,1

→ Niðurstaða/einkunn inn í gildismat: **4 – Mikill sjónrænn fjölbreytileiki**

Landslagsheild 15: Skógarströnd við sunnanverðan Hvammsfjörð

	5	4	3	2	1
Sjóndeildarhringur	Mjög fjölbr.	Nokkuð fjölbr.	Miðlungs	✓ Nokkuð fábr.	Mjög fábr.
Breytileiki í hæð	>1000 m	600-1000 m	300-600 m	✓ 100-300 m	0-100 m
Form og línur	Mjög mikið	Mikið	Meðal	✓ Lítið	Mjög lítið
Áferð	Hrjúf/úfin	Nokkuð hrjúf	Meðal	✓ Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
Fjölbreytni gróðurs	Mjög mikil	✓ Mikil	Meðal	Lítill	Mjög lítill
Litaauðgi	Mjög mikil	Mikil	Meðal	✓ Lítill	Mjög lítill
Blettastærð	Smágerð	Lítill	Meðal	Mikil	✓ Gróf
Hreyfing	Mjög mikil	Mikil	Meðal	✓ Lítill	Mjög lítill
Birtingarform vatns	Mjög mörg	✓ Nokkuð mörg	Meðal	Nokkuð fá	Eitt/ekkert

Meðaltal: 2,3

→ Niðurstaða/einkunn inn í gildismat: **2 – Lítill sjónrænn fjölbreytileiki**